SUNNUDAGSVIÐTAL:

DRAUMURINN RÆTTIST

Ólöf María Jónsdóttir er eini íslenski kylfingurinn sem hefur atvinnu af íþrótt sinni. Hún líkir atvinnumennskunni við langþráðan draum sem loksins hafi ræst á þessu ári.

ÍÞRÓTTIR 28

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

19. júní 2005 - 164. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Fréttasími: 821 7556

SUNNUDAGUR

Kirkjuvörður í Skálholti

Manni stóð ekki alveg sama þarna efst í turninum. Það gat orðið hálfdraugalegt þarna á kvöldin.

FYRSTA STARFIÐ 12

Sjálfsmynd þjóðanna

Þjóðin þekkir vart annað en áhlaupsvinnu og arfleifð hennar byggir öðru fremur á vertíðarmennsku. Þegar efni gefast eyðir hún miklu, þess á milli tekur hún lán.

TÍÐARANDINN 8

Sveit í bæ

Ekkert raskar sveitasælunni í Leirvogstungu. Ábúendur eru ekki dæmigert fjósafólk fortíðar í klæðaburði né fasi, heldur hestamenn í húð og hár.

VIÐTAL 22-23

Situr fyrir í Suður-Kóreu

Tinna Bergsdóttir er tvítug Hafnarfjarðarmær og ung fyrirsæta á uppleið. Hún er tiltölulega nýkomin frá New York en nú er stefnan sett á Suður-Kóreu.

FYRIRSÆTA 24

VEÐRIÐ Í DAG

VÍÐA VÆTA Í DAG Nokkuð stíf norðaustan átt og rigning víða um land, síst þó norðvestan til. Lægir víðast síðdegis eða í kvöld. Hiti 6-16 stig, hlýjast sunnan til.

VEÐUR 4



Þjóðhátíð í skugga slysa

Umferðin tók sinn toll þessa þjóðhátíðarhelgi. Tveir ungir menn eru látnir og tveir aðrir liggja þungt haldnir á sjúkrahúsi. Lögreglan segir marga bílstjóra hafa sýnt stórkostlegt gáleysi á vegunum enda voru margir stöðvaðir fyrir umferðarlagabrot.

UMFERÐIN Þjóðhátíð var haldin í skugga umferðarslysa þetta árið. Tveir unglingspiltar biðu bana í slysi norður í landi á fimmtudagskvöld og félagi þeirra liggur sofandi í öndunarvél á sjúkrahúsi. Þá slasaðist maður alvarlega í bílveltu í Borgarfirði að kvöldi þjóðhátíðardagsins.

Lögreglan hefur þurft að stöðva tugi ökumanna víða um land fyrir of hraðan akstur og fyrir að aka undir áhrifum áfengis. Aðalvarðstjóri á lögreglustöðinni í Reykjavík ítrekar fyrir fólki að aka ekki yfir hámarkshraða og mun lögreglan í Reykjavík og nágrenni taka á móti ferðalöngum með hertri gæslu umhverfis höfuðborgarsvæðið í dag.

Alvarleg bílvelta varð í Öxnadal aðfaranótt föstudags þar sem tveir ungir menn létust. Tveir aðrir unglingspiltar voru í bílnum og liggur annar þeirra þungt haldinn á gjörgæslu og er haldið sofandi í öndunarvél á Landspítala-háskólasjúkrahúsi. Hinn var útskrifaður af Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri í gær.

Þá slasaðist maður mikið í bílveltu sem varð á miðnættti á föstudagskvöld við bæinn Varmalæk í Borgarfirði. Hann fór í aðgerð á laugardag og er líðan hans stöðug þar sem hann liggur á gjörgæslu á Landspítala-háskólasjúkrahúsi.

Á Akureyri voru tuttugu ökumenn teknir fyrir of hraðan akstur á aðeins sjö klukkustunda tímabili. „Við höfum mikið þurft að sinna umferðarmálum," sagði lögreglukona sem var á vakt á Akureyri.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

VAKANDI AUGA LÖGREGLUNNAR Talsvert hefur verið um hraðakstur um allt land að sögn lögreglunnar. Jafnframt hafa margir ökumenn freistast til að setjast undir stýri eftir að hafa neytt áfengis. Formaður umferðarráðs segir umhugsunarefni að fólk haldi áfram að aka hratt og óvarlega þrátt fyrir að banaslys verði.

Á Reykjanesbraut voru nokkrir ökumenn teknir fyrir ofsahraða. „Hér hefur verið mikið annríki," sagði lögreglumaður á Keflavíkurflugvelli. „Ökumenn eru ekki að passa sig. Við höfum tekið þrjá fyrir ölvunarakstur og tólf fyrir of hraðan akstur síðan á föstudag," sagði hann um hádegisbil á laugardag.

„Þetta er hörmulegt og mér finnst það umhugsunarefni að fólk virðist halda áfram að aka mjög hratt og óvarlega í kjölfar svona slysa. Ég skil ekki hvernig það getur viðgengist þegar við höfum fengið svona skilaboð sem eru þyngri en tárum tekur að við látum okkur ekki segjast. Yfirleitt er þetta aðeins ímyndaður tímaskortur og ökumenn eru bara að flýta sér til að flýta sér," segir Óli H. Þórðarson, formaður umferðarráðs.

Sjá síðu 4 -sk

Andstaða við réttindi samkynhneigðra:

Hálf milljón í mótmælagöngu

MADRÍD, AP Nokkur hundruð þúsund manns, undir forystu tuttugu rómversk-kaþólskra biskupa og íhaldssamra andspyrnuleiðtoga, fylltu miðborg Madrídar á laugardag í mótmælum gegn frumvarpi um lögleiðingu hjónabands samkynhneigðra og réttar þeirra til ættleiðinga.

Hálftíma eftir að mótmælin hófust héldu skipuleggjendur því fram að ein og hálf milljón manna hefði verið viðstödd. Fjölmiðlum sem voru á staðnum fannst það heldur óvarlega áætlað og töldu hópinn hafa verið nær því að vera fimmhundruð þúsund manns. Þrátt fyrir þessa miklu þátttöku sýna skoðanakannanir að meirihluti Spánverja styður frumvarpið. Varaforsætisráðherra ríkisstjórnar landsins, Maria Teresa Fernandez de la Vega, varði lögin og sakaði mótmælendur um fordóma. „Nýju lögin skylda engan til að gera eitthvað sem hann vill ekki gera," sagði hún og bætti við að andstæðingar samkynhneigðra vildu neita öðrum um réttindi sem þeir hefðu sjálfir.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

KRÖFTUG MÓTMÆLI Talið er að um hálf milljón manna hafi mætt í miðborg Madrídar.

Gert er ráð fyrir að frumvarpið verði að lögum innan nokkurra vikna. Þegar er búið að samþykkja það í neðri deild þingsins og kosið verður um það í næstu viku í efri deildinni.

19.júní er í dag:

Fundað á Þingvöllum

HÁTÍÐARHÖLD Mikil hátíðarhöld verða á Þingvöllum í dag til að fagna því að 90 ár eru liðin frá því að konungur Danmerkur skrifaði undir lög þess efnis að íslenskar konur, 40 ára og eldri, skyldu fá að kjósa til Alþingis og bjóða sig fram sem fulltrúar þess.

7. júlí 1915 fóru svo konur í hátíðargöngu í Reykjavík. Aldrei fyrr höfðu jafn margir safnast saman í Reykjavík en þá var sumarþing Alþingis sett. Þingheimur hrópaði þá þrefalt húrra fyrir konum, í fyrsta og eina skipti sem það var gert.

Frú Vigdís Finnbogadóttir mun halda hátíðarávarp, auk þess sem má heyra lúðrablástur og söng. Margt fleira verður svo til gamans gert.

Árni Magnússon félagsmálaráðherra fær afhenta fundargerð Þingvallafundar og mun hann við það tækifæri kynna nýtt átak félagsmálaráðuneytis gegn launamun kynjanna í starfi hjá ríkinu.

Sjá síðu 18-19

– ss

SPURNING DAGSINS

Mæla læknar gegn því að fólk hlýði á ræðu forsætisráðherra?

„Það virðist ekki vera nema fyrir heilsuhrausta menn en almennt er ekki mælt með því á fastandi maga.“

Fimm manns féllu í öngvit undir þjóðhátíðarræðu Halldórs Ásgrímssonar á Austurvelli. Dagur B. Eggertsson, borgarfulltrúi og læknir, hlúði að nokkrum þeirra.

Hlutur fjölskyldu forsætisráðherra í Skinney-Þinganesi:

Halldór skýrði ekki frá öllum hlutnum

EINKAVÆÐING Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra skýrði frá því á blaðamannafundi þriðjudaginn 13. júní, þegar hann kynnti niðurstöður úr skýrslu ríkisendurskoðanda um hæfi Halldórs í bankasölumálinu, að hann og fjölskylda hans hefðu átt fjórðungshlut í Skinney-Þinganesi haustið 2002.

Á fimmtudaginn kom fram á fundi fjárlaganefndar að Halldór og fjölskylda hans ættu samtals rúmlega þriðjungshlut í Skinney-Þinganesi, eða 34 prósent.

Það er níu prósentum stærri hlutur í Skinney-Þinganesi en Halldór hafði skýrt frá opinberlega því fjölskylda hans á einnig helmingshlut í Ketillaugu ehf. sem átti um 18 prósenta hlut í Skinney-þinganesi. Eignarhlutur fjölskyldu Halldórs í Ketillaugu samsvara því níu prósenta hlut í Skinney-Þinganesi til viðbótar við 25 prósenta hlutinn sem Halldór hefur þegar skýrt frá.

Í skýrslu ríkisendurskoðanda kom fram að Halldór og fjölskylda hans ættu 25 prósenta hlut í Skinney-Þinganesi. Ekki var minnst á hlut þeirra í Ketillaugu.

Orðrétt sagði Halldór á blaðamannafundinum síðastliðinn mánudag: „Eignarhlutir mínir [í Skinney-Þinganesi] og þeirra sem eru skyldir mér eru rétt um það bil 1/4, eða liðlega 25 prósent.“

- sda



HALLDÓR ÁSGRÍMSSON Á BLAÐAMANNAFUNDINUM SÍÐASTLIÐINN MÁNUDAG. Þar sagði hann að hann og fjölskylda hans ættu 25 prósenta hlut í Skinney-Þinganesi.

Erill hjá lögreglunni:

Ólæti á Akureyri

LÖGREGLUMÁL Fangageymslur voru fullar á Akureyri aðfaranótt laugardags. Mikill hasar var í bænum, töluvert um hópamyndanir og slagsmál. Nóttin var viðburðaríkt hjá lögreglunni, ölvun var veruleg en þó voru engin stórmál á ferð. Umferðin gekk heldur ekki áfallalaust fyrir sig og margir voru stöðvaðir fyrir of hraðan akstur. Mikill fjöldi ferðamanna var á Akureyri og hluti þeirra í tenglsum við Bíladaga sem haldnir eru samfara þjóhátíð. Lögreglan segir að umfang hátíðahaldanna hafi verið að aukast ár frá ári og erillinn samfara því. ■

MARK FELT ÁSAMT DÓTTUR SINNI Hér veifar Felt ljósmyndurum skömmu eftir að hann upplýsti að hann væri hinn eini sanni „Deep Throat“.

Deep Throat:

Bíómynd og bók í bígerð

SAN FRANCISCO, AP Mark Felt, maðurinn sem nýverið gekkst við því að vera hinn svokallaði „Deep Throat“ í Watergatemálinu, hefur nú selt Public Affairs útgáfufyrirtækinu réttinn að ævisögu sinni og kvikmynd um líf sitt. Felt, sem er 91 árs gamall, þarf ekki að bíða sérlega lengi eftir því að sjá bókina en áætlað er að hún komi út í febrúar á næsta ári.

Eitthvað gæti hann þó þurft að bíða lengur eftir bíómyndinni en nú þegar hafa nokkur kvikmyndafyrirtæki sýnt því áhuga að framleiða hana. ■

LÖGREGLUFRÉTTIR

ÁREKSTUR Í VESTFJARÐAGÖNGUM Þriggja bíla árekstur varð í Vestfjarðagöngum rétt fyrir klukkan fimm í gær. Töluverð umferð var í göngunum og myndaðist röð við útskot á kafla þar sem göngin eru einbreið. Ekið var aftan á aftasta bílinn í röðinni sem fór þá aftan á næsta bíl. Engin meiðsl urðu á fólki.

SLÖKKVILIÐIÐ

ELDUR Í GUFUBAÐINU Eldur kviknaði í húsi við Unnarbraut á Seltjarnarnesi síðdegis í gær. Eldurinn kom upp í gufubaði sem var notað fyrir geymslu, en einhvern veginn hafði kviknað á gufuofninum. Ekki var mikið bál en töluverður reykur var og fóru þrír reykkafarar í að slökkva eldinn.

Þjóðhátíðin:

Rólegt í höfuðborginni

ÞJÓÐHÁTÍÐ 17. júní var tiltölulega rólegur fyrir lögregluna í Reykjavík. Óvenjulítið var um skemmtanahald og þurfti lögreglan ekki að hafa nein afskipti af ölvun unglinga. Tilkynnt var um fjórar minniháttar líkamsárásir og fjórir voru teknir fyrir ölvun við akstur. „Við vorum heppnir hér í Reykjavík, aðeins fimm gistu fangageymslur og það segir eiginlega alla söguna,“ sagði Haukur Ásmundsson aðalvarðstjóri. Töluverð ölvun var hins vegar í miðbæ Reykjavíkur aðfaranótt föstudags. ■

JÓN KRISTJÁNSSON Heilbrigðisráðherra segir það ekki koma á óvart að stærsta ráðuneytið fari mest fram úr fjárlögum í krónum talið.

GUÐNI ÁGÚSTSSON Í landbúnaðarráðuneytinu búast menn við að skólarnir fari aftur fram úr fjárlögum

Ráðherrar útiloka ekki frekari framúrkeyrslu

Landbúnaðar- og heilbrigðisráðuneytin gætu aftur farið fram úr fjárlögum á þessu ári. Landbúnaðarráðuneytið fór hlutfallslega mest fram úr en heilbrigðsráðuneytið mest í krónum talið.

EFNAHAGSMÁL Í heilbrigðisráðuneytinu vonast menn til að vera nærri núllinu á þessu ári en í landbúnaðarráðuneytinu hafa menn ekki komist fyrir vanda skólanna þótt rekstur þeirra horfi betur við.

„Það er takmark okkar að vera innan fjárlaga,“ segir Jón Kristjánsson, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um framúrkeyrslu undir hans ráðuneyti á fjárlagaárinu 2004. „Við reynum eftir megni af hafa eftirlit með okkar stofnunum. En oft koma upp óvænt útgjöld sem ekki er hægt að komast hjá, sérstaklega hjá heilbrigðisstofnunum sem taka á móti bráðatilvikum.“ Jón segir það eðlilegt að ráðuneyti sem veltir 25 milljörðum sé hæst í krónutölum og bendir á að þrátt fyrir mikinn umframkostnað hjá Landsspítala-Háskólasjúkrahúsi sé það samt innan fjögurra prósenta markanna. Hann segir einnig að ástandið sé mun betra hjá heilbrigðisráðuneytinu í dag en fyrir nokkrum árum.

Jón vildi ekki lofa því að ráðuneytið yrði innan ramma fjárlaga á þessu fjárlagaári, en hann var vongóður um að það yrði nærri núllinu ef ekkert óvænt kæmi upp á.

„Við erum nánast með þessa skóla í gjörgæslu,“ segir Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra um framúrkeyrslu Hólaskóla og Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri. Hann segir eftirspurn eftir menntun hafa aukist stórlega síðustu ár og það gilti líka um þessa skóla. „Það er mikil spenna hjá stjórnendum þessara skóla að verða við þessu kalli nemenda.“ Einnig sagði Guðni að um uppsafnaðan vanda síðustu ára væri að ræða.

Yfirdýralæknir, sem heyrir undir fjármálaráðuneytið, fór einnig töluvert fram úr fjárlögum. Ingimar Jóhannsson, fjármálastjóri landbúnaðarráðuneytisins, skýrir það sem uppsafnaðan vanda síðustu ára vegna gjaldþrota sláturhúsa, en þau greiða yfirdýralækni fyrir eftirlit með slátrun. Ingimar segir einnig að Hólaskóli hafi farið út í tilraunaverkefni tengd fiskeldi sem hann réði ekki við. Þá sagði hann kostnaðinn við að breyta Hvanneyri í háskóla hafa verið vanmetinn og að þar hafi menn heldur ekki gætt að sér og hafi of mörg járn í eldinum miðað við fjárveitingar.

Ingimar átti von á því að skólarnir myndu aftur fara fram úr fjárlögum í ár. „En menn eru byrjaðir að bremsa þótt þeir hafi ekki enn numið staðar.“

grs@frettabladid.is

Darfur-deilan hugsanlega að leysast:

Sögulegt samkomulag undirritað

KAÍRO, AP . Súdönsk yfirvöld skrifuðu undir sáttasamning við ein stærstu andspyrnusamtök landsins, Lýðræðisbandalagið, í gær. Það var gert í viðleitni til að enda sextán ára átök í landinu og vonast stjórnin til að það muni stuðla að lausn þeirra blóðugu deilna sem hafa átt sér stað í Darfur. Samningurinn, sem unnið hefur verið að í eitt ár, tók þó ekki á tveimur umdeildum málum, það er því hversu stórt hlutverk Lýðræðisbandalagið muni skipa í ríkisstjórninni og að hvaða leyti her bandalagsins muni renna saman við súdanska herinn.

„Við höfum sameinað markmið okkar til að bæta súdönsku þjóðinni upp allt sem hún hefur farið á mis við á tímum átakanna,“ sagði Omar el-Bashir, forseti Súdans.

Lýðræðisbandalagið er regnhlífarsamtök þrettán stjórnmálaflokka.

Þessir flokkar hafa reynt að losa um tök el-Bashir á völdum í landinu síðan hann gerði herforingjabyltingu þar árið 1989.

Mirghani, yfirmaður Lýðræðisbandalagsins, Taha, varaforseti Súdans, og Garand, leiðtogi Súdanska frelsishersins, hittust svo aftur seint í gærkvöld til að reyna að leysa önnur mál. Þeir segjast allir vonast til að sáttin muni hjálpa til við að binda enda á blóðbaðið sem hefur viðgengist í vesturhluta Darfur þar sem að minnsta kosti 180 þúsund manns hafa látið lífið og tveimur milljónum hefur verið misþyrmt. ■

SVEÐRIN SLÍÐRUÐ Ali Osman Taha, varaforseti Súdans, til hægri, brosti breitt eftir undirritun samningsins við Lýðræðisbandalagið sem Mohammed Osman Mirghani, til vinstri, stýrir.

Kalos SE
kr. 1.199.000,-

Lacetti Sport
kr. 1.499.000,-

Lacetti cdx
kr. 1.599.000,-

Lacetti cdx Station
kr. 1.699.000,-

Tacuma cdx
kr. 1.689.000,-

Evanda Executive
kr. 2.399.000,-

Chevrolet gæði, frábært verð!

Við kynnum Chevrolet Lacetti Sport, veglegan og einstaklega vel búinn bíl á frábæru verði.

Staðalbúnaður innifelur m.a:

- 1,8 ltr. 122 hestafla vél
- Regnskynjara á framrúðu
- TCS veggrips-stýringu
- Spólvörn
- þokuljós
- Hljómtækjastillir á stýrishjóli
- Rafknúnar rúðuvindur framan og aftan
- Rafknúnir útispeglar
- Leðurklætt velti- og aðdráttarstýri
- 15" felgur og m.fl.
- Hljómtæki með útvarpi og 5 diska geislaspilara ásamt 8 hátölurum.

SUMARAUKI!

Amerískt Weber ferðagasgrill fylgir öllum Chevrolet.

Allt þetta fyrir aðeins **kr. 1.499.000,-**

kr. 1.689.000 sjálfskiptur.

hausverk / SÍA

Komdu, skoðaðu og reynsluaktu Chevrolet Lacetti.
Opið virka daga 09 - 18. Laugardaga 12 - 16.

Bílabúð Benna • Vagnhöfða 23 • Sími 590 2000 • www.benni.is

CHEVROLET

GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 16.06.2005

		KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	USD	64,95	65,27
Sterlingspund	GBP	118,39	118,97
Evra	EUR	78,73	79,17
Dönsk króna	DKK	10,58	10,64
Norsk króna	NOK	10,01	10,06
Sænsk króna	SEK	8,50	8,55
Japanskt jen	JPY	0,60	0,60
SDR	XDR	95,13	95,69

Gengisvísitala krónunnar

110,95 -1,23%

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Umferðarslysið í Öxnadal aðfaranótt þjóðhátíðardagsins:

Enn haldið sofandi í öndunarvél

SLYS Einn unglingspiltanna úr slysinu sem varð í Öxnadal á þjóðhátíðardaginn liggur enn þungt haldinn á gjörgæsludeild Landsspítala-Háskólasjúkrahúss í Fossvogi en þangað var flogið með hann í gær í sjúkraflugi. Honum er haldið sofandi í öndunarvél.

Tveir létust í umferðarslysinu, en sá fjórði var útskrifaður af slysadeild Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri í gær. Hann er viðbeinsbrotinn og með minniháttar áverka á ýmsum stöðum.

Drengirnir sem létust í slysinu hétu Sigurður Ragnar Arnbjörnsson, 18 ára, til heimilis að Kirkjuvegi 18 í Reykjanesbæ, og Þórarinn Samúel Guðmundsson, 15 ára, til heimilis að Lindartúni 23 í Garði.

SIGURÐUR RAGNAR ARNBJÖRNSSON

ÞÓRARINN SAMÚEL GUÐMUNDSSON

Rangt var farið með föðurnafn Sigurðar í blaðinu í gærmorgun og eru ættingjar hans og vinir beðnir innilegrar velvirðingar á mistökunum.

Hátíðarhöldum í tilefni þjóðhátíðardagsins var frestað í Garðinum vegna þessa hörmulega slyss.

Tildrög slyssins eru enn í rannsókn hjá lögreglunni á Akureyri. Ekkert nýtt er að frétta af rannsókninni. Engin vitni voru að slysinu.

- grs

Háhraðaflugvél:

Ný kynslóð Concorde

FRAKKLAND Frakkar og Japanir hafa hafið samstarf um þróun á nýrri háhraðaþotu sem gæti tekið við hlutverki Concorde-þotanna sem lagt var fyrir fullt og allt í fyrra. Fyrirtæki frá báðum löndum hafa skuldbundið sig til að verja samtals 1,84 milljónum Bandaríkjadala árlega næstu þrjú ár til að þróa hugmyndina.

Japanir hafa gert árángursríkar tilraunir með þotuhreyfil sem ætti að geta náð allt að fimmföldum hraða hljóðsins en Concorde flaug á ríflega tvöföldum hljóðhraða. Það sem varð Concorde að falli var há bilanatíðni og gríðarlegur eldsneytiskostnaður. ■

FLAGGAÐ Á LJÓSASTAUR Hér sést hvar íslenska fánanum er flaggað á ljósastaur við Kárahnúka á Þjóðhátíðardeginum.

Kárahnúkar á 17. júní:

Flaggað á ljósastaur

FÁNINN Íslenski fáninn var dreginn upp á ljósastaur utan við skála á Kárahnúkum í tilefni þjóðhátíðar í fyrradag.

„Þeir hafa greinilega ekki haft fánastöng á Kárahnúkum," segir Margrét Tómasdóttir skátahöfðingi um þessa óhefðbundnu flöggun. „Það er ætlast til þess að fáninn sé dreginn upp að húni."

Samkvæmt fánalögum ber mönnum að draga fánann upp á fánastöng. „Þeir verða sér vonandi úti um hana fyrir næsta fánadag," segir Margrét. ■

LÖGREGLUFRÉTTIR

ERILSAMT HJÁ LÖGREGLUNNI Í BORGARNESI Lögreglan í Borgarnesi hafði í nógu að snúast um helgina og á hádegi á laugardag hafði hún tekið tíu fyrir of hraðan akstur og einn fyrir ölvunarakstur. Ein bílvelta varð rétt fyrir utan Borgarnes klukkan sex á laugardagsmorgun og er ökumaðurinn einnig grunaður um ölvun við akstur.

ÁREKSTUR Á AKUREYRI Árekstur varð á gatnamótum Dalsbrautar og Þingvallastrætis á Akureyri eftir hádegi á laugardag. Árekstur olli töluverðu eignatjóni en allir sluppu ómeiddir. Mikið hefur mætt á lögreglunni á Akureyri um helgina en lögreglan á Dalvík hefur lagt henni lið.

Erfiðustu tímar í sögu Evrópusambandsins

Leiðtogafundi Evrópusambandsins lauk í gær án þess að nokkur sátt næðist um stefnu þess. Leiðtogarnir áttu bágt með að dylja vonbrigði sín og gremju að fundinum loknum.

BRUSSEL, AP Evrópusambandið er komið í einhverja verstu tilvistarkreppu sögu sinnar eftir að leiðtogafundur sambandsins í Brussel fór gjörsamlega út um þúfur. Hvorki náðist sátt um fjárlög sambandsins né það hvernig bjarga mætti stjórnarskrársáttmálanum.

Fundir stóðu linnulaust yfir alla fyrrinótt hjá leiðtogunum en þegar eldaði af degi var ljóst að ekkert hafði miðað áfram í samkomulagsátt. Menn gerðu litla tilraun til að leyna gremju sinni og vonbrigðum. Jean Claude Juncker, forsætisráðherra Lúxemborgar sem situr í forsæti ráðherraráðs ESB til mánaðarloka, ræddi við blaðamenn áður en hann hélt til Bandaríkjanna og Kanada til viðræðna við þarlenda ráðamenn. „Nú fer ég vestur um haf þar sem ég fæ þann heiður að kynna þeim hversu samhent og öflug Evrópa er á alþjóðavettvangi," sagði hann í hæðnistón. Hann bætti því við að á næstu vikum myndu embættismenn greina frá því að ESB „væri ekki í kreppu heldur í mjög alvarlegri kreppu."

„Þetta eru einhverjir mestu erfiðleikar sem Evrópusambandið hefur komist í," sagði Gerhard Schröder Þýskalandskanslari eftir fundinn í gær. Í svipaðan streng tók Dominic de Villepin, forsætisráðherra Frakklands, sem sagði á fundi í París, að nú stæðu yfir erfiðustu tímar í sögu sambandsins.

Mestur tími leiðtoganna fór í að skattyrðast um fjárlög sambandsins fyrir árin 2007-2013. Bretar hafa ekki viljað gefa eftir afslátt sinn af fjárlögunum nema að heildarendurskoðun á landbúnaðarstefnu sambandsins fari fram en það hafa Frakkar og Þjóðverjar ekki tekið í mál. Jack Straw, utanríkisráðherra Bretlands, varaði við að Evrópusambandið festist í fortíðinni og sagði að minnsta kosti fjórar aðrar þjóðir styðja Breta.

Jafnframt hafði verið áformað að ræða um mögulegar björgunaraðgerðir á stjórnarskrársáttmálanum en engar tillögur voru samþykktar í þeim efnum.

Bretar taka við formennsku í ráðherraráðinu 1. júlí og aðspurður hvort Tony Blair, forsætisráðherra Breta, myndi ná að höggva á hnútinn í formennskutíð sinni sagði Juncker einfaldlega nei.

sveinng@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

HVERT STEFNUM VIÐ? Leiðtogar Evrópusambandsríkjanna hafa ólíkar hugmyndir um hlutverk og stefnu sambandsins. Silvio Berlusconi, forsætisráðherra Ítalíu, virðist reyndar ekki bera sérstakan kvíðboga yfir stöðunni.

ALLT Í HNÚT Jean Claude Juncker, forsætisráðherra Lúxemborgar, var afar vonsvikinn

AUSTURVER Mennirnir tveir ógnuðu starfsfólki apóteksins með sprautunálum og hlupu á brott með stolin lyf.

Vopnað rán:

Ógnað með sprautunálum

RÁN Vopnað rán var framið í Lyfjum og heilsu í Austurveri í fyrrakvöld. Tveir menn gengu inn í apótekið og otuðu sprautunálum að starfsfólki. Þeir ruddust svo inn fyrir afgreiðsluborðið og hrifsuðu með sér eitthvað af lyfjum áður en þeir hlupu á brott. Afbrotamennirnir reyndu ekki að ná peningum úr peningakössum. Ránið gekk hratt yfir en starfsfólki var að vonum brugðið þótt enginn þyrfti áfallahjálp. Guðmundur Örn Guðmundsson, yfirlyfjafræðingur í Lyfjum og heilsu, sagði að fjárhagstjón hefði verið óverulegt Hann var sjálfur ekki á staðnum en var kallaður út til að fara yfir myndbandsupptökur af atburðinum. Lögreglan rannsakar nú málið en þar á bæ töldu menn líklegt að ræningjarnir næðust fljótlega. ■

BANDARÍKIN

JARÐSKJÁLFTAR Í KALIFORNÍU Fjórir allstórir jarðskjálftar hafa riðið yfir í Kaliforníu á undanförnum dögum. Einn hefur meiðst í skjálftunum en að öðru leyti hafa þeir verið mannskaðalausir. Jarðskjálfti sem skók Los Angeles í fyrradag mældist 4,9 stig á Richter-kvarða og gerði mörgum bilt við.

VEÐRIÐ Í DAG

VEÐRIÐ Í ANNAN GÍR
Dagurinn í dag verður býsna ólíkur því sem verið hefur sunnan og vestan til. Stíf norðaustan átt fram eftir degi með rigningu og síðar skúrum er á matseðlinum í veðurkortunum. Það dregur reyndar úr vindi og úrkomu síðdegis eða í kvöld en þó er að sjá sem hann blási norðvestan til á landinu nokkuð ákveðið í allan dag og kvöld.

GOTT FYRIR GRÓÐURINN
Þessi úrkoma er kærkomin fyrir gróðurinn sem víða er orðinn skorpinn af þurrki !!

Kveðja, Sigurður Ragnarsson, veðurfræðingur

Um hádegi



Á morgun



Strekkingur norðvestan til annars mun hægari. Kólnandi veður.

Þriðjudagur



Yfirlitt hægur vindur.

Veðurhorfur í borgum í dag

Kaupmannahöfn	19°C	heiðskírt	París	3 0°C	hálfskýjað	Alicante	29°C	heiðskírt
Osló	25°C	hálfskýjað	Berlín	24°C	heiðskírt	Milano	30°C	hálfskýjað
Stokkhólmur	23°C	hálfskýjað	Frankfurt	28°C	léttskýjað	New York	23°C	hálfskýjað
Helsinki	19°C	hálfskýjað	Madrid	34°C	heiðskírt	San Francisco	20°C	léttskýjað
London	28°C	hálfskýjað	Barcelona	28°C	heiðskírt	Orlando/Florida	32°C	hálfskýjað

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS ICE 28387 05/2005

NÝJUNG FYRIR HANDHAFA VILDARKORTS VISA OG ICELANDAIR

HVAÐ ÁTT ÞÚ MARGA VILDAR-PUNKTA?

PUNKTAÐU NIÐUR FERÐALAGIÐ

Nú bjóðast fleiri tækifæri fyrir handhafa Vildarkorts VISA og Icelandair til þess að nota Vildarpunktana sína þegar ferðast er til útlanda.

Nú getur þú notað **10.000 Vildarpunkta** sem **5.400 kr.** greiðslu upp í hvaða fargjald sem er, fyrir hvern sem er og hvenær sem er. Fáðu frekari upplýsingar eða bókaðu næstu ferð á www.vildarklubbur.is og punktaðu ferðina niður um 5.400 kr.

ERT ÞÚ AÐ SAFNA RÉTTUM PUNKTUM?

Gildir til 15. júlí 2005.



VISA

ICELANDAIR Vildarklúbbur

KJÖRKASSINN

Á að veita fólki fálkaorðu fyrir vel unnin störf?

Niðurstöður gærdagsins á visir.is

Já	40,7%
Nei	59,3%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Er kominn tími á endurskoðun stjórnsýslunnar?

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

Önnur umferð í forsetakosningunum í Íran verður í vikunni:

Rafsanjani fékk flest atkvæði

TEHERAN, AP Enginn frambjóðendanna í írönsku forsetakosningunum fékk hreinan meirihluta og því verður að kjósa aftur á milli þeirra tveggja efstu á föstudaginn kemur. Þetta er í fyrsta sinn í íranskri stjórnmálasögu sem það gerist

Kjörsókn í fyrradag var með svo miklum ágætum að kjörstaðir voru opnir mun lengur en ráð var fyrir gert. Í sumum héruðum var kjörsóknin allt að áttatíu prósentum, í öðrum var hún örlitlu minni.

Fyrirfram hafði verið búist við að Hashemi Rafsanjani, fyrrverandi forseti, fengi flest atkvæði og þegar talið hafði verið upp úr kössum hafði það einmitt komið á daginn. Rafsjani fékk tæp 21 prósent atkvæða en næstur á eftir honum kom Mahmoud Ahmedinejad, borgarstjóri í Teheren, með rúm 19 prósent atkvæða. Ahmedinejad er harðlínumaður og hafði ekki verið búist við svo góðum árangri hans.

Talsverða athygli hefur vakið að umbótasinninn Mostafa Moin, sem margir höfðu spáð góðu gengi, náði aðeins fimmta sæti. Hann fékk aðeins 13,6 prósent atkvæða og kom því á eftir þeim Mahdi Karroubi og Mohammad Qalibaf. ■

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

KONURNAR KJÓSA Kjörsókn í írönsku forsetakosningunum var mjög góð. Hins vegar kom á óvart að umbótasinnum vegnaði heldur illa.

Vísitala fasteignaverðs:

Hækkar enn í borginni

HÚSNÆÐISMÁL Vísitala fasteignaverðs á höfuðborgarsvæðinu hækkaði um 3,8 prósentustig í maí og heldur því áfram að hækka. Á síðustu þremur mánuðum hefur hún hækkað um 10,4 prósent, 24,9 prósent á hálfu ári og síðasta árið hefur vísitalan hækkað um heil 38,5 prósent. Þetta kemur fram í tilkynningu á vef Fasteignamats ríkisins.

Vísitalan er reiknuð út frá fermetraverði á níu mismunandi flokkum íbúðahúsnæðis og það vegið út frá hlutdeild viðkomandi flokks á markaði síðustu tvö árin. ■

Róstur í Belfast:

Tugir slasaðir

BELFAST, AP Til átaka kom í Belfast, höfuðborg Norður-Írlands, í fyrrinótt á milli kaþólikka og mótmælenda. 18 lögreglumenn meiddust í átökunum og ellefu borgarar til viðbótar.

Áflogin komu upp í hverfi þar sem ólga er nokkur á milli þessara hópa.

Mótmælendur höfðu efnt þar til skrúðgöngu í gær og hleypti það illu blóði í kaþólikkana. Hundruð óeirðalögregluþjóna reyndu að skilja hópana að en þeir urðu sjálfir fyrir barðinu á kaþólskum óróaseggjum sem hentu í þá flöskum, múrsteinum og bensínsprengjum.

Í næsta mánuði hefjast göngur mótmælenda fyrir alvöru en átökin um helgina hljóta að teljast slæmur fyrirboði fyrir þær. ■

LÖGREGLUFRÉTTIR

ÖLVAÐUR MEÐ BÖRN Í BÍL Þrír voru teknir fyrir ölvunarakstur í nágrenni Selfoss frá kvöldi föstudags til laugardagsmorguns. Einn þeirra var ölvaður með börn i bílnum. Nokkuð var um hraðakstur og var búið að stöðva fleiri en tíu um hádegi á laugardag.

KÆRULEYSI VIÐ KEFLAVÍKURFLUGVÖLL Lögreglan á Keflavíkurflugvelli hafði óvenju mikið að gera um helgina. Hraðakstur og jafnvel ofsaakstur var á Reykjanesbraut og sagði lögreglan að hraði ökumanna hefði verið vel á annað hundraðið. Þrír ökumenn voru ölvaðir, einn þeirra ók bíl sínum út af og velti honum. Ökumaðurinn slasaðist ekki alvarlega en bíllinn skemmdist mikið. Lögreglan sagði að mikils kæruleysis hefði gætt hjá ökumönnum.

KONA Í GÖNGUHÓP ÖKLABROTNAÐI Í RAUÐUSKÖRÐUM YTRI ÁRDAL. Björgunarsveitir á Ólafsfirði og Dalvík voru kallaðar út og tólf björgunarsveitarmenn héldu af stað til að veita aðstoð.

Ef við gefum ekki neitt þá fáum við ekki neitt

Halldór Ásgrímsson talaði í þjóðhátíðarræðu sinni um samfélagslega ábyrgð stórfyrirtækja og taldi eðlilegt að þau nýttu hagnaðinn til uppbyggingar- og velferðarmála. Margir áhrifamenn í atvinnulífinu taka undir skoðun forsætisráðherra.

ATVINNULÍF Í þjóðhátíðarræðu sinni í gær lét Halldór Ásgrímsson í ljós þá skoðun að stórfyrirtæki með góða afkomu ættu að bera samfélagslega ábyrgð og taldi eðlilegt að þau tækju þátt í mikilvægum málum á sviði nýsköpunar, menningar og velferðar. „Þeim ber að nýta hagnað til að byggja upp," sagði Halldór.

Björgólfur Guðmundsson, formaður bankaráðs Landsbankans, sló mjög svipaðan tón í ávarpi vegna ársskýrslu Landsbankans fyrir síðasta ár. Þar sagði hann ásýnd Landsbankans hafa eflst á árinu þar sem hann hefði einsett sér „að sýna samfélagslega ábyrgð og taka þátt í margvíslegum verkefnum sem öll eiga það sameiginlegt að efla menntir, listir og menningu og bæta mannlíf." Nýjasta dæmið um samfélagslegan stuðning Landsbankans er við Baráttuár kvenna sem hefst með Þingvallafundi í dag, en Landsbankinn er bakhjarl átaksins. Hann styður einnig við íþróttir og margvíslegt menningarstarf. Landsbankinn starfrækir sérstakan menningarsjóð og einnig á Minningarsjóður Margrétar Björgólfsdóttur að úthluta um hundrað milljónum á ári hverju.

Jóhannes Jónsson í Bónus kveðst einnig að mörgu leyti vera sammála skoðun Halldórs Ásgrímssonar. „Ég held það sé mjög vel til fallið að stórfyrirtæki með góða afkomu leggi eitthvað af mörkum og beini þá fjármagninu í þann farveg þar sem stjórnendum fyrirtækjanna finnst skórinn kreppa," segir Jóhannes. „Skoðun hins opinbera á ekki ein að ráða för."

HALLDÓR ÁSGRÍMSSON Talaði í hátíðarræðu sinni um samfélagslega ábyrgð fyrirtækja.

BJÖRGÓLFUR GUÐMUNDSSON Landsbankinn einsetti sér að sýna samfélagslega ábyrgð á árinu 2004.

JÓHANNES JÓHANNESSON Segir að ríkið eigi ekki að einoka velferðina.

Jóhannes segir Baug alltaf hafa reynt að láta eitthvað af hendi rakna. „Ef við gefum ekki neitt, þá fáum við ekki neitt," segir Jóhannes.

Baugur ákvað nýlega að stofna sjóð sem á að styrkja menningar- og listalíf og velferðarmál barna. 300 milljónir króna verða lagðar í sjóðinn á árinu en hann á að sameina ýmsa styrktarstarfsemi fyrirtækisins.

Annað nýlegt dæmi um fyrirtæki sem reynir að leggja eitthvað af mörkum er Samherji, sem ákvað að styrkja nýsköpun í atvinnulífi Stöðvarfjarðar um tuttugu milljónir, en frystihúsi Samherja þar verður lokað í september.

grs@frettabladid.is

RÓLEGT Í GÆSLUNNI Eilífur Örn Jónsson hafði það náðugt að morgni 17. júní en hann var einn margra sem sáu um gæslu á tjaldsvæðinu á Hömrum í ár.

Tjaldsvæði Akureyrar:

Allt var með ró og spekt

FERÐALÖG Engin teljandi vandamál komu upp á tjaldsvæði Akureyringa á Hömrum aðfaranótt 17. júní. Ölvun var í lágmarki og umgengni góð en á milli þrjú og fjögur hundruð gestir voru á tjaldsvæðinu. Mikið hefur verið kvartað undan ólátum á tjaldsvæðinu ofan við Sundlaug Akureyrar í kringum 17. júní síðustu ár og því var ákveðið að opna það ekki fyrr en 20 júní. Jafnframt hefur gæsla verið hert umtalsvert á svæðunum.

„Þessar aðgerðir virðast hafa tekist vel og í ár er allur annar og betri bragur yfir tjaldsvæðinu á Hömrum en á tjaldsvæðinu ofan við sundlaugina á sama tíma fyrir ári." segir Ásgeir Hreiðarsson, framkvæmdastjóri tjaldsvæðanna á Akureyri. - kk

RÚSSLAND

BOLSÉVIKAR FLÆMDIR BURT Lögreglusveitir úthýstu félögum í rússneska bolsévikaflokknum úr húsakynnum sínum í gær. Bolsévikar eru harðir þjóðernissinnar og stækir andstæðingar Pútíns og segja aðgerðina bera vott um valdníðslu. Nokkrir flokksmanna skáru sig á púls í mótmælaskyni.

Dönsk úttekt á verðlagningu ADSL-tenginga í Evrópu:

Ísland dýrast í öllum flokkum

NEYTENDUR Íslenskir neytendur greiddu hæsta verðið í Evrópu fyrir ADSL-tengingar sínar á síðasta ári samkvæmt úttekt dönsku Tækni-og fjarskiptastofnunarinnar. Greiddu Íslendingar rúmar sex þúsund krónur fyrir 512 kb/s áskrift á mánuði meðan Hollendingar, þar sem verðið var ódýrast, greiddu aðeins tæpar tvö þúsund krónur.

Könnunin var að hluta til gerð vegna krafna danskra neytenda sem gagnrýnt hafa hátt verð þar í landi. Í ljós kom að verðlag í Danmörku er tiltölulega hátt í samanburði við önnur lönd en þeir greiddu þó að jafnaði aðeins tæpar fjögur þúsund krónur fyrir sama gagnamagn og kostar vel yfir sex þúsund krónur hér á landi.

Sama staða var uppi hér á landi hvað varðar verð 2 Mbit/s ADSL-tengingum á síðasta ári. Meðalkostnaður við slíka mánaðartengingu reyndist tæpar átta þúsund krónur eða tvö þúsund krónum dýrara en næstdýrasta þjóðin sem var Lúxemborg.

MIKILL VERÐMUNUR Samkvæmt danskri könnun greiddu Íslendingar hæsta verðið fyrir ADSL-internetaðgang af öllum þjóðum Evrópu.

Hafa ber í huga að tölur Dananna eru frá síðasta ári og þar sem þessi markaður er síbreytilegur hefur verð bæði hér og í Evrópu eitthvað breyst síðan úttekin var gerð. -aöe

NOVARTIS
CONSUMER HEALTH

Voltaren Dolo®
20 comprimés filmés

Fljótvirkt bólgueyðandi verkjalyf

m.a. við tíðaverkjum

Inniheldur engin ávanabindandi efni

Fæst án lyfseðils

VoltarenDolo®

Díklófenak-K 12,5 mg

Voltaren Dolo® (díklófenak kalíum) 12,5 mg. töflur. Notaðar við vægum eða frekar vægum verkjum, svo sem höfuðverk, tannpínu og tíðaþrautum. Verkar einnig hitalækkandi. Dragi ekki úr einkennum á nokkrum dögum, skal leita til læknis. Þeir sem eru með eða hafa haft sögu um maga- eða skeifugarnarsár eða skerta lifrarstarfsemi ættu að ráðfæra sig við lækni áður en lyfið er notað. Þeir sem þola ekki acetýlsalisýru, íbuprófen eða önnur bólgueyðandi lyf eða eru með astma eiga ekki að nota Voltaren Dolo®. Notið lyfið ekki á meðgöngu nema í samráði við lækni, en aldrei á síðasta þriðjungi meðgöngu. Leitið ráða læknis eða lyfjafræðings um milliverkanir við önnur lyf. Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

skoðun

MÁL MANNA
SIGURJÓN M. EGILSSON

Þeir sem opinbera skoðanir sínar og eru ekki sammála fjöldanum geta mætt miklum andbyr.

Að vera á móti

Trausti Sveinsson, bóndi í Fljótum, er á móti Héðinsfjarðargöngum og Hjörleifur Guttormsson, fyrrum ráðherra, er á móti því að ekki hafi verið gert umhverfismat vegna álverksmiðjunnar sem verið er að byggja í Reyðarfirði. Þeir hafa farið ólíkar leiðir til að koma skoðunum sínum á framfæri. Hjörleifur leitaði til dómstóla og hefur uppáskrift Hæstaréttar fyrir því að umhverfismat vanti fyrir álverksmiðjuna. Samt er sigurinn ekki Hjörleifs, einstaklingsins sem leitaði réttar fyrir skoðanir sínar, þar sem þeir sem ráða hafa ákveðið að halda áfram byggingunni þó svo að eins veigamikið atriði og umhverfismat sé ekki til og þess vegna hljóti að vera með öllu óvíst hvort það fáist. Samt er haldið áfram.

Hjörleifur hefur skoðanir, leitaði til dómstóla og með þeim hætti hefur hann ekki beðið skaða af. Það segist Trausti Sveinsson hafa gert. Hann er þess fullviss að andstaða sín við Héðinsfjarðargöng hafi kostað sig allt að eitt

Trausti bað um orðið og hóf málflutning sinn gegn Héðinsfjarðargöngum. Hann var ekki samboðinn fundinum og svo fór að fundarstjórinn rak Trausta úr pontu.

hundrað milljónum króna. Ljótt er ef satt er. Trausti segir fleira koma til en fjárhagslegt tap. Nýverið var haldinn opinn fundur um samgöngumál á Ólafsfirði. Meðal fundarmanna voru Trausti og Halldór Blöndal, forseti Alþingis. Trausti bað um orðið og hóf málflutning sinn gegn Héðinsfjarðargöngum. Hann var ekki samboðinn fundinum og svo fór að fundarstjórinn rak Trausta úr pontu. Þar með var það frá, hallelújasamkoma norður í landi þurfti ekki lengur að hlusta á mann sem var ekki sammála fundarstjórnendum og þá gátu fundarráðendur talað sig áfram og tryggt að enginn villtist af leið.

Ómar Ragnarsson hefur sagt að sér hafi verið hótað vegna umfjöllunar um umhverfismál. Ómar hefur lagt allt undir, það er að segja veraldlegar eigur sínar og jafnvel orðspor, vegna áhuga síns á umhverfismálum. Hann hefur átt erfitt uppdráttar þó svo að nú virðist sem hann hafi betri hljómgrunn en áður. Vonandi er svo. Vonandi á áhugi Ómars eftir að gagnast meir en hingað til.

Aftur að Trausta Sveinssyni og hans baráttu. Ekki eru forsendur til að meta hvort það er rétt hjá honum að hann hafi tapað eitt hundrað milljónum á andstöðu sinni við Héðinsfjarðargöngin. Andstaða á ekki að kosta peninga og alls ekki mikla peninga. Og það er samfélaginu dýrt og vont ef það er raunin að þeir sem hafa sérstakar skoðanir, oft minnihlutaskoðanir, geti ekki unnið skoðunum sínum fylgi af fjárhagsástæðum eða það sem verra er, vegna þess að þeir telja sér hótað eða ógnað. Það er ekki ávinningur í að þagga niður í þeim sem eru á móti, þeirra mál getur verið rétt í það minnsta að hluta, og ástæðulaust og vont er að sameinast gegn þeim sem tala gegn viðurkenndum viðhorfum. ■

Talstöðin
FM 90,9

Hafliði Helgason ritstjóri Markaðarins fjallar um ýmsa þætti viðskiptalífsins.
Alla virka daga kl. 17:30

MARKAÐURINN

FRÁ DEGI TIL DAGS

Jákvæðir og neikvæðir
Það er alltaf rigning og rok á 17. júní í Reykjavík. En ekki að þessu sinni. Og það sem meira var: sól skein í heiði og hitinn náði þegar um hádegi um 20 stigum á Austurvelli.
Þar var margt um manninn þegar forsætisráðherra kallaði eftir auknu samstarfi ríkis og atvinnulífs á sviði nýsköpunar. Og forsætisráðherra sagði mennina misjafna í hátíðarræðu sinni og að þeir litu hver sínum augum á tilveruna. Hann fór aftur til ársins 1955 og sagði að neikvæðir myndu vafalaust minnast sumarsins þá sem rigningarsumarsins mikla. Jákvæðir kynnu að minnast þess að það ár hlaut Halldór Laxness Nóbelsverðlaun í bókmenntum. Fréttablaðinu var bent á það fyrir fáeinum dögum að árið 1955 var síðast skipuð rannsóknarnefnd af Alþingi. Það var í marsmánuði og fjallaði nefndin um okur. Aldrei síðar hefur slík nefnd verið sett á fót af Alþingi þótt stundum hafi það verið lagt til, væntanlega af minnihluta Alþingis.
Þingmaður í stjórnarandstöðunni kvað vanhæfismál forsætisráðherra í hnút. „Kerfið og fylgifiskar þess hafa tekið afstöðu. Það mun verja gjörðir forsætisráðherra út yfir gröf og dauða. Fyrrverandi borgarstjóri hagnaðist ekki persónulega á því sem á hann var borið. Hann bar ábyrgð og sagði af sér. Fyrrverandi heilbrigðisráðherra bar ábyrgð þegar kom að því að hann gat ekki hrundið ásökunum sem á hann voru bornar. Þurfa aðeins sumir stjórnmálamenn á Íslandi að bera ábyrgð," spyr þingmaðurinn.

Sagan endurtekur sig
Hvort sem það var ræða forsætisráðherra, hitinn, sólarbrækjan, mannþröngin eða heilsuleysi af einhverju tagi, ku hafa liðið yfir fjóra til fimm þjóðhátíðargesti, rétt eins og gerist stundum á 30 þúsund manna rokktónleikum. Læknar og hjúkrunarfólk á staðnum ku hafa veitt fólkinu nauðsynlega aðhlynningu og hátíðarhöldin haldið áfram eins og ekkert hefði í skorist.
Það rifjaðist upp fyrir einum gestanna á Austurvelli að áðurgreindur Halldór Laxness hefði ort um svipað atvik á Alþingishátíðinni 1930 eitthvað á þessa leið:

Meðan hélst sú makalausa slúð
Meyjar úr ýmsum sveitum tóku að blána
Og féllu í yfirlið með hár og húð
Und himingnæfum Íslands þjóðarfána.

johannh@frettabladid.is

Sjálfsmynd þjóðanna

TÍÐARANDINN
SIGMUNDUR ERNIR RÚNARSSON

Sjálfsmynd þjóðanna er misjöfn.

Og yfirleitt bjöguð. Alténd einfölduð, svo mjög að myndin riðlast.

Bandaríkjamenn þykja vera feitir og fávísir. Bretar eru sagðir stífir með strengda vör. Ítalir óðamála og ástsjúkir. Frakkar merkilegir með sig. Danir ljúfir og linir. Svíar montnir. Norðmenn nískir.

Og svo framvegis.

Íslendingar hafa druslast með sjálfsmynd sína svo öldum skiptir – og hafa engan veginn verið vissir um hvort menn eigi að hreykja sér af henni eða hlæja að henni. Myndin er einhvern veginn svona: Berserkjaþjóðin sem fer hvarvetna með strandhöggum; skilgetið afkvæmi Þórs og Óðins ... ekki einhöm, étur helst úldinn mat með ógeðslegum drykkjum – og ef ekki öfurölvi, þá örugglega andrík með endemum ... og andlitin minna á fjöll, óveður innra með þeim. Óhemju lauslát, lífsglöð og frjáls.

Sumsé stórkostleg þjóð, gróf í viðkynningu, enda kappsöm, kraftaleg og ber bókstaflega höfuð og herðar yfir aðrar þjóðir, ekki síst eftir að landsmenn uppgötvuðu höfðatölufræðin.

Hamingjusöm og falleg. Örugg og umvafin velmegun.

Gott og vel.

Raunveruleg sjálfsmynd þjóðarinnar er náttúrlega öðruvísi. En um hana er helst ekki rætt. Öldum saman voru Íslendingar við það að deyja út og höfðu ekki miklar áhyggjur af því. Það hvarflaði varla að mönnum að færa sér þekkingu og upplýsingu í nyt og brjótast til framfara. Miklu fremur þótti við hæfi að nöldra í yfirvaldinu, náunganum, næsta manni. Það var ekki fyrr en á tuttugustu öld sem Íslendingum tókst að byggja hús sem héldu vatni og vindum. Fyrrum var breitt betur yfir börnin í moldarkofunum af því að ástæðulaust þótti að gera við þakið. Það var ekki fyrr en á seinni hluta tuttugustu aldar sem Íslendingum tókst að leggja vegi sem urðu ekki að kviksyndi í næsta úrfelli. Lengst af var bara beðið eftir því að slóðinn þornaði á ný.

Stærstan hluta Íslandssögunnar hafa Íslendingar látið stjórna sér. Þrátt fyrir allt grobbið um alla einstaklingshyggjuna hafa menn verið reiðubúnir að framselja vinnu sína og vitsmuni svo öldum skiptir. Undirgefni og stöðnun ásamt fátækt og óþrifnaði eru sér í lagi þau orð sem lýsa ellefu hundruð ára sögu landsmanna. Það vill gleymast að tæknistig þjóðarinnar stóð nánast í stað eða fór hreinlega aftur allt frá landnámsöld og langt fram eftir nítjándu öld. Og það vill líka gleymast að öldum saman bjó langtum stærri hluti þjóðarinnar í ófrjálsu einlífi vinnumennskunnar en almennt þekktist í löndunum í kring – að jafnaði um fjórðungur landsmanna. Þessu Evrópumeti í undirgefni er sjaldnast haldið á lofti í sögubókum. Nánast aldrei.

Í reynd er eitthvað heillandi við þessa sjálfsmynd þjóðarinnar. Hún er upptekin af því að láta sér líða vel. Og hvað er svo sem að því? Þjóðin þekkir vart annað en áhlaupsvinnu og arfleifð hennar byggir öðru fremur á vertíðarmennsku. Þegar efni gefast eyðir hún miklu, þess á milli tekur hún lán.

Íslandssagan er einkanlega bundin inn af tveimur atburðum; ritun Íslendingasagnanna sem segja frá ólundargeði íslenskra bænda á fyrri tíð – og skrifum Halldórs Kiljans Laxness sem lýsa öðru fremur óþrifnaði og óláni síðari tíma bænda. Allt þar á milli lagðist mygla miðaldanna yfir Íslandsbyggð.

Um miðja síðustu öld voru Íslendingar stöðnuð þjóð sem stóð frammi fyrir nýjum tímum; hefðirnar voru sáralitlar, þjóðfélagsgerðin næsta ómótuð, en einangrunin rofin – og það sem merkilegast var: þjóðin var orðin lýðfrjáls, laus undan oki erlendra konunga og kaupmannsaðals. Þá loksins fór þjóðin að ranka við sér; þakviðgerðirnar hófust, vegagerðin, steypuvinnan – og sambandið við útlönd breyttist úr einhliða samningum í tvíhliða, jafnvel marghliða.

Íslendingar hafa tekið við sér. Þessi þjóð, sem öldum saman hefur öðru fremur verið þrasgjörn í meira lagi, hefur unnið bug á undirgefni sinni. Seinni tíma þjóðarkarakter er að koma í ljós; gamla veislugleðin sem öldum saman var haldið aftur af sakir harðinda og skorts á frumkvæði, hefur leitað útrásar á ný. Og var svo sem tími til kominn. Ráðdeild hefur aldrei verið fyrirferðarmikill þáttur í grunngerð þjóðarinnar. Ef þess hefur verið nokkur kostur – og svo hefur ekki alltaf verið – hefur það verið siður Íslendinga að lifa fyrir líðandi stund – og helst um efni fram.

Þetta sést ágætlega á samanburði við aðrar þjóðir. Enn er það svo að ýmsar helstu frændþjóðir okkar eru frægar fyrir að skammta naumt þegar vinum er boðið til veislu. Svíar vilja til dæmis koma út á sléttu ef frændur ber að garði, Norðmenn leggja til við gesti sína að þeir leggi í púkk, Þjóðverjar telja grömmin ofan í gestina. Eftir að Íslendingar komust aftur í álnir – eftir langvarandi myrkur miðaldanna – vilja þeir veita betur en þeir megna. Það er þeirra sjálfstæðisyfirlýsing. Þeir eru ósínkir, slá um sig og telja það til kosta sinna að sýnast. Þeim finnst með öðrum orðum sælla að gefa en þiggja.

Stundum fer þetta þjóðareinkenni í taugarnar á landsmönnum sjálfum. Á seinni tímum hefur komið til tals að festa fé landsmanna og þess hefur verið freistað að smita íslenska þjóð af annarra þjóða nýtni og hagsýni. En það gengur erfiðlega; bruðlið er landlægt og táknar gjafmildi, velgjörðir, stemmningu. Í reynd er eitthvað heillandi við þessa sjálfsmynd þjóðarinnar. Hún er upptekin af því að láta sér líða vel.

Og hvað er svo sem að því? Þjóðin þekkir vart annað en áhlaupsvinnu og arfleifð hennar byggir öðru fremur á vertíðarmennsku. Þegar efni gefast eyðir hún miklu, þess á milli tekur hún lán.

Á tiltölulega skömmum tíma hefur íslensk þjóð komist í hóp þeirra allra ríkustu. En hún vill jafnframt eyða þessum peningum; skemmta sér, skvetta úr klaufunum. Og ef ekki vill betur, tekur hún lán af meira kappi en aðrar þjóðir. Þetta er náttúrlega mjög sérstakt en jafnframt heillandi. Og auðvitað langtum skrautlegra en að fela fjármuni sína í bókum og bönkum, neita sér um mannfagnaði og hverfa inn í friðsamlegt framtaksleysi.

Það er af þessum sökum sem útlendingar eru rasandi á Íslendingum. Framtíð þjóðarinnar er ein samfelld nútíð. Og hvers vegna svo sem að fresta hamingjunni um einhver ár sem svo sannarlega eru ókomin?

TEIKNING: HELGI SIGURÐSSON

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Ernir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

FordFocus

Veldu nýjan **Ford**

Nýtt tákn um gæði

Íslendingar velja Ford umfram önnur vestræn bílamerki. Spennandi hönnun, aukin gæði og örugg þjónusta Brimborgar er trúleg ástæða þess að Ford sækir á Toyota sem vinsælasta bílamerkið á Íslandi. Upplifðu nýtt tákn um gæði - veldu Ford.

Focus er betur búinn en Corolla

Gömul tákn eru fallin. Og ný tekin við. Nýr, endurhannaður Ford Focus er betur búinn en Toyota Corolla. Ford hefur tekist það sem aðrir framleiðendur hafa áður reynt; að hanna meðal stóran bíl eftir gæðastöðlum lúxusbíla á lægra verði. Berðu fordómalaust Corolla saman við Focus. Og þú finnur að margur búnaður lúxusbíla er staðalbúnaður í Focus: **ESP stöðugleikastýrikerfi,** TRACS spólvörn, öryggispúðagardínur, fjölliðafjöðrun, loftkæling og hiti í sætum eru þar á meðal. Spurðu um þjónustu Ford.

Hæsta einkunn fyrir öryggi frá upphafi

Árekstraröryggisstofnunin Euro NCAP gefur Ford Focus hæstu einkunn allra bíla í sínum flokki frá upphafi. Árekstraröryggi Focus er metið með 5 stjörnum eða 35 stig. Frá upphafi hefur Focus hreppt 1. sætið á 65 alþjóða verðlaunahátíðum. Í 13 skipti bíll ársins.

Ford Focus hefur hreppt 1. sæti á 65 alþjóða-verðlaunahátíðum. Veldu Ford.

Vertu í hópi þeirra bestu, í dag og um alla framtíð. Veldu Focus.

Þegar allt er tekið með og verð er borið saman við gæði þá er Focus talinn betri kostur en bæði Toyota Corolla og VW Golf, samkvæmt fjölmörgum evrópskum bílablöðum. Berðu saman bíla. Komdu í Brimborg. Veldu nýjan Ford - nýtt tákn um gæði.

Ford Focus. Ný gæði á lægra verði en áður.*

Kaupverð	*5 gíra*	*Sjálfskiptur*
Ford Focus 3 dyra Trend 1,6	**1.790.000 kr.**	**1.884.000 kr.**
Ford Focus 5 dyra Trend 1,6	**1.890.000 kr.**	**1.984.000 kr.**
Ford Focus 4 dyra Trend 1,6	**1.940.000 kr.**	**2.034.000 kr.**
Ford Focus Wagon Trend 1,6	**1.990.000 kr.**	**2.084.000 kr.**

Ford Focus er heimsmethafi í vinsældum. Frá þeim tíma Ford Focus var fyrst kynntur, árið 1998, hefur Focus selst í yfir 4 milljónir eintaka. Heimsmetabók Guinness taldi sig þurfa staðfesta heimsmet Ford Focus í vinsældum árið 2000 og sem mest selda bíl í heimi, aðeins ári eftir að hann kom fyrst á markað. Samkvæmt afmælisútgáfu Heimsmetabókar Guinness fyrir árið 2005 stendur heimsmetið enn. Focus er einnig vinsæll meðal bílagagnrýnenda en þeir hafa í 65 skipti kosið Focus í 1. sætið á aðeins 6 árum. Focus hefur verið kosinn bíll ársins í 13 skipti í Evrópu og Norður-Ameríku.

Atriði af gæðalista staðalbúnaðar:

ESP stöðugleikastýrikerfi
TRACS spólvörn
Loftkæling
Stillanlegur hiti í framsætum
Öryggispúðar að framan
Öryggispúðar í hliðum
Öryggispúðagardínur
ABS hemlakerfi
EBD hemlajöfnun
EBA hjálparhemlun
Frjókornasía
Upphitanlegir hliðarspeglar
Rafstilltir hliðarspeglar
Vindskeið að aftan (3d og 5d)
Fjarstýrð samlæsing
Fjölstillanlegt stýri
Geislaspilari með þjófavörn og 6 hátölurum
Fjarstýring fyrir hljómtæki
Aksturstölva og útihitamælir

Hægt að fá aukalega:

Bluetooth® fyrir síma
AFS Halogen beygjuljós
DVD spilari í lofti og skjár
Fjöltengi fyrir heymartól
Kæling í hanskahólfi
Leiðsögukerfi
með litaskjá
6 diska Sony hljómtæki
Bakkskynjari
Regnskynjari
Leður- eða sportsæti
Rafdrifið ökumannssæti
Raddstýring fyrir:
- hljómtæki
- síma
- leiðsögukerfi
Aðfellanlegir speglar
Hiti fyrir alla framrúðuna
Sólarvörn í framrúðu
Sportfjöðrun
Sjálfvirkur „dimmer“ á baksýnisspegli
Hraðastillir
Rafdrifin sóllúga



Íslendingar velja Ford umfram önnur leiðandi bílamerki (74,1% aukning 2004) og er Ford meðal vinsælustu bílamerkja á Íslandi. Endursalan staðfestir það einnig. Vertu í hópi þeirra bestu. Veldu nýjan Ford.

GCI/ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

Nýttu þér sumartilboðin
Skoðaðu úrvalið í bílaverslun Ford á Íslandi

Ford Fiesta Trend
5 dyra 1,4i 5 gíra*
Kaupverð 1.430.000 kr.
Bílasamningur 14.970 kr.
Rekstrarleiga 27.950 kr.

Ford Fusion Trend
5 dyra 1,4i 5 gíra*
Kaupverð 1.570.000 kr.
Bílasamningur 16.440 kr.
Rekstrarleiga 29.980 kr.

Ford Focus Trend
5 dyra 1,6i 5 gíra*
Kaupverð 1.890.000 kr.
Bílasamningur 19.790 kr.
Rekstrarleiga 34.930 kr.

Ford Focus C-Max Trend
5 dyra 1,6i 5 gíra*
Kaupverð 1.895.000 kr.
Bílasamningur 19.840 kr.
Rekstrarleiga 34.950 kr.

Ford Mondeo Ghia
5 dyra 2,0i 5 gíra*
Kaupverð 2.440.000 kr.
Bílasamningur 25.550 kr.
Rekstrarleiga 44.940 kr.

Ford Galaxy Trend
7 manna 2,0i 5 gíra*
Kaupverð 2.605.000 kr.
Bílasamningur 27.280 kr.
Rekstrarleiga 48.500 kr.

Ford Mustang Deluxe
3 dyra 4,0i V6 5 gíra*
Kaupverð 2.860.000 kr.
Bílasamningur 30.030 kr.

Ford Escape XLS 4x4
5 dyra 2,3i sjálfskiptur*
Kaupverð 2.810.000 kr.
Bílasamningur 29.430 kr.
Rekstrarleiga 52.700 kr.

Ford Freestyle SEL 4x4
7 manna 3,0i V6 sjálfskiptur*
Kaupverð 3.960.000 kr.
Bílasamningur 39.200 kr.
Rekstrarleiga 68.300 kr.

Ford Explorer XLT Sport 4x4
5 dyra 4,0i V6 sjálfskiptur*
Kaupverð 4.190.000 kr.
Bílasamningur 43.880 kr.
Rekstrarleiga 79.600 kr.

Ford Expedition Eddie Bauer 4x4
8 manna 5,4i V8 sjálfskiptur*
Kaupverð 5.160.000 kr.
Bílasamningur 53.990 kr.
Rekstrarleiga 102.500 kr.

Ford Ranger XL Crew Cab 4x4
4 dyra 2,5 turbo dísil 5 gíra*
Kaupverð 2.370.000 kr.
Bílasamningur 24.820 kr.
Rekstrarleiga 43.900 kr.

Ford Explorer Sport Trac XLT 4x4
4 dyra 4,0i V6 sjálfskiptur*
Kaupverð 2.960.000 kr.
Bílasamningur 30.990 kr.
Rekstrarleiga 56.700 kr.

Ford F-350 Lariat Crew Cab 4x4
4 dyra 6,0 turbo dísil V8 sjálfskiptur*
Kaupverð 4.128.000 kr.
Bílasamningur 43.160 kr.

Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg. Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu og skoðaðu Ford í dag. Komdu í Brimborg - skoðaðu nýja hönnun og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Ford.

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | Brimborg Reykjanesbæ: Njarðarbraut 3, sími 422 7500 | www.ford.is

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 30% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 36 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 20.000 km akstur á ári. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar. Aukabúnaður á myndum: Álfelgur á Fiesta, Focus og Galaxy; samlitur á Escape; tvílitur á Ranger. Explorer og Freestyle myndir eru af Limeted.

viðskipti

vidskipti@frettabladid.is nánar á visir.is

Vöxtur getur verið gildra

Arðgreiðslur mikilvægur þáttur ávöxtunar.

Jeremy J. Siegel lýsir nýjum aðferðum við að fjárfesta og byggja upp auð í bókinni The Future for Investors. Þar lýsir hann nýjum aðferðum við að nýta sér breytingar og tækifæri sem munu eiga sér stað á heimsmarkaði.

Siegel er einn af fremstu sérfræðingum heims þegar kemur að hlutabréfamarkaðinum og hefur Siegel skoðað hann gaumgæfilega. Niðurstaða rannsókna hans sem kemur mest á óvart er hvað ný tæki, vaxandi atvinnugreinar og ört vaxandi lönd sem fjárfestar horfa hvað mest til gefa oft lélega ávöxtun.

Siegel gengur svo langt að segja að vöxtur geti verið fjárfestingargildra. Fjárfestar ofmeti oft vöxtinn.

Siegel talaði á ráðstefnu Háskóla Íslands um áhrif breytinga á lífsháttum á lífeyrisaldurinn og alþjóðaviðskipti.

Þórður Pálsson, forstöðumaður greiningardeildar KB banka, skrifaði um bók Siegel í viðskiptablað Fréttablaðsins, Markaðinn, þann 17. maí þar sem hann fjallaði um bókina, The Future for Investors. Þar segir hann niðurstöður Siegel ganga alveg á skjön við það sem almennt hefur verið haldið. Fyrst beri að nefna að almennar arðgreiðslur séu mun mikilvægari þáttur ávöxtunar en menn virðist almennt álíta og fyrirtæki með háar arðgreiðslur skili að jafnaði betri ávöxtun en önnur. Hin niðurstaða Siegels sé að það séu ekki fyrst og fremst fyrirtæki í vaxtargreinum sem skili góðri ávöxtun heldur fremur fyrirtæki í atvinnugreinum sem eru að dragast saman og svo fyrirtæki með kunn vörumerki. **-dh**



LEIÐBEININGAR FYRIR FJÁRFESTA Höfundur bókarinnar talaði á ráðstefnu Háskóla Íslands um kostnað ellinnar.

Nýr stjóri KB í Svíþjóð

Christer Villard lætur af störfum sem yfirmaður KB banka í Svíþjóð um næstu áramót. Í stað hans kemur Robert Charpentier, aðstoðarframkvæmdastjóri hjá Föreningssparbanken. Christer, sem hefur stýrt Kaupthing Bank Sverige síðustu þrjú árin, heldur þó áfram störfum fyrir KB banka en hann mun sinna ráðgjafarstörfum.

Christer segir í viðtali við Dagens Industri að ein skýring fyrir uppgangi bankans í Svíþjóð sé sú að stjórnendurnir á Íslandi hafi gefið honum og undirmönnum hans mikið frelsi við uppbyggingu bankans. **- eþa**

Reykjavik
International School

The Reykjavik International School is accepting applications for the 2005-06 school year. Housed within an Icelandic public school, the school offers an educational program in English to children in grades K – 6. Children interact and learn with Víkurskóli students regularly, bringing a true international and cross-cultural spirit to the program. Ideal for expatriates and Icelanders on the move, the school is a new and exciting development for Reykjavik's business, diplomatic and international community.

Skólinn er einkarekinn grunnskóli innan Víkurskóla, sem býður upp á alþjóðlega menntun fyrir börn á aldrinum 5-12 ára.

Tökum núna við umsóknum fyrir næsta skólaár.

www.vikurskoli.is/RIS/ • Tel. 694-3341 • ris@vikurskoli.is

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

UNGIR SEM ALDNIR HLUSTUÐU Erlendir prófessorar fjölluðu um vandamálið hækkandi meðalaldur og lægri fæðingartíðni.

Dýr efri ár

Meðalaldur fólks fer sífellt hækkandi og lengra æviskeið kostar meira fé. Kostnaðurinn sem hlýst af hærri lífslíkum er því mörgum hagfræðingum hugleikinn.

Aldur íbúa Bandaríkjanna verður hærri 2030 en aldur íbúa Flórída er í dag en Flórída er þekkt sem paradís fyrir ellilífeyrisþega. Þetta kom fram í máli Laurence J. Kotlikoff frá Boston háskóla en hann hefur áhyggjur af efnahagslegum áhrifum þess að ellilífeyrisþegum fjölgar. Hann spáir því að framundan séu aukin útgjöld ríkisins og einnig einstaklinga. Kotlikoff nefndi nokkur dæmi um hækkandi aldur mannkynsins. Árið 2030 mun lífeyrisþegum hafa fjölgað um 100 prósent frá því sem nú er. Árið 1950 voru 50 vinnandi fyrir hvern einn ellilífeyrisþega. Í dag eru 3,3 vinnandi á hvern ellilífeyrisþega. Í Króatíu er ástandið þó svo slæmt að það eru fleiri ellilífeyrisþegar en fjöldi vinnandi fólks.

Lausnir sem Kotlikoff nefndi var að fara frá núverandi lífeyriskerfi og taka upp nýtt kerfi. Hann benti einnig á að lausnin gæti falist í því að breyta skattkerfinu. Taka ætti upp söluskatt í stað tekjuskatts. Kotlikoff sagði þó í gríni að ein af lausnunum fælist í lífselexír.

Fjögur lífsskeið

Robert A. Mundell, við Columbia háskóla segir lausnina á sífellt meiri kostnaði við eftirlaunaárin vera þá að skipta lífsskeiðum fólks í fjögur en ekki þrjú eins og áður hefur verið gert. Hann segir fólk flokkað í börn, fullorðna og ellilífeyrisþega. Þessa flokkun ætti að víkka út með því að skipta vinnuaflinu í tvennt. Það er að segja að yngri hluti vinnuaflsins spari, fjárfesti og taki að láni, til dæmis fyrir húsnæði. Eldri hluti vinnuaflsins, spari, borgi til banka og láni og þessi hópur láni til að eiga til efri áranna. Með þessari skiptingu væru fleiri sem létu fjármagn af hendi rakna til að eiga til efri áranna.

Mundell bendir á eina lausn sem felist í því að flytja inn fólk. Mundell og Kotlikoff voru þó sammála um að það væri skammgóður vermir því að mikill kostnaður hlytist af fjölda innflytjenda og þeir yrðu einnig hluti af ellilífeyrisþegunum.

Erfiðleikar vegna elli?

Efni ráðstefnu Viðskipta- og hagfræðideildar Háskóla Íslands, þar sem þeir Mundell og Kotlikoff töluðu, var væntanleg þjóðhagsleg áhrif hækkaðs meðalaldurs þjóða á útgjöld til heilbrigðismála og lífeyrismála og afleiðingar þessara útgjalda fyrir hagvöxt og velmegun í framtíðinni. Leitast var svara við spurningum á borð við: munu flest ríki OECD komast í gegnum þetta tímabil klakklaust eða verður þetta tímabil erfiðleika í efnahagsmálum?

Mörg þjóðfélög standa frammi fyrir miklum vanda sem mun skapast þegar fjöldi þeirra sem þiggja ellilífeyri eykst og vinnuaflinu fækkar. Fæðingatíðni hefur lækkað og því endurnýjast mannkynið ekki nógu hratt og meðalaldurinn hækkar stöðugt.

Ráðstefnan er haldin af viðskipta- og hagfræðideild og Hagfræðistofnun í samvinnu við Center on Capitalism and Society við Columbia háskóla í New York. Edmund Phelps sem útnefndur var heiðursdoktor við Háskóla Íslands síðastliðið haust veitir þessari stofnun við Columbia háskóla forstöðu og var einn af skipuleggjendum ráðstefnunnar.

Fjöldi heimsþekktra fyrirlesara

Margir af fremstu hagfræðingum heims töluðu á ráðstefnunni. Þar ber fyrst að nefna Robert Mundell, hagfræðing við Columbia háskóla. Hann hefur hlotið Nóbelsverðlaun í hagfræði. Einnig flutti hagfræðingurinn Jeffrey Sachs, sem veitir Earth Institute við Columbia háskóla forstöðu, erindi.

Meðal annarra fyrirlesara var Laurence Kotlikoff frá Boston University, sem nýlega hefur gefið út bókina The Coming Generational Storm, um væntanleg áhrif öldrunar bandarísku þjóðarinnar á skattbyrði yngri kynslóðanna; Jeremy Siegel frá Pennsylvaniu háskóla mun fjalla um áhrif þessarar þróunar á hlutabréfamarkaðinn. Torben Andersen frá háskólanum í Árósum segir frá væntanlegum áhrifum aldursbreytingar dönsku þjóðarinnar á danska velferðarkerfið og Jason Furman frá New York háskóla fjallar um mikilvægi óvissu um aldursdreifingu í framtíðinni.

dogg@frettabladid.i

ROBERT A. MUNDELL VIÐ COLUMBIA HÁSKÓLA Vill leysa vandamálið með því að skipta lífaldri í fjögur stig.

LOKUN SNORRABRAUTAR VIÐ HRINGBRAUT

19. júní - 8. sept. 2005



Snorrabraut milli Eiríksgötu og Hringbrautar verður lokuð 19. júní - 8. sept. 2005 vegna framkvæmda við undirgöng undir Snorrabraut. Gera má ráð fyrir umferðartöfum á álagstímum.

Beðist er velvirðingar á óþægindum vegna þessara framkvæmda. Tekið er við ábendingum um það sem betur má fara við framkvæmdina í síma **563 2510**. Nánari upplýsingar á **www.rvk.is/fs**

Reykjavíkurborg
Framkvæmdasvið

VEGAGERÐIN

EN NEMM / SÍA / NM16802

WILLIAM GOLDING (1911-1993)
lést þennan dag.

„Bernska er sjúkdómur – veiki sem grær af þér.“

William Golding var enskur rithöfundur. Hann hlaut nóbelsverðlaun fyrir verk sín árið 1983. Hann skrifaði meðal annars bókina Flugnahöfðingjann.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST

Gjaldkeri Guðs finnst hengdur

Þennan dag árið 1982 fannst Roberto Calvi, mikilsmetinn ítalskur bankamaður, hengdur undir Blackfriars-brú í London. Calvi var þekktur undir nafninu „Gjaldkeri Guðs“ vegna tengsla sinnar við Vatikanið. Hann var stjórnarformaður Banco Ambrosiana í Mílanó og var flæktur í flókinn vef alþjóðasvika og leynimakks. Hans hafði verið saknað í níu daga en Calvi hafði flúið til Feneyja og rakað af sér yfirvaraskegg til að þekkjast síður. Hann virðist síðan hafa leigt flugvél til að flytja sig til London. Daginn áður en Calvi fannst látinn hafði ritari hans drepið sig með því að stökkva af fjórðu hæð höfuðstöðva bankans.

Lögreglan fór með líkfundarmál Calvis sem sjálfsmorð fyrst í stað enda hafði hann reynt að svipta sig lífi ári áður þegar hann var dæmdur í fangelsi. Síðar í mánuðinum átti að rétta yfir honum fyrir hugsanleg fjársvik vegna viðskipta við sikileyska bankamanninn Michele Sindona, sem sjálfur afplánaði 25 ára dóm fyrir fjármálamisferli. Síðar kom í ljós að Calvi var með fjóra múrsteina í jakkavösum sínum og með um fjórtán þúsund dollara í fórum sínum. Ekki var enn ljóst hvort um sjálfsmorð væri að ræða og það var ekki fyrr en árið 2002 þegar réttarlæknar komust að því að Calvi hefði í raun verið myrtur. Komst ítalskur saksóknari að þeirri niðurstöðu að Calvi hefði verið myrtur af mafíunni.

19. JÚNÍ 1982
Roberto Calvi.

MERKISATBURÐIR

1867 Maximilian Mexíkókeisari er skotinn.

1870 Þrír Íslendingar leggja af stað til Kanada. Þetta er talið upphaf fólksflutninganna miklu frá Íslandi til Vesturheims.

1915 Kvenréttindadagurinn. Konur fá kosningarétt og kjörgengi, sem fyrst í stað miðast við 40 ára aldur.

1960 Keflavíkurgangan gengin í fyrsta sinn.

1987 Útvarpshúsið í Efstaleiti í Reykjavík er tekið í notkun eftir níu ára byggingu.

1996 Fyrsta einkanúmerið, Ísland, er sett á bíl Árna Johnsen.

AFMÆLI

Össur Skarphéðinsson alþingismaður er 52 ára.

Örn Árnason leikari er 46 ára.

Ásgrímur Sverrisson kvikmyndagerðarmaður er 41 árs.

Dagur B. Eggertsson, læknir og borgarfulltrúi, er 33 ára.

FÆDDUST ÞENNAN DAG

1566 Jakob I Stuart Skotakonungur.

1834 Edgar Degas málari.

1896 Wallis Simpson, hertogaynja af Windsor.

1947 Salman Rushdie rithöfundur.

1957 Anna Lindh, fyrrum utanríkisríkisráðherra Svíþjóðar.

1962 Paula Abdul, dómari í American Idol.

TÍMAMÓT: FJÖRUTÍU OG FIMM ÁR FRÁ FYRSTU KEFLAVÍKURGÖNGUNNI

Rennblautir mótmælendur

Það hellirigndi á göngugarpa fyrstu Keflavíkurgöngunnar sem var farin 19. júní árið 1960. Það virðist þó ekki hafa dregið úr eldmóði mótmælenda en tvö hundruð gengu alla leið. Í Hafnarfirði og Reykjavík bættist í gönguna og í lok dags, eftir tólf tíma göngu, voru nokkur þúsund manns staddir á útifundinum á Lækjartorgi.

Ragnar Arnalds rithöfundur var einn af helstu hvatamönnum göngunnar og á þessum tíma var hann ritstjóri Frjálsrar þjóðar.

„Þessi ganga var auðvitað til að mótmæla vígbröltinu í heiminum sem stóð sem hæst þá,“ segir Ragnar, en á þessum tíma voru fjörutíu ár liðin frá því erlendur her kom fyrst til landsins.

Ragnar segir hugmyndina að göngunni hafa verið gripna frá Bretlandi en ein frægasta friðarhreyfingin CND, sem barðist gegn kjarnorkuvopnum, hafði stuttu áður efnt til langrar göngu frá kjarnorkuherstöð inn í miðja Lúndúnir. Þess má geta að týsmerkið, hið fræga friðarmerki, er aðalsmerki þessara samtaka og sást einnig í göngunni á Íslandi árið 1960.

Aldrei áður hafði verið farin svo löng mótmælaganga hér á landi og segir Ragnar að það hafi þótt dálítið sérkennilegt. „Þessi ganga átti eftir að draga langan dilk á eftir sér og hafði veruleg áhrif inn í alla stjórnmálaflokka,“ segir Ragnar, og bendir á að hreyfing herstöðvarandstæðinga átti eftir að magnast á þessum áratug með fleiri göngum og útifundum. Um haustið voru stofnuð Samtök hernámsandstæðinga og varð Ragnar formaður þeirra. Arftaki þeirra samtaka urðu síðar Samtök herstöðvarandstæðinga.

Ragnar átti eftir að fara í margar Keflavíkurgöngur en hann segir að líklega lifi fyrsta gangan sterkust í minningunni enda hafi hún haft sterk áhrif á alla þátttakendur.

Ungt fólk var í meirihluta í göngunni að sögn Ragnars en einnig bar töluvert á menntafólki, nafnkunnum rithöfundum, listamönnum og framáfólki í verkalýðshreyfingunni. ■

KEFLAVÍKURGANGA Fjölmennar Keflavíkurgöngur voru farnar á sjöunda áratugnum. Sú allra fyrsta var gengin 19. júní 1960.



RAGNAR ARNALDS Var einn hvatamanna að göngunni og síðar formaður Samtaka hernámsandstæðinga.

FYRSTA STARFIÐ: ÞÓRHALLUR HEIMISSON PRESTUR

Draugalegt í kirkjuturninum

„Fyrsta launaða starfinu mínu gegndi ég þegar ég var fjórtán ára og var þá kirkjuvörður að sumarlagi í Skálholtsdómkirkju,“ segir séra Þórhallur Heimisson, prestur í Hafnarfjarðarkirkju.

Hann bjó að Skálholti á þessum árum, faðir hans, séra Heimir Steinsson var rektor Skálholtsskóla og móðir hans, Dóra Þórhallsdóttir starfaði við skólann.

„Mitt hlutverk var að passa kirkjuna, selja ferðamönnum póstkort, þrífa salernin, slá grasið og sópa kirkjuturninn,“ rifjar Þórhallur upp og bætir við að starfið hafi verið fjölbreytt og skemmtilegt.

Hann man ekki lengur hve há laun hann fékk fyrir vinnuna og man heldur ekki í hvað þau runnu. „Ég var ekki að safna fyrir neinu sérstöku heldur að næla mér í smá sumarpening.“

Þó að Þórhalli hafi öllu jafna liðið vel í vinnunni komu stundir sem voru honum erfiðar. „Það var erfitt að sópa kirkjuturninn að kvöldlagi í ágúst. Þá var orðið dimmt og manni stóð ekki alveg á sama þarna efst í turninum. Það gat orðið hálf draugalegt þar á kvöldin.“

Þórhallur lauk guðfræðiprófi frá Háskóla Íslands 1988 og gegndi margvíslegum störfum innan Íslensku þjóðkirkjunnar, auk þess að þjóna í Uppsölum í Svíþjóð, áður en hann varð prestur í Hafnarfirði 1996. ■

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT

SÉRA ÞÓRHALLUR HEIMISSON Fyrsta launaða starfið hans var kirkjuvarsla í Skálholtsdómkirkju.

Afnemum VSK af öllum fatnaði

TAX FREE DAGAR

Álagður virðisaukaskattur á fatnað á Íslandi er 24,5% sem jafngildir 19,68% afslætti.

Um helgina færðu allan dömu-, herra- og barnafatnað, undirföt, sokka, og sokkabuxur án VSK.

Dagana 17.-19. júní afnemum við VSK af öllum fatnaði í verslunum Hagkaupa.

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari sölu.
Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaupa.

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla

Konur, til hamingju með
90 ára kosningarétt.
Hulda Margrét Hákonardóttir, f. 1956
Hefur kosið 8 sinnum í alþingiskosningum
Auður Karitas Ásgeirsdóttir, f. 1979
Hefur kosið tvisvar í alþingiskosningum.
Ásta Arnardóttir, f. 1964
Hefur kosið 6 sinnum í alþingiskosningum

GOTT FÓLK McCANN
Herdís Þorvaldsdóttir, f. 1923
Hefur kosið 20 sinnum í alþingiskosningum
Kristín Lilja Sigurðardóttir, f. 1988
Getur kosið í sínum fyrstu alþingiskosningum 2007
Landsbankinn
Banki allra landsmanna
Bakhjarl Barátttuhátíðar kvenna 2005

Söngvarinn **Raggi Bjarna** er samofinn þeirri tilfinningu að vera íslenskur. Þegar notaleg rödd hans tónar við fallega texta á ylhýru móðurmálinu rifjast upp fyrir mörgum angurværar minningar um ömmu í kleinubakstri og mömmu unga og dansandi káta. Þannig hefur Raggi fylgt kynslóðum Íslendinga frá blautu barnsbeini til gamals aldurs. Verið samofinn órjúfanlegum böndum bæði upplifunum og minningum fólksins. ***Þórdís Lilja Gunnarsdóttir*** átti stund með Ragga í tilefni þess að út er komin platan *Með hangandi hendi*, sem víst á eftir að ylja, gleðja og bæta sál og líkama.

Er bara fæddur svona!

FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR

ANGURVÆR STUÐBOLTI MEÐ HANGANDI HENDI Nafngift nýju plötunnar hans Ragga Bjarna, Með hangandi hendi, vísar í handatakta sem hann tók snemma upp á ferlinum, aðallega vegna feimni og óöryggis. Hvert mannsbarn þekkir þessar handahreyfingar og tekur hana upp sér til gamans og gleði þegar Raggi hefur upp raustina, vitandi vits að ekkert sem hann gerir er gert með hangandi hendi í öðrum skilningi.

Í raun hefur mér aldrei þótt spennandi að vera þekktur. Það er bara gaman að lifa þegar tónlistin skilar sér til fólksins og ævistarfið fellur í góðan jarðveg," segir söngvarinn ástsæli Ragnar Bjarnason, sem sjálfur hefur verið með frægustu Íslendingum í hálfa öld, en Raggi Bjarna er einn fárra úr elstu kynslóð skemmtikrafta sem enn stendur keikur á sviði til að gleðja landsmenn með persónutöfrum og snilligáfu sinni.

„Vissulega er mikil eftirsjá af þeim sem eru farnir, en það er enn enginn friður fyrir mér. Ég einfaldlega elska að syngja og sé ekki ástæðu til að hætta því á meðan mér er svo vel tekið," segir Raggi, sem blés á sjötugasta afmæliskertið sitt í fyrra.

„Þetta hefur verið fljótt að líða. Tíminn hefur horfið frá manni. Hins vegar hef ég aldrei orðið þreyttur á starfi skemmtikraftsins og er alveg jafn spenntur nú og fyrir fjörutíu árum. Mér hefur fundist gott að vera Raggi Bjarna. Mér þykir gott að vera innan um fólk og mitt leiðarljós hefur verið að láta gott af mér leiða og gleðja aðra, þegar ég hef getað. Ég er eins og hver annar Íslendingur sem getur raulað og ekkert öðruvísi en annað fólk."

Vertu ekki að horfa

Á Jónsmessu kemur út ný sumarplata með Ragga Bjarna, önnur í röðinni sem hann gefur út sjálfur. Sú fyrri, *Vertu ekki að horfa*, kom út í fyrra og færði honum fyrstu gullplötu ferilsins. Nokkuð sem útgefendur sáu ekki fyrir þegar hugmyndin að afmælisplötunni kviknaði.

„Ég leitaði til útgefenda en þeir voru hikandi. Því ákvað ég að gefa hana út sjálfur. Vildi standa og falla með verkinu á eigin spýtur. Engum datt í hug að platan gengi svona vel, en einmitt þess vegna hika ég ekki við að gera það sama á ný og hef bullandi trú á nýju plötunni. Reyndar var upprunalega hugmyndin að hafa afmælisplötuna tvöfalda, en það vannst ekki tími til þess og því ákveðið að ljúka verkinu núna."

Nýja platan hlaut þá viðeigandi nafngift *Með hangandi hendi*, en Raggi segir af og frá að kastað hafi verið höndum við vinnslu hennar.

„Þetta er svona létt sumarplata þar sem ég flyt gömul lög og ný. Þeir Óskar Einarsson og Þórir Baldursson sáu um útsetningar og mér til fulltingis fékk ég hljóðfæraleikarana Sigurð Flosason, Gunnlaug Breim, Jóhann Ásmundsson, Guðmund Pétursson, Samúel Samúelsson, Agnar Magnússon og Kjartan Hákonarson. Með mér syngja félagar úr Karlakórnum Fóstbræðrum, auk stúlkna úr Gospelkórnum og svo syng ég dúettinn *Ó, blessuð vertu sumarsól* með Diddú, sem mér finnst yndislegasta sumarlag okkar Íslendinga og við ættum að syngja hástöfum frá sumardeginum fyrsta til sumarloka. Þá endurvekjum við Þorgeir Ástvaldsson okkar frægasta lag frá 1981; *Ég fer í fríið*, en við Þorgeir vinnum enn saman sem dúett við ýmsa mannfagnaði þar sem við tökum að okkur veislustjórn, tónlist og annað. Með *Til eru fræ* heiðra ég minningu vinar míns Hauks Morthens, sem einnig var mitt helsta átrúnaðargoð, og í *Megi dagur hver fegurð þér færa* þakka ég þjóðinni fyrir öll árin og viðtökurnar við afmælisplötunni í fyrra," segir Raggi og bætir við að hann sé yfir sig ánægður með nýju plötuna, sem hann tekur fram að sé engin kveðjuplata.

„Ég er svoddan unglingur og tíminn langt í frá að renna mér úr greipum. Ég er í góðu formi og hef göslast í gegnum þetta á bjartsýni og gleði. Hef ekki hugmynd hví ég held mér svo vel. Held það sé vegna þess að ég hef húmor fyrir sjálfum mér og lífinu. Hef ekki lagt í vana minn að fylla sjálfan mig áhyggjum og veseni. Ég lifi ósköp venjulegu lífi, en passa að hakka ekki endalaust í mig kökur og fínerí. Það gerir svo mikið fyrir fólk að taka lífinu ekki of alvarlega. Lífið er ekki svo langt að það taki því."

Með hangandi hendi

Það var árið 1960 að Raggi Bjarna sló í gegn með dægurlaginu *Vertu ekki að horfa*. Hann segir það engu hafa breytt. Hann hafi áfram haldið jarðsambandi, þrátt fyrir að vera orðin ein skærasta stjarna íslenskrar dægurmenningar.

„En það varð allt vitlaust. Í útvarpinu voru óskalagaþættir þar sem fólk sendi inn kveðjur til vina og ættingja, og hefði verið nóg að spila aðeins *Vertu ekki að horfa* og lesa svo kveðjurnar, því svo mikið var beðið um lagið á þeim tíma. Nú eru 45 ár síðan ég söng það fyrst og enn syngja allir lagið hástöfum, sem er ótrúleg upplifun," segir Raggi og brosir blítt.

„Ég var staddur á réttum stað á réttum tíma, og fólki þótti snemma gaman að grínast með hangandi hönd mína, sem ég hef aldrei almennilega getað útskýrt. Held helst að ég hafi verið bæði hræddur og taugaóstyrkur og ekki vitað hvað ég ætti að gera við hana. Jah, nema ég sé bara fæddur svona!" segir Raggi og hlær dátt.

„Galdurinn við velgengnina er fólkið sjálft. Það hjálpar líka að vera jákvæður og syngja tónlist sem fólk kann að meta og getur tekið þátt í. Einnig að forðast að rembast við eitthvað sem enginn botnar í."

Draumar og þrár

Þegar Raggi var lítill drengur og einn heima, lagði hann stofuna undir sig og söng hástöfum. Þóttist vera stórstjarna.

„Pabbi, sem var með Hljómsveit Bjarna Böðvarssonar, fór með mig ungan að Minni-Borg í Grímsnesi til að hlusta á Hauk Morthens. Hafi ekki verið búið að kveikja í mér þá, var ekki aftur snúið eftir að hafa hlustað á Hauk. Nú var ég ákveðinn hvað ég vildi verða stór og tók stefnuna á söngframa, svona leynt og ljóst. Lærði á trommur hjá Svavari Gests, lauk prófi frá FÍH og trommaði fyrir hina og þessa fyrstu árin, eða allt þar til ég söng fyrir slysni á Akureyri, þegar vantaði vanan trommuleikara sem líka gat sungið."

Raggi fékk síðar tækifæri til að tromma undir söng Hauks Morthens þegar þeir voru saman í hljómsveit Árna Ísleifs, en aldrei sungu þeir saman.

„Sem er synd og ég trega enn í dag. En bransinn var líflegur þá eins og nú, og ekkert öðruvísi. Menn voru ungir og friskir; mikið að gera. Hefði maður haft einhverja löngun til hefði maður getað verið á kafi í slíkum lifnaði en við unnum stíft, æfðum fimm sinnum í viku og spiluðum á hverju kvöldi, með lítinn tíma aflögu," segir Raggi, sem aldrei hefur tekið sér pásu frá tónlistarbransanum.

„Ég fékk aldrei þessa frægðardellu. Reyndi aldrei að slá í gegn í útlöndum. Var eitt sinn staddur í New York þegar menn frá sjónvarpsþætti Johnny Carsons hringdu og buðu mér í prufu til að syngja í amerísku sjónvarpi, en ég sleppti því. Hafði bara ekki áhuga."

Frægastur eftir 70 mínútur

Í spilaranum hjá Ragnari er tónlist ungra Íslendinga, en hann

VILTU SKJÓL Á VERÖNDINA?

MARKISUR

www.markisur.com

Hrein Fjárfesting ehf

REX

Dalbraut 3, 105 Reykjavík · Nánari upplýsingar í síma 567-7773 og 893-6337 um kvöld og helgar

kaupir reglulega það nýjasta frá ungu kynslóðinni.

„Mér finnst tónlist unga fólksins yndisleg. Við eigum þvílíkt af hæfileikafólki, eins og heyrist á þessum snillingum sem spila með mér á nýju plötunni. Ég væri meira en tilbúinn að vinna meira með ungum tónlistarmönnum, segjum til dæmis strákunum í Mínus,“ segir Raggi, sem tileinkar plötuna góðum vini sínum, Stefáni heitnum Jóhannssyni trommuleikara.

„Stefán trommaði hjá mér í fimmtán ár, en lést fyrir aldur fram. Sonur hans Björn er trommuleikari í Mínus og spilar enn á trommusett pabba síns. Ég hefði vissulega áhuga á einhverskonar samstarfi og reyndar er svo margt sem mig langar að gera, en þó fyrst og fremst að halda áfram að syngja. Það er það eina sem ég veit fyrir víst.“

Hinir gömlu, góðu tímar þegar Ragnar söng við undirleik stórhljómsveita á gamaldags dansleikjum eru liðnir, og nútíminn með heldur öðru sniði.

„Nú leggur maður af stað út klukkan eitt á nóttunni, en í gamla daga vorum við að koma heim úr Þórskaffi á þeim tíma. Eins og annað í lífinu tekur dansleikjahald breytingum, en auðvitað voru þetta yndislegir tímar. Við enduðum alltaf á *Við bjóðum góða nótt*, rétt eins og hljómsveitin hans pabba. Þá vissi fólk að ballið var búið og að nú yrði að ná sér í félagsskap eða sleppa því. Rómantíkin sveif yfir og mörg hjörtu án efa náð saman undir því fagra lagi,“ segir Raggi brosmildur og sívinsæll.

„Ég hef voðalega gaman af því að syngja fyrir ungt fólk, enda virðast þau hafa gaman af þeim gömlu lögum sem ég syng. Unglingar vilja lög sem þau geta lært og sungið með, eins og *Flottur jakki*. Ég held ég hafi orðið frægastur eftir veru hjá strákunum í *70 mínútum*, því þá þurfti ég



að skrifa eiginhandaráritanir á hendur sex og sjö ára barna hvert sem ég fór,“ segir Raggi hláturmildur; þakklátur íslensku þjóðinni.

„Mér þykir vænst um að Guð skyldi gefa mér tækifæri til að gera það sem ég geri, gefa mér möguleika og fá að vera svona lengi. Af einstöku lagi þykir mér vænst um *Barn* við kvæði Steins Steinars, en Svarvar Gests fékk mig til að semja lag við ljóðið. Ég skildi ekki hvers vegna, því ég hafði aðeins búið til *Rokk og tja,tja,tja*, en sem betur fer tókst mér vel upp. Fólk kann enn lagið og þykir vænt um það. Um meira bið ég ekki,“ segir Raggi Bjarna að lokum, hangandi hendi.

NAFNIÐ MITT > ILMUR

ILMUR KRISTJÁNSDÓTTIR LEIKKONA

Skírð eftir sögupersónu

„Systir mín kallaði mig alltaf fýlu en ég tók það aldrei inn á mig þegar mér var strítt á nafninu, ég var orðin svo sjóuð í þessu,“ segir Ilmur Kristjánsdóttir, leikkona, um nafnið sitt. Ilmur er sjaldgæft nafn á Íslandi en aðeins þrettán konur bera það sem fyrsta nafn. IIlmur er ekki skírð í höfuðið á neinum – að minnsta kosti ekki persónu í raunveruleikanum. „Foreldrar mínir voru báðir búnir að lesa Búrið eftir Olgu Guðrúnu Árnadóttir, þar er persóna sem heitir Ilmur. Svo voru þau að gera lista yfir nöfn sem þau vildu á mig og þetta var eina nafnið sem var á báðum listum,“ segir hún. „Þetta var svona hippaskírn, mér var gefið nafn í Campari-boði undir ljóðalestri.“ Olga Guðrún sjálf gaf Ilmi formlega nafnið, og reyndar öðrum systkinum leikkonunar, en Olga er fjölskylduvinur. „Nafnið er komið úr norrænni goðafræði, einhver undirheimagyðja. Eins og ég er, undirheimagyðja,“ segir Ilmur, en einnig eru kenningar um að nafnið sé dregið af nafnorðinu *ilmur* og merki *ilmandi* eða af trjáheitinu *álmur*.

ILMUR KRISTJÁNSDÓTTIR Er skírð í höfuðið á persónu úr bókinni Búrið eftir Olgu Guðrúnu Árnadóttur.

FYRSTA ÞINGKONAN
Þegar Kvennalistinn bauð fram 1922 var Ingibjörg H. Bjarnason þar efst á lista. Flokkurinn hlaut 22,4 prósent atkvæða og einn mann kjörinn. Ingibjörg varð því fyrst kvenna til að setjast á Alþingi Íslendinga. Hún var þingmaður til 1930, bæði fyrir Kvennalistann og Íhaldsflokkinn, sem varð að Sjálfstæðisflokki. Frá árunum 1925 til 1927 var Ingibjörg 2. varaforseti efri deildar Alþingis.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÞJÓÐMINJASAFN

HÁTÍÐARHÖLDIN 7. JÚLÍ 1915 Það var mikill góðviðrisdagur þegar konur fögnuðu kosningarétti sínum. Gengið var niður á Austurvöll í fjölmennustu samkomu sem sést hafði í þann tíð. Ungar stúlkur gengu fremst og veifuðu allar íslenska fánanum. Þetta er sennilega í fyrsta sinn sem íslenska fánanum er flaggað svo víða.

Við heilsum glaðar framtíðinni

Það var mikil bjartsýni í ræðu Bríetar Bjarnhéðinsdóttur við hátíðarhöldin 7. júlí 1915 til að fagna kosninga- og kjörgengisrétti kvenna til alþingis. *Svanborg Sigmarsdóttir* ræddi við **Auði Styrkársdóttur**, forstöðukonu Kvennasögusafnsins um kosningarétt kvenna og hátíðarhöldin fyrir 90 árum.

Íslenskar konur hafa haldið upp á 19. júní nú í 90 ár, þar sem 19. júní 1915 var dagurinn sem konur fengu kosninga- og kjörgengisrétt í þingkosningum. Dagurinn var ekki valinn sérstaklega, heldur reyndist þetta bara vera sá dagur sem konungur skrifaði undir lögin á ríkisráðsfundi. Rétturinn var þó bundinn konum 40 ára og eldri. Árlega áttu svo aldursmörkin að lækka um eitt ár, þar til almennum kosningarétti yrði náð. Svo var það allt þar til 1920 þegar ný stjórnarskrá tók gildi. Þá loks fengu konur fullan og skilyrðislausan kosningarétt og kjörgengi til þings á við karla.

Til að fagna kosningarétti kvenna stóðu Kvenréttindafélagið og Hið íslenska kvenfélag, auk kvenfélaga í Reykjavík fyrir miklum hátíðarhöldum á fögrum sumardegi 7. júlí 1915, daginn sem Alþingi var sett fyrir sumarfund sinn. Dagskráin hófst klukkan 17:20, þar sem konur gengu fylktu liði um miðbæinn og inn á Austurvöll, með hóp ungra stúlkna fremstar í flokki. „Það sem er merkilegast við þessa göngu er að þetta er fjölmennasta samkoma sem hafði sést á landinu í þann tíð," segir Auður Styrkársdóttir, forstöðukona Kvennasögusafnsins. „Sennilega er þetta einnig í fyrsta sinn sem íslenski fáninn sést svona víða. Þetta var ákaflega íslensk samkoma." Ungu stúlkurnar sem gengu fremstar í flokki göngunnar veifuðu allar íslenska fánanum, en sama dag og konungur skrifaði undir lög um kosningaþátttöku kvenna, skrifaði hann einnig undir lög um íslenska fánann.

Þegar niður á Austurvöll var komið gekk sendinefnd kvenna inn í þinghúsið. Þar lásu þær upp og afhentu þinginu ávarp frá konum þar sem var þakkað fyrir þennan rétt. Á móti hrópaði þingheimur þrefalt húrra fyrir konum.

Eftir að hafa gengið á fund þingheims hófust hátíðarhöldin á útifundi á Austurvelli með söng og ræðum Bríetar Bjarnhéðinsdóttur og Ingibjargar H. Bjarnason. Flutt var minni kvenna og sungið Eldgamla Ísafold. Í ræðu sinni rak Bríet sögu íslenskrar jafnréttisbaráttu og hvernig rætt var um kosningaréttinn á þinginu og um hann skrifað í blöð. Ræðurnar voru uppfullar af bjartsýni á framtíðina og sterkari stöðu kvenna og undir lok ræðu sinnar sagði Bríet; „Við heilsum glaðar framtíðinni." Um kvöldið var svo haldið fjölmennt kaffisamsæti í Iðnó auk sigurhátíða víða um land.

Auður segir það sérílenskt fyrirbrigði að takmarka kosninga- og kjörgengisrétt við konur yfir fertugt, og engin fordæmi séu til um þetta erlendis. „Þeir voru hræddir við konur sumir hverjir, hræddir við mátt íslenskra kvenna. Frá Kvennaframboðinu í Reykjavík höfðu þeir reynslu af því að konur væru í pólitík og létu mikið að sér kveða. Það var nefnt í umræðum á þingi að þær gætu kollvarpað hér íslenskum stjórnmálum. Þeir reyndust sannspáir um að Íslenskar konur myndu bjóða fram kvennalista, eins og fram kom með kvennaframboðinu 1922. Konunum gekk ekkert innan flokkanna sem vildu ekkert hafa þær með. Þetta er ástæðan fyrir kvennaframboðinu í Reykjavík 1908 og kvennaframboðinu 1922; þeim voru ekki boðin örugg sæti á listum. Það er að minnsta kosti það sem þær segja sjálfar. Það var þvílíkur kraftur sem bjó í þessum konum. Þær ætluðu sér hálfan heiminn."

Í bókinni Veröld sem ég vil, segir Sigríður Th. Erlendsdóttir frá því að helstu rök þingmanna fyrir 40 ára ákvæðinu hafi verið að „mikið skorti á að konur væru búnar undir skyldur þær sem réttindunum fylgdi og því væri varhugavert að „kasta þeim öllum allt í einu út á landsmálavígvöllinn." Öðru máli gengdi með karla sem byggjust við því frá blautu barnsbeini að þeim bæri réttur og skylda til að taka þátt í stjórnmálum og gætu því búið sig undir það með ýmsum hætti." Eins og áður sagði giltu þessi lög einungis í fimm ár, en árið 1920 fengu konur loks sama lagalegan rétt til kjörgengis og kosningaréttar.

Heilladísirnar hlusta á Þingvöllum

Frú Vigdís Finnbogadóttir var fyrsta konan sem kosin var forseti í almennum kosningum 65 árum eftir að konur fengu rétt til að kjósa og bjóða sig fram í þingkosningum. *Svanborg Sigmarsdóttir* ræddi við hana um stöðu jafnréttismála.

„Mér finnst vera ansi langt í land," segir frú Vigdís Finnbogadóttir þegar blaðamaður spyr hana álits á stöðu jafnréttismála í dag. Hlut Vigdísar í jafnréttisbaráttunni kannast allir við, frá því hún var kosin forseti árið 1980, fyrsta konan í heimi sem kosin var til þessa embættis. Sjálf segir frú Vigdís að kosningin 1980 hafi verið merkilegur atburður, burtséð frá því hvort hún eða einhver önnur kona hefði verið kosin. „Ég er ákaflega hreykin af Íslendingum fyrir að þora að senda þessi skilaboð út í heim, skilaboð sem voru heimsfréttir." Í sinni stöðu fékk frú Vigdís svo tækifæri til að ræða um stöðu kvenna og jafnrétti kynjanna andspænis mönnum úr þjóðfélögum þar sem konur fá ekki að taka til máls.

Þegar frú Vigdís er spurð nánar út í hvað þurfi að bæta í jafnréttismálum segir hún að það sé algjörlega óviðunandi að það skuli aftur og aftur bera til tíðinda að konur sitji ekki við sama borð í launamálum. „Og það er margt annað sem þarf að huga að. Það þarf að taka því sem gefnum hlut að konur séu jafningjar karla. Konur standa með körlum í samfélaginu, en mér finnst að karlar hliðri sér hjá að vera þar sem konur eru að ræða málefni kvenna. Ég ber mikla virðingu fyrir karlmönnum og er ákaflega hlýtt til þeirra. En ég tek það nærri mér að þeir finni ekki leið til að standa þéttingsfast með konum. Jafnrétti er farsælast allra leiða. Karlar hliðra sér hjá að standa með konum og hlusta ekki á þeirra málflutning. Þegar verið er að ræða málefni kvenna, þá safnast konur saman. Við vitum að það er alveg ljóst að þeir eru vinir kvenna og konur eru miklir vinir karla. Ég bíð eftir því og fagna því þegar karlar koma auga á það hvernig þeir eiga að sýna konum virðingu og vinsemd. Því vona ég að karlar flykkist á Þingvöll til að sýna konum samstöðu."

Í KARLAHEIMI Sem forseti Íslands var frú Vigdís komin inn í karlaheim. Hún saknar karla þegar rætt er um málefni kvenna.

Ef horft er til baka, í stað þess að skoða nútíð og framtíð jafnréttis, eru þeir margir tímamótaatburðirnir í jafnréttismálum sem skipta sköpum fyrir stöðu kynjanna í dag. Af þeim segir frú Vigdís að þrír skeri sig úr: þegar hún var kosin forseti, kvennafrídaguriinn 24. október 1974, sem hafi verið upphafið af því af farið var að leita að konum til að bjóða sig fram í embætti forseta og þegar konur tóku sig saman til að stofna stjórnmálasamtök, sem hafi breytt hinu pólitíska litrófi.

FRÚ VIGDÍS FINNBOGADÓTTIR Forseti Íslands 1980 til 1996.

Frú Vigdís heldur hátíðarávarp á Þingvallafundi í dag sem Feministafélag Íslands, Kvenréttindafélag Íslands, Kvenfélagasamband Íslands, Kvennasögusafn Íslands, Kvennakirkjan, Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum, Samtök um kvennaathvarf, Stígamót og UNIFEM á Íslandi standa fyrir. Hún segir að á 90 ára afmæli kosningaréttar kvenna sé tækifærið til að benda á að það er langt í land í jafnréttismálum og við þurfum að taka okkur taki. „Við erum ekki á hinni réttu braut, svona menntuð og skynsöm þjóð sem við annars erum. Þessi hátíð á Þingvöllum, þetta verður söguleg stund á stað þar sem var haldin lýðveldishátið, þjóðveldishátíð, 1100 ára afmælis Íslands byggðar var minnst og nú minnumst við 90 ára kosningaréttar kvenna. Ef heilladísirnar heyra ekki okkar kall á Þingvöllum veit ég ekki hvar þær hafa sínar hlustir."

NÆSTA VERKEFNI > JAFNRÉTTISBARÁTTUNNAR

VIÐ ÞESSI TÍMAMÓT, SEM 90 ÁRA AFMÆLI KOSNINGARÉTTAR KVENNA ER, ER VIÐ HÆFI AÐ LÍTA AÐEINS FRAM Á VIÐ OG ÞVÍ VORU FJÓRIR KARLAR OG FJÓRAR KONUR, SEM STANDA FRAMARLEGA Á SÍNU SVIÐI, SPURÐ AÐ ÞVÍ HVERT VÆRI NÆSTA VERKEFNI JAFNRÉTTISBARÁTTUNNAR.

ÚTRÝMA KYNBUNDNUM LAUNAMUN

„Það eru launamálin; að útrýma kynbundnum launamun og að launa störf sem snúast um fólk jafn vel og störf sem snúast um vélar eða peninga, eða betur."

ELSA B. FRIÐFINNSDÓTTIR
> Formaður Félags íslenskra hjúkrunarkvenna

VERKEFNIÐ ÞAÐ SAMA

„Næsta verkefnið í jafnréttisbaráttunni er það sama og síðasta; að tryggja að allir einstaklingar, jafnt karlar sem konur, séu metnir að verðleikum og hver og einn geti látið ljós sitt skína."

BJÖRGÓLFUR GUÐMUNDSSON
> Formaður bankaráðs Landsbankans

STANDA SAMAN

„Við þurfum vandlega að meta stöðu kvenna á Íslandi og afrakstur jafnréttisbaráttunnar í samfélagslegri nærmynd og taka næstu skref í samræmi við niðurstöður. "

GUÐFINNA BJARNADÓTTIR
> Rektor Háskólans í Reykjavík

VERKEFNIN MÖRG

„Það eru mörg brýn verkefni. Það sem ég er með á mínum forgangslista er að jafna launamun kynjanna. Margir þurfa að leggjast á árar en hjá mér eru hægust heimatökin gagnvart starfsfólki ríkisins."

ÁRNI MAGNÚSSON > Félagsmálaráðherra

ENDURNÝJUN UMRÆÐUNNAR

„Mér finnst nauðsynlegt að jafnréttisumræðan endurnýi sig með áherslu á launajafnrétti og stjórnun fyrirtækja. Næsta verkefni má þó ekki verða á kostnað þess árangurs sem við höfum náð."

STEINUNN VALDÍS ÓSKARSDÓTTIR
> Borgarstjórinn í Reykjavík

AÐ NÁ LAUNAJAFNRÉTTI

„Mikilvægast finnst mér að greidd verði sömu laun fyrir sömu vinnu hver svo sem á í hlut. Mikið hefur færst í rétta átt í því sambandi en þetta er ekki komið í höfn að fullu enn ."

HALLDÓR ÁSGRÍMSSON
> Forsætisráðherra

LAUNAMÁLIN

„Það er launamálin. Því miður er launamunur karla og kvenna fyrir sömu eða sambærileg störf staðreynd á Íslandi. Þetta finnst mér vera næsta mál í jafnréttisbaráttunni hér á landi."

ELÍN HIRST
> Fréttastjóri Ríkissjónvarpsins

FER Í TÆKNINÁM

„Atvinnulífið á Íslandi hefur breyst mikið á stuttum tíma í upplýsingasamfélag. Ungar konur eiga að kveikja á þeim möguleikum sem það felur í sér og fara frekar í tækninám og gerast frumkvöðlar í atvinnulífinu. ."

SVEINN HANNESSON > Framkvæmdastjóri Samtaka Iðnaðarins

DAGSKRÁ 19. JÚNÍ >

Baráttuhátíð verður haldin í dag á **ÞINGVÖLLUM** í tilefni af **90 ÁRA AFMÆLI KOSNINGARÉTTAR KVENNA**. Hópferðamiðstöðin verður með rútuferðir til og frá Þingvöllum. Farið verður **KLUKKAN 12** frá Tækniháskóla Íslands og Aðalbyggingu Háskóla Íslands. **KLUKKAN 16** verður lagt af stað frá Þingvöllum til Reykjavíkur. *Eftir það eru ferðir á 15 mínútna fresti til 17.*

ALMANNAGJÁ
13:00 Gengið niður Almannagjá
LÚÐRABLÁSTUR: Undir stjórn Lilju Valdimarsdóttur
VALKYRJUR OG ÁLFAMEYJAR: Undir stjórn Auðar Bjarnadóttur
KÓRSÖNGUR: Kvennakór Reykjavíkur
DREKKINGARHYLUR: 18 rósir settar í hylinn í minningu þeirra 18 kvenna sem drekkt var þar

HÁTÍÐAR- OG BARÁTTUDAGSKRÁ Á EFRIVÖLLUM
14:15 STRENGJAKVARTETTINN LOKI
SETNING DAGSKRÁR
ÁVARP: Kristín Ástgeirsdóttir, sagnfræðingur
Kórsöngur
ÁVARP: Kristín Tómasdóttir, nemi
Ljóðalestur
Kórsöngur
Gerð Þingvallafundar lesin upp og afhent Árna Magnússyni, jafnréttisráðherra
HÁTÍÐARÁVARP: Frú Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands
Kórsöngur og fjöldasöngur
FUNDARSTJÓRI: Rósa Björk Brynjólfsdóttir, dagskrárgerðarkona og ritstjóri 19. júní 2005. Kvennakór Reykjavíkur og Sigrún Hjálmtýsdóttir, sópran, syngja. Samband sunnlenskra kvenna verður með kaffi- og veitingasölu á Efrivöllum.

KVENNAMESSA Í LAUGARDAL
20:30 KVENNAMESSA
Séra Auður Eir Vilhjálmsdóttir predikar. Kór Kvennakirkjunnar leiðir söng undir stjórn Aðalheiðar Þorsteinsdóttur.

Nýr miðbær Garðabæjar í mótun

Kynning á hugmyndum

Hugmynd að þróun og uppbyggingu nýs miðbæjar Garðabæjar verður kynnt í Tónlistarskóla Garðabæjar, Kirkjulundi 11, þriðjudaginn 21. júní kl. 17-19.

Unnið er að hugmyndunum í samvinnu við Klasa hf. Svæðið, sem hugmyndirnar taka til, nær frá Garðatorgi að Hafnarfjarðarvegi þar sem stefnt er að því að byggja upp miðsvæði með íbúðum, verslunum, veitingastöðum, þjónustu og menningarstarfsemi.

Farið verður yfir hugmyndirnar í heild í sal Tónlistarskólans kl. 17.10 og 18.10, en auk þess munu þær hanga uppi í anddyri Tónlistarskólans þar sem hægt verður að skoða þær og ræða við ráðgjafa og starfsmenn Garðabæjar.

Garðbæingar og aðrir eru hvattir til að kynna sér hugmyndirnar á vinnslustigi, skila inn ábendingum og taka þannig þátt í að móta endanlega tillögu.

Hægt er að senda athugasemdir, ábendingar og tillögur með því að:

- velja Samráð á vefsvæðinu Minn Garðabær
- skila þeim bréflega á bæjarskrifstofur Garðabæjar, Garðatorgi 7, 210 Garðabæ og merkja þær skipulagsfulltrúa
- senda tölvupóst sem merktur er skipulagsfulltrúa á gardabaer@gardabaer.is.

Skipulagsfulltrúi Garðabæjar

GARÐABÆR
www.gardabaer.is

HLEMMUR +

Kynningarfundur í strætóstöðinni á Hlemmi 20. júní 2005

Skipulags- og byggingarsvið Reykjavíkurborgar boðar til opins kynningarfundar um framkvæmdir í nútíð og framtíð á Hlemmi og í næsta nágrenni.

Fyrirliggjandi eru m.a. tillögur að

- mikilli uppbyggingu íbúðarhúsnæðis við Þverholt og Einholt.
- uppbyggingu atvinnuhúsnæðis við Borgartún.
- uppbyggingu íbúðarhúsnæðis og skólabyggingu við Sóltún.

Einnig verður nýtt umferðarskipulag á svæðinu kynnt ásamt nýju leiðarkerfi Strætó bs.

Kynningarfundurinn verður í strætóstöðinni á Hlemmi **mánudaginn 20. júní nk. kl. 17:30.** Allir velkomnir.

Íbúar á svæðinu og aðrir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta eru sérstaklega hvattir til að mæta og kynna sér fyrirhugaðar framkvæmdir.

Reykjavíkurborg
Skipulags- og byggingarsvið

97·7

Enginn viðbjóður

HEFUR MATUR ÁHRIF Á KYNHVÖTINA?

Með sama sköpulag, bragð og lykt

Ýmsar fæðutegundir hafa orð á sér fyrir að vera frygðarlyf, en um það er deilt og ekki allir á sama máli.

Einhyrningshorn eru sögð gera karla óstöðvandi í kynlíf, sem og aspas, bananar, áll, ostrur, fíkjur og ginseng. Þessar fæðutegundir eru taldar örvandi vegna anganar sinnar, bragðs eða sköpulags, en einhyrningshorn, aspas, bananar og áll eru öll reðurleg í lögun sinni. Því trúa sumir að viss líffæri lengist, styrkist og stinnist með áti þeirra.

Ostrum og fíkjum svipar til skapa kvenna og ilma keimlíkt þegar þau er kynferðislega örvuð. Með því að gleypa þetta lostæti vonast menn til þess að kynfæri þeirra verið álíka sleip og bragðgóð.

Bragðsterk fæða eins og laukur, engifer og pipar er talin áhrifarík því hún hitar fólk og kemur út svitanum, sem minnir á kynferðislegan æsing. Og allt sem er sætt eða kryddað róar hugann og kemur honum í stuð fyrir frekari nautnir.

BANANAR Fæðutegundir sem hafa reðurlegt sköpulag eru taldar hafa sömu sköpulagsáhrif á karlmenn, meðan safaríkari matvæli eiga að virka betur á kynhvöt kvenna.

En virka þessi frygðarlyf? Nei. Ekkert þeirra, né önnur sem þú hefur heyrt um, hefur áhrif á frammistöðu þína í bólinu né er kynörvandi. Þótt sumar fæðutegundir hafi greinileg áhrif á skap okkar, eins og áfengi sem er slökunarlyf á líkama og sál, auk þess sem kaffi og sykur gefa skyndiorku. Hins vegar hefur mataræði langtíma áhrif á líðan okkar. Þeir sem borða mikið af fiski og grænmeti finna fljótt til vellíðunar og þá eykst kynhvötin gjarnan í samsvarandi mæli.

Í öldnum ritum um ástina má finna uppskriftir sem eiga að vekja ást og unað. í „The Perfumed Garden“ frá sautjándu öld eru laukfræ, hunang, kanill, engifer, kardimommur, möndlur og furuhnetur sögð áhrifarík unaðsfæða, og í „Kama Sutra“ er talað um hrúts-og geitapunga soðna í sætri mjólk.

Þá er lífsseig goðsögnin um spænsku fluguna, sem búin er til úr þurrkuðum bjöllum og sögð gera menn óseðjandi ef tekin inn sem duft eða tafla. Hið rétta er að spænska flugan er eitruð og getur verið skaðleg þegar hún truflar starfsemi blöðrunnar og veldur sárum verk og sýkingu sem síðar getur leitt til ófrjósemi.

VERÐLAUNAKROSSGÁTAN

NR. 12



Í sunnudagskrossgátu Fréttablaðsins eru gefnir 4 bókstafir sem á að færa inn í númeraða reiti. Í dag er F til dæmis í reit merktum 11 og fer þá F í alla aðra reiti með því númeri. A er í reit númer 9 og fer í alla aðra reiti gátunnar númer 9 o.s.frv. Til þess að leysa gátuna þarf að finna út hvaða bókstafir eiga að standa í auðu reitunum (bókstafirnir c, z, q og w eru ekki notaðir). Þegar því verkefni er lokið er hægt að finna lausnarorð gátunnar, sem er í þetta sinn kvenmannsnafn sett saman úr stöfum reita númer 29-9-14-22-28-13 (í þessari röð).*

Lausnarorð

29	9	14	22	28	13

Lausnarorðið er hægt að senda inn með SMS-skeyti í númerið 1900. Dæmi um það hvernig SMS gæti litið út ef lausnarorðið væri Jón: þá sendir þú SMS sem segir: **JA LAUSN JON** í númerið 1900.

*Ráðning gátunnar birtist í blaðinu eftir tvær vikur.

Dregið verður næstkomandi fimmtudag kl. 12.

SMS-skeytið kostar 99 krónur.

Lausn nr. 11

SMS-GÁTAN:

Hvað veist þú um Foo Fighters?

Merktu við rétt svör. Stafirnir fyrir framan hvert rétt svar mynda lausnarorð sem þú sendir í þjónustunúmerið **1900**.

Dæmi: Lausnarorðið er páfinn. Þú sendir skeytið **JA MYND** PAFINN í þjónustunúmerið 1900.

Leystu gátuna! Þú gætir unnið miða á einn stærsta rokkviðburð ársins, tónleika Foo Fighters og Queen of the Stone Age.“

Hvaða ár var Foo Fighters stofnuð?
a) 1993 g) 1995 f) 1997

Í hvaða frægu hljómsveit var Dave Grohl áður?
ó) Queen e) Pearl Jam r) Nirvana

Hvað hefur Foo Fighters gefið út margar plötur að „In Your Honor“ meðtalinni?
o) 5 k) 4 l) 6

Hvaða ungu íslensku hljómsveit uppgötvaði Foo Fighters?
i) Jakobínarína ó) Sign h) Nilfisk

Hvað eru liðsmenn Foo Fighters margir?
n) 3 m) 5 l) 4

Vinningshafar í SMS-leik síðustu viku voru:

Guðjón E. Guðjónsson, Óskar Sigurðsson, Davíð Einarsson.

SMS skeytið kostar 99 krónur.

Leystu krossgátuna!

Þú gætir unnið nýju diskana hans Bubba Morthens; Ást og Í sex skrefa fjarlægð frá Paradís.

Vinningshafar krossgátunnar í síðustu viku voru:
Ósk Ólafsdóttir, Ásgeir Sigurðsson

allt - atvinna

ER ÞÍN ATVINNUAUGLÝSING HÉR? MEST LESNA ATVINNUBLAÐ LANDSINS

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
REYKJAVÍK	2.54	13.29	00.04
AKUREYRI	1.28	13.14	1.01

Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

Góðan dag!

Í dag er sunnudagur 19. júní, 170. dagur ársins 2005.

Sölumaður
Gæðastjóri
Leikskólakennari
Píanókennari
Læknar
Hjúkrunarfræðingar
Launafulltrúi
Viðgerðarmenn
Kennarar
Kerfisstjóri
Stuðningsaðili
Bifvélavirki
Umsjónamaður fasteigna
Sumarstörf
Heilsugæslulæknir
Deildarstjóri
Vélamenn
Sérkennari
Fjármálastjóri
Sölu- og markaðsstjóri
Verslunarstjóri
Járnsmiður
Sölufulltrúi

ÞÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á visir.is
visir

FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL BERGMANN

Íris vann á leikskóla í fyrra sumar en meðhöndlar nú ál í steypuskála álversins í Straumsvík.

Lítið pláss fyrir gellutakta

Íris Hauksdóttir starfar í sumar við gæðastjórnun hjá Alcan í Straumsvík. Hún segir starfið skemmtilegt og kippir sér ekki upp við skít og drullu.

„Ég vinn við gæðaeftirlit í steypuskálanum. Álið kemur frá kerskálanum og inn til okkar í steypuskálann þar sem það er steypt í mót. Ég tek við því þegar það er harðnað og þá þarf að gera á því sprungumælingar, vetnismælingar og taka alls konar sýni," segir Íris og viðurkennir að dálítil ábyrgð fylgi starfinu.

Íris er búin að vinna í álverinu í nokkrar vikur og segist enn vera að koma sér inn í starfið sem er ólíkt öðrum störfum sem hún hefur tekið sér fyrir hendur. „Þetta var hálfgert menningarsjokk fyrst og ansi margt sem ég þurfti að læra. Vinnutíminn er líka strembinn. Við vinnum langar vaktir og á öllum tímum sólarhringsins, það tók tíma að venjast því en nú er ég komin inn í þetta. Á móti kemur að maður fær góð frí inn á milli og getur þá gert eitthvað skemmtilegt."

Írisi líkar stórvel í vinnunni og segir álverið góðan vinnustað. Vinnuandinn sé góður og starfsfólkið skemmtilegt. „Strákarnir eru náttúrlega í meirihluta en þeir hafa ekkert á móti því að fá stelpur í álverið. Fyrirtækið rekur öfluga jafnréttisstefnu og þótt karlar séu í meirihluta er til dæmis tekið mikið af stelpum inn í sumarafleysingar," segir Íris og bætir því við að strákarnir taki stelpunum vel og séu afskaplega ljúfir við þær.

Íris tók á sínum tíma þátt í fegurðarsamkeppni Íslands og vill ekki kannast við að álver sé óhentugur vinnustaður fyrir fegurðardrottningar. „Þetta er auðvitað frekar sóðaleg vinna. Álið er 750 gráðu heitt þegar það kemur inn til okkar svo það er mikill hiti hér og alls konar óhreinindi líka. Ég þarf að vera í rosagalla til að hlífa mér og það er lítið pláss fyrir gellutakta. En það er í góðu lagi," segir Íris. ■

LIGGUR Í LOFTINU
í atvinnu

Mannréttindi Helstu heildarsamtök launafólks, auk Öryrkjabandalagsins og Landssambands eldri borgara hafa samþykkt sameiginlega ályktun þar sem lögð er áhersla á mikilvægi starfs Mannréttindaskrifstofu Íslands og að henni sé tryggt nægilegt fé til að hún geti notið sjálfstæðis í starfi og sinnt því starfi sem henni er ætlað.

Atvinnuástand Samkvæmt nýjum tölum Vinnumálastofnunar batnaði atvinnuástandið í maí miðað við sama tíma í fyrra. Þetta er áframhald á þróun sem varð vart í upphafi þessa árs. Svo virðist sem viðsnúningurinn í efnahagslífinu frá árinu 2003, með auknum fjárfestingum og kraftmiklum hagvexti sé farinn að skila sér í fjölgun starfa og minna atvinnuleysi. Hins vegar virðist eldra fólki og fólk sem hefur verið atvinnulaust lengi ganga verr að fá vinnu.

Kjarasamningar Starfsmenn sveitarfélaga í Kili, stéttarfélagi starfsmanna í almannaþjónustu, hafa samþykkt kjarasamning við Launanefnd sveitarfélaga með 69% greiddra atkvæða Alls tóku 62% félagsmenn þátt í atkvæðagreiðslunni. Á kjörskrá voru 537, þar af kusu 332, já sögðu 230 eða 69% nei sögðu 75 eða 23% auðir og ógildir seðlar 27 eða 8%. Kjarasamningurinn gildir frá 1. apríl 2005 til 30. nóvember 2008.

atvinna@frettabladid.is

Störf í boði...

Framtíðarstörf:
- Fjármálastjóri í tölvufyrirtæki
- Bókhaldsþjónusta - mjög hæfur bókari
- Lögmaður með mjög góða reynslu
- Sölumaður á fasteignasölu
- Verslunarstjóri - Austurlandi
- Aðstoðarkassamaður á bensínstöð
- Járnsmiður - Vopnafjörður
- Bifvélavirki - Vopnafjörður
- Trésmiður - verkamaður
- Bifreiðasmiður
- Starfsmaður í smíðavinnu
- Tæknimenntaður sérfr. - sölumaður
- Starfsmaður í móttöku í efnalaug
- Rafmagnstækni- eða rafmagnsverkfr.
- Ófaglærður vélamaður - stjórnunarstarf
- Byggingaverk- eða byggingatæknifr.
- Starfsfólk í búslóðapökkun - Keflavík

Sumarvinna:
- Matreiðslumaður/kona - Suðurlandi

Áhugasamir eru beðnir um að fylla út umsóknir á www.radning.is og sækja þar sérstaklega um störfin.

www.radning.is
RÁÐNINGAR ÞJÓNUSTAN
...framtíðin er ráðin
Háaleitisbraut 58-60 • Sími: 588 7700
www.radning.is • radning@radning.is

Jötunn Vélar er stærsti innflytjandi dráttarvéla á Íslandi.

Fjármálastjóri

JÖTUNN VÉLAR ehf.

Jötunn Vélar leitar að framsæknum einstaklingi í stöðu fjármálastjóra.

Starfssvið:
- Ábyrgð á bókhaldi og uppgjöri og skil til endurskoðanda
- Daglegur rekstur fjármála
- Undirbúningur og þátttaka í gerð rekstraráætlana
- Upplýsingagjöf til stjórnar og stjórnenda
- Virk þátttaka í stefnumótun
- Kostnaðareftirlit

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Háskólamenntun á sviði viðskipta
- Reynsla af fjármálastjórnun kostur og/eða starfsreynsla á endurskoðunarskrifstofu
- Reynsla/þekking af uppgjörum, kostnaðareftirliti og gerð rekstraráætlana
- Hæfni til þess að taka saman og miðla upplýsingum
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Frumkvæði, nákvæmni og sjálfstæði í starfi

Fyrirtækið Jötunn Vélar er ungt og krafmikið fyrirtæki sem sérhæfir sig í sölu og varahlutaþjónustu við landbúnaðartæki. Jötunn Vélar er staðsett á Selfossi og þjónustar þaðan allt landið. Starfsmenn fyrirtækisins eru 11 og áætluð velta Jötunn Véla á yfirstandandi rekstrarári er um 800 milljónir.

IMG MANNAFL LIÐSAUKI

Umsjón með starfinu hafa Hilmar G. Hjaltason (hilmar@img.is) og Sigrún Ýr Árnadóttir (sigrun@img.is) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 26. júní nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Mannafls - Liðsauka.

Laugavegi 170
105 Reykjavik
Sími 540 7100
mannafl@img.is

Skipagötu 16
600 Akureyri
Sími 461 4440
www.mannafl.is

Plöntur
Á vinnustað þar sem loftið er þurrt er tilvalið að hafa plöntur á borðum til að lífga upp á umhverfið. Spreyja þarf reglulega á þær vatni sem verður til þess að smá raki myndast í loftinu.

Hvernig verður maður prestur?

Fyrr á öldum voru prestar nánast einu menntuðu menn samfélagsins og menn leituðu til þeirra með hér um bil öll sín vandamál. í aldanna rás hefur starf prestsins breyst töluvert en gengur þó enn þá út á að vera fulltrúi kirkjunnar og þjóna henni. Prestar halda almennar guðþjónustur og sjá einnig um ýmsar kirkjulegar athafnir eins og skírnir, fermingar, brúðkaup og jarðarfarir. Prestar þurfa að vera hæfir í mannlegum samskiptum því stór hluti starfsins felst í því að vera fólki til halds og trausts og veita stuðning á erfiðum tímum. Prestar þurfa einnig að hafa góða framkomu og ekki skemmir fyrir að hafa góða söngrödd líka.

Prestar sinna ýmsum verkefnum. Ferming í Grafarvogskirkju. séra Vigfús Þór Árnason og séra Anna S. Pálsdóttir.

Námið
Til að læra til prests þarf fyrst að ljúka 90 eininga BA námi í guðfræði frá Háskóla Íslands. Margir fara í guðfræði án þess að ætla sér beinlínis að læra til prests og einhverjir taka til að mynda djáknapróf en vígjast ekki til prests. Að loknu BA prófi trekur við tveggja ára embættispróf og að því loknu geta nemendur vígst til prests.

Námsgreinar
Innan guðfræðinnar er námsefnið fremur fjölbreytt. Þar má nefna fög eins og sagnfræði, bókmenntafræði og kirkjusögu. Meðal námsgreina til embættisprófs eru almenn trúarbragðafræði (þar sem ekki er bara einblínt á kristnina), siðfræði, gamlatestamentisfræði, nýjatestamentisfræði, hebreska, gríska, kirkjufræði og trúfærði.

Starf að loknu námi
Ekki fá allir prestar brauð þótt þeir ljúki prestnámi. Oft er barist um brauðin og þótt nýir prestar séu vígðir á ári hverju fjölgar sóknunum hægt. Margir prestar sinna öðrum störfum og eru ekki sóknarprestar neins staðar. Á sumum sjúkrahúsum eru starfandi prestar, þeir kenna kristinfræði í skólum, vinna að hjálparstarfi, starfa á vegum þjóðkirkjunnar og sinna fræðslustarfi svo fátt eitt sé nefnt.

Fjölbreyttir atvinnumöguleikar erlendis

Þegar fólk vill freista gæfunnar á atvinnumarkaði erlendis er upplagt að heimsækja fyrst EES vinnumiðlun og fá góð ráð. Það er að segja ef stefnt er til landa innan evrópska efnahagssvæðisins. Dröfn Haraldsdóttir er EURES ráðgjafi.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Dröfn segir mesta vinnu að hafa í Noregi, Írlandi og Bretlandi eins og er, ef litið er út fyrir landsteinana.

„Ef þú kæmir í heimsókn og segðist til dæmis vilja finna þér vinnu í Belgíu þá gætum við haft samband við okkar kollega þar í landi og athugað hvort hann viti af einhverju starfi við þitt hæfi.“ Þannig byrjar Dröfn að útskýra fyrir blaðamanni hvernig fólk eigi að bera sig að sem hyggur á atvinnuleit innan evrópska efnahagssvæðisins. Síðan heldur hún áfram. „Við myndum leita að auglýsingum með þér á netinu og leiðbeina þér um hvernig þú getur hagað atvinnuleitinni sjálf í framhaldinu. Svo getum við aðstoðað þig við að skrifa ferilskrá á því tungumáli sem við á, sagt þér hvaða pappírar þurfa að vera í farteskinu og hvernig húsnæðismálin eru í Belgíu. segir Dröfn. Hún nefnir mánaðarlega fundi sem haldnir eru hjá stofnuninni þar sem farið er yfir réttindi fólks og þau tækifæri sem hæst ber hverju sinni. Næsti fundur er boðaður 7. júlí.

Dröfn segir fjölbreyttasta möguleika á atvinnu um þessar mundir í Noregi, Bretlandi og Írlandi en telur að allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi þar sem um 28 lönd er að ræða og margvísleg störf í boði. Hún nefnir vinsæl lönd og þar er Spánn efstur á blaði. „Það vilja allir fara til Spánar að vinna, allsstaðar að úr Evrópu. En þar er atvinnuleysi vandamál,“ segir hún.

EURES er samstarf um vinnumiðlun milli ríkja á evrópska efnahagssvæðinu. Þar starfa um átta hundruð ráðgjafar sem mynda samskiptanet í öllum ríkjunum. Dröfn segir strauminn síðustu misseri frekar hafa verið til Íslands en frá. „Við fáum í kringum 100 umsóknir á viku,“ segir hún og tekur fram að stofnunin þjónusti hvern og einn persónulega sem þangað leitar. „Aðallega veitum við hjálp til sjálfshjálpar en fólk er velkomið til okkar hvenær sem er,“ segir hún að lokum. EES Vinnumiðlunin er til húsa að Engjateigi 11 í Reykjavík og heimasíðan er www.eures.is ■

Minna atvinnuleysi í Suður-Kóreu

Meiri starfsemi í landbúnaði og byggingarvinnu er ástæðan.

Atvinnuleysi í Suður-Kóreu minnkaði aðeins í maí vegna árstímabundinna þátta samkvæmt nýrri könnun í landinu.

Ellefu fjárhagsstofnanir tóku þátt í könnuninni sem sýndi að atvinnuleysi í maí var 3,5 prósent miðað við 3,6 prósent mánuðinum áður.

Könnunin var framkvæmd af Yonhap Informax, fjárhagsfréttaarmur Yonhap fréttastofunnar. Hagfræðingar telja aukningu í landbúnaði og byggingum vera aðalástæðu fyrir minna atvinnuleysi en Suður-Kórea er þriðja stærsta landið í Asíu. ■

Bæjarverkstjóri

Seltjarnarnesbær óskar eftir að ráða bæjarverkstjóra við áhaldahús bæjarins. Starfssvið bæjarverkstjóra er að stjórna og vinna með starfsmönnum að hinum ýmsu viðhalds- og þjónustuverkefnum sem áhaldahúsið sinnir í bæjarfélaginu. Mikilvægt er að viðkomandi hafi reynslu og þekkingu á verkstjórn og hafi til að bera frumkvæði og hæfni í mannlegum samskiptum.

Laun samkvæmt kjarasamningi Starfsmannafélags Seltjarnarness.

Upplýsingar gefnar hjá umhverfis- og tæknisviði í síma 595 9100.

Umsóknir skulu berast fyrir 1. júlí merktar: Seltjarnarnesbær, bæjarverkstjóri, Austurströnd 2, 170 Seltjarnarnesi.

Bæjartæknifræðingurinn á Seltjarnarnesi.

Holdarfar hefur áhrif þegar leitað er að vinnu

NÝ BANDARÍSK RANNSÓKN SÝNIR AÐ ATVINNUREKENDUR RÁÐA SÍÐUR ÞÁ SEM ERU YFIR KJÖRÞYNGD. OF ÞUNGT STARFSFÓLK Á LÍKA ERFIÐARA MEÐ AÐ VINNA SIG UPP Í STARFI.

Offita er stórt heilsufarsvandamál í Bandaríkjunum. Talið er að um 64 prósent Bandaríkjamanna séu of þungir eða eigi við offitu að stríða. Offita hefur alls kyns aukaverkanir og nú hafa rannsóknir leitt í ljós að holdarfarið eitt og sér geti haft áhrif á það hvernig manni gengur að finna sér vinnu.

Þegar atvinnurekendur leita að starfsmanni eru þeir líklegri til að ráða umsækjanda sem er í kjörþyngd heldur en einhvern sem er of þungur. Þetta stafar að einhverju leyti af staðalímyndum um feitt fólk þar sem atvinnurekendur virðast telja að fólk sem er metnaðargjarnt og duglegt sé líklegra til að halda sér í góðu formi. Offita ein og sér virðist þó ekki hindra fólk í að fá vinnu og vissulega spila aðrir hlutir inn í. Það vekur hins vegar athygli að á meðan rúmur helmingur bandarísku þjóðarinnar er yfir kjörþyngd skuli aðeins tíu prósent allra sem sinna stjórnunarstörfum vera of feitir. Þeir sem eru of þungir eru oft í láglaunastörfum og virðast samkvæmt rannsókninni eiga erfiðara með að vinna sig upp um launaflokka heldur en samstarfsmenn þeirra sem eru í fínu formi.

Vissulega má ekki alhæfa út frá rannsókninni og þeir sem eru of feitir þurfa ekki að missa trúna. Skilaboðin virðast hins vegar vera þau að þeir sem eru í formi til að klífa fjöll séu líklegri til að ná á toppinn. Að minnska kosti í Bandaríkjunum

Unglingar fá ekki vinnu

Í BANDARÍKJUNUM ER ÁSTANDIÐ SVART FYRIR UNGLINGA Á ALDRINUM SEXTÁN TIL NÍTJÁN ÁRA.

Unglingar eiga mjög erfitt með að fá sumarvinnu í Bandaríkjunum og það er jafnvel erfiðara fyrir þá en í fyrra sem var versta ár í atvinnuleysi unglinga í rúmlega fimmtíu ár. Í maí var atvinnuleysi unglinga tæplega átján prósent en í ágúst í fyrra var atvinnuleysi unglinga á aldrinum sextán til nítján ára sautján prósent. Vinnuveitendur í Bandaríkjunum vilja ekki ráða unglinga vegna fjölda ástæðna. Láglaunastörfin fara til innflytjenda eða háskólanema og eru unglingar þeir síðustu sem fá vinnu.

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar

Aðstoðarskólastjóri

Laus staða aðstoðarskólastjóra við Setbergsskóla

Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi sem er tilbúinn til að taka þátt í að stjórna og leiða áfram gott faglegt samstarf í skólanum og hafa að leiðarljósi að gott skólastarf má ávallt bæta.

Setbergsskóli er heildstæður grunnskóli og eru nemendur nú 660. Skólinn hefur í áraraðir haft á að skipa góðu fagfólki og þar ríkir jákvæðni og góður starfsandi.
Helstu þróunarverkefni á næsta skólaári verða á sviði íslensku og samfélagsfræði og einnig verður sérstök áhersla lögð á heilbrigða lífshætti.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Kennarapróf og kennslureynsla
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar, uppeldis- eða kennslufræði æskileg.
- Frumkvæði og samstarfsvilji.
- Góðir skipulagshæfileikar.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Sé reiðubúinn til að leita nýrra leiða í skólastarfi.
- Áhugi og/eða reynsla til að leiða þróunarstarf í átt að einstaklingsmiðuðu námi.
- Haldgóð þekking á sviði upplýsingatækni.

Umsókninni skal fylgja greinargóð skýrsla um störf umsækjanda og menntun, stjórnunarreynslu og hver þau verkefni sem hann hefur unnið við og varpað geta ljósi á færni hans til að sinna stjórnunarstarfi.

Allar upplýsingar um stöðuna veitir Magnús Baldursson, fræðslustjóri í síma 585 5800, *magnusb@hafnarfjordur.is*

Umsókn ber að skila á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar, Strandgötu 31, 220 Hafnarfjörður.

Umsóknarfrestur er til 10. júlí.

Fræðslustjórinn í Hafnarfirði

HAFNARFJÖRÐUR

VELKOMIN TIL HAFNARFJARÐAR!
Hafðu samband og fáðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri bæjarins í sima 585 5500 og á heimasíðunni www.hafnarfjordur.is

NOVARTIS

Lyfjafyrirtækið **Novartis** er 4. stærsta lyfjafyrirtæki heims og framleiðir lyf á flestum sviðum læknisfræðinnar. Fyrirtækið er nú með um 3,6% markaðshlutdeild á Íslandi.

Vistor hf. er leiðandi fyrirtæki í sölu og markaðssetningu á lyfjum og tengdum vörum fyrir heilbrigðismarkaðinn á Íslandi. Starfsmenn fyrirtækisins eru um 110 og velta félagsins árið 2004 var 4,5 milljarðar kr.
Fyrirtækið leggur áherslu á opin samskipti, framsækni og góðan árangur. Vistor er eini dreifingaraðilinn á Íslandi sem hlotið hefur ISO 9001 gæðavottun.

Bakhjarl fyrir betri líðan

vistor

Sölufulltrúi

Vistor hf. óskar eftir að ráða til starfa sölufulltrúa fyrir Novartis, eina af lyfjaumboðsdeildum fyrirtækisins.

Spennandi, krefjandi og ábyrgðarmikið starf hjá framsæknu fyrirtæki í alþjóðlegu umhverfi!

Starfssvið:
- Lyfjakynningar fyrir lækna og annað heilbrigðisstarfsfólk
- Undirbúningur fræðslufunda
- Samskipti við Novartis í Danmörku
- Að sækja ráðstefnur, heima og erlendis
- Aðstoð við gerð kynningarefnis

Hæfniskröfur:
- Góðir söluhæfileikar og sannfæringarkraftur
- Góðir samskiptahæfileikar
- Metnaður til að ná árangri
- Frumkvæði og skapandi hugsun
- Sjálfstæði og skipulögð vinnubrögð í krefjandi verkefnum
- Gott vald á ensku og einu Norðurlandamáli
- Æskilegt er að viðkomandi hafi háskólamenntun á heilbrigðissviði og/eða hafi starfað við sölu og markaðssetningu
- Kostur er að viðkomandi sé lyfjafræðingur

Nánari upplýsingar veitir Hilmar G. Hjaltason (hilmar@img.is) og Davíð Freyr Oddsson (david@img.is) hjá IMG Mannafli Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 26. júní nk. Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu IMG Mannafls Liðsauka, www.mannafl.is. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum svarað.

Vistor hf. • Hörgatúni 2 • 210 Garðabær • Sími: 535 7000 • Fax: 565 6485 • vistor@vistor.is • www.vistor.is

Þingeyjarsveit

ÞROSKAÞJÁLFI/STUÐNINGSAÐILI

Litlulaugaskóli í Þingeyjarsveit óskar eftir að ráða stuðningsaðila í fulla stöðu fyrir ungan dreng. Æskilegt er að umsækjendur séu menntaðir til slíkra starfa og eru því þroskaþjálfar, iðjuþjálfar og sérkennarar sérstaklega hvattir til að sækja um. Til staðar er leiguhúsnæði á góðum kjörum. Ráðið er í starfið frá 1. ágúst 2005.
Laugar er menningarsetur frá fornu fari og þar er m.a. að finna góðan leikskóla, tónlistarskóla og framhaldsskóla svo nokkuð sé nefnt.

Nánari upplýsingar fást hjá Baldri Daníelssyni skólastjóra í síma 464 3166 og heimasíma 464 3167 eða Freydísi Önnu Arngrímsdóttur í síma 464 3349 og 867 8465 eða með tölvupósti á sveitarstjóra johann@thingeyjarsveit.is

Heimasíða Þingeyjarsveitar:
http://www.thingeyjarsveit.is

Heimasíða Litlulaugskóla:
http://www.litlulaugaskoli.is

Umsóknarfrestur er til 1. júlí n.k.

Sölu- og markaðsstjóri

DESPEC iceland

Starfssvið:
- Sölu- og markaðssetning á vörum og þjónustu fyrirtækisins
- Öflun og viðhald viðskiptatengsla
- Verkefnastjórn
- Skýrslugjöf og áætlanagerð

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Háskólamenntun
- Reynsla af sölu- og markaðsstörfum
- Góðir samskiptahæfileikar
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi

Despec Nordic Holding A/S er fyrirtæki sem sérhæfir sig í sölu og dreifingu á rekstrarvörum, allt frá bleki, tónerum og ljósmyndapappír upp í geisladiska, töskur, afritunarspólur og tölvuaukahluti. Despec er starfandi í Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Íslandi. Despec á Íslandi hóf starfsemi árið 2000 og hefur vaxið stöðugt síðan. Á Íslandi starfa 5 manns en hjá fyrirtækinu í heild starfa um 100 manns. Nánari upplýsinga um fyrirtækið er að finna á www.despec.is

IMG MANNAFL LIÐSAUKI

Umsjón með starfinu hafa Nathalía D. Halldórsdóttir (nathalia@img.is) og Davíð Freyr Oddsson (david@img.is) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 26. júní nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Mannafls - Liðsauka og senda með ferilskrá á ensku.

Laugavegi 170
105 Reykjavik
Sími 540 7100
mannafl@img.is

Skipagötu 16
600 Akureyri
Sími 461 4440
www.mannafl.is

Bílgreinasambandið óskar eftir **Gæðastjóra**

Starfslýsing

Starfsmaður hefur umsjón með innleiðingu gæðastaðla í verkstæði á vegum BGS.
Í því felst, samningagerð, gerð gæðahandbókar og úrvinnsla efnis.
Heimsóknir í fyrirtæki og kynningar á gæðastöðlum og ýmsum öðrum verkefnum BGS.
Starfsmaður mun ennfremur hafa umsjón með vottun á réttingarverkstæðum,
ásamt öðrum tilfallandi verkefnum sem honum verða falinn af stjórn.

Hæfniskröfur / menntun

- Rekstrarþekking
- Sjálfstæð, skipulögð og öguð vinnubrögð
- Næmni í mannlegum samskiptum
- Innsýn í rekstur smærri fyrirtækja
- Þekking á tækjum og búnaði í bílgreinum
- Góð enskukunnátta
- Kunnátta í einu norðurlandamáli æskileg
- Góð tölvuþekking

Umsækjendur verða að geta hafið störf sem allra fyrst. Áhugasömum er bent á að senda greinargóðar upplýsingar um menntun og fyrri störf til fulltrúa stjórnar, Bjarna Benediktssonar, B&L, Grjóthals1, 110 Reykjavík, annað hvort í pósti eða tölvupósti á netfangið bjarnib@bl.is. Umsóknir þurfa að berast fyrir 27. júní nk. Umsækjendum er heitið fullum trúnaði og verður öllum starfsumsóknum svarað.

BGS

Bílgreinasambandið er samtök atvinnurekenda í sölu ökutækja, vöru og þjónustu þeim tengdum.
Í Bílgreinasambandinu eru 185 fyrirtæki þ.e. almenn bílaverkstæði, bílasölur, bílaumboð, hjólbarðaverkstæði, málningar- og réttingarverkstæði, ryðvarnarstöðvar, smurstöðvar, varahlutasalar og aðrir þjónustuaðilar í bílgreininni.

Tilgangur sambandsins er:

Að vera í málsvari fyrir sambandsaðila um málefni bílgreinarinnar gagnvart öllum opinberum aðilum, samtökum, framleiðendum, öðrum viðskiptamönnum og almenningi.

Að efla og þróa bílgreinina á Íslandi.

Að vera sambandsaðilum leiðbeinandi um gildi faglegra vinnubragða til aukinnar hagkvæmni og arðsemi í rekstri sambandsaðila.

Vinna að umhverfisvernd og stuðla að bættri umferðarmenningu og auknu umferðaröryggi

Að láta til sín taka öll málefni sem hafa almenna þýðingu fyrir sambandsaðila og eflingu bílgreinarinnar í landinu.
Bílgreinasambandið er í forsvari atvinnulífsins í menntunarmálum bílgreina, skipar m.a. í prófnefndir og fræðslunefndir í bílgreinum.
Bílgreinasambandið er í forsvari fyrir atvinnulífið í kjarasamningum bílgreinarinnar.

BÍLGREINASAMBANDIÐ
THE ICELANDIC FEDERATION FOR MOTOR TRADES AND REPAIRS

BYGG leitar að 4-6 smiðum til starfa við mótauppslátt við nýbyggingu á Bíldshöfða.

Við leggjum mikið upp úr góðum aðbúnaði fyrir starfsfólk okkar. Vandlega er staðið að öllum mælingum, starfsmannafélagið er mjög virkt og starfsandi er allur hinn besti.

Umsækjendur þurfa að geta hafið störf nú þegar. Um framtíðarstörf er að ræða. Upplýsingar í síma 693 7310 eða í tölvupósti á gunnar@bygg.is.

Byggingafélag Gylfa og Gunnars ehf. (BYGG) var stofnað árið 1984 af þeim Gylfa Ómari Héðinssyni múrarameistara og Gunnari Þorlákssyni húsasmíðameistara. Byggingafélagið hefur á undanförnum árum byggt yfir 1500 íbúðir fyrir ánægða kaupendur. Má þar nefna Félag eldri borgara, Búseta, Húsnæðisnefndir í Reykjavík og Kópavogi auk íbúða á almennum markaði. Byggingafélag Gylfa og Gunnars er þekkt fyrir traust og örugg vinnubrögð, vandaðan frágang og efndir á umsömdum afhendingartíma.

BYGGINGAFÉLAG GYLFA OG GUNNARS EHF. • BORGARTÚNI 31 • S: 562 2991 • bygg.is

BYGG

Ólafsfjörður

Grunnskólakennarar
Skólaárið 2005-2006

Umsjónarkennara vantar á miðstigi og efsta stigi við nýjan, sameinaðan grunnskóla í Ólafsfirði frá og með 1. ágúst 2005. Þá vantar kennara fyrir samfélagsgreinar á yngra stigi og íslenskukennara á efsta stigi.

Hinn nýi grunnskóli verður til við sameiningu tveggja stofnana, Barnaskóla Ólafsfjarðar og Gagnfræðaskólans Ólafsfirði, frá og með næsta skólaári. Nemendur verða 160 og í starfsliði verða um 30 manns en þar hefur ríkt mikil festa. Starfsstöðvar verða tvær, á yngra og eldra stigi. Allar aðstæður eru mjög góðar svo og búnaður.

Allar nánari upplýsingar um stöðurnar veita skólastjórarnir Hildur Arnars Ólafsdóttir í símum 460-2620, 460-2622 og hs. 466-2721; netfang: hildur@olf.is og Þórgunnur Reykjalín Vigfúsdóttir í símum 460-2630, 460-2632 og hs. 466-1307; netfang: threyk@ismennt.is og skulu umsóknir berast til þeirra. Einnig veitir Óskar Þór Sigurbjörnsson skólamálafulltrúi s. 466-2736; 893-6257: netfang: oskarth@ismennt.is upplýsingar.

Umsóknarfrestur er til 24. júní n.k.

Skólastjórar – Skólamálafulltrúi

Flúðaskóli
Hrunamannahreppi

Flúðaskóli auglýsir eftir sérkennara til starfa næsta vetur.

Helstu verkefni eru sérkennsla og umsjón með stuðningsbraut skólans.
Skólinn er einsetinn dreifbýlisskóli með um 190 nemendur frá 1. bekk upp í 10. bekk.
kennarar 25.

Skólinn er staðsettur í flottu umhverfi enda fer þar fram lifandi þróunarstarf.

Helstu áhersluþættir eru Fjölgreindarkenning Gardners, Lesið í skóginn með skólum.
Umsóknarfrestur er til 24.júní n.k.

Nánari upplýsingar gefur Þorleifur Jóhannesson form. fræðslunefndar í síma 896 4252, netfang hverabakki@simnet.is.

Okkur hér á Heitt og Kalt, vantar hresst fólk með reynslu í liðið.

Staðsetning og eðli starfs getur tekið breytingum vegna nokkurra starfsstöðva.

Heitt og Kalt ehf sérhæfir sig í matarlausnum fyrirtækja í hádeginu ásamt því að reka einn vandaðasta hádegiverðastaðinn á höfuðborgarsvæðinu.
Um er að ræða framtíðarstörf við þjónustu, akstur og almenn eldhústörf.
Umsóknareyðublöð á staðnum – Áhugasamir, vinsamlega pantið viðtalstíma

Heitt og Kalt er reyklaus vinnu- og veitingastaður

Heitt og Kalt ehf , Grensásvegi 10, 108 Rvk, sími 5333060, – *heittogkalt@heittogkalt.is*

Störf í grunnskólum Reykjavíkur frá hausti 2005

Fellaskóli, símí 557 3800

Heimilisfræðikennsla.
Almenn kennsla.
Íslenskukennsla á unglingastigi.
Yfirmaður skólamötuneytis.
Skólaliði.
Stuðningsfulltrúi.

Fossvogsskóli, símar 568 0200 og 664 8191

Almenn kennsla, 75% staða.
Kaffiumsjón.
Aðstoð í mötuneyti, 45% staða.
Starfsmaður skóla, 75% staða.

Háteigsskóli, símar 530 4302 og 664 8216

Skólaliðar.

Húsaskóli, símar 567 6100 og 664 8245

Tónmenntakennsla, 50% staða.
Skólaliðar, 67% og 100% stöður. Starfið felst m.a. í því að aðstoða nemendur í leik og starfi, aðstoð í mötuneyti og ræstingu.

Klébergsskóli, símar 566 6083 og 664 8271

Íþróttakennsla, 50% staða.

Korpuskóli, símí 525 0600

Aðstoðarmaður í eldhús.
Skólaliðar, 3 stöður.

Laugarnesskóli, símí 588 9500

Íþróttakennsla.
Danskennsla, 67% staða.
Smíðakennsla.

Upplýsingar veita skólastjórar, aðstoðarskólastjórar eða aðrir tilgreindir í viðkomandi skólum. Umsóknir ber að senda til viðeigandi skóla. Laun samkvæmt kjarasamningum Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélög. Nánari upplýsingar um laus störf, umsóknarfrest og grunnskóla Reykjavíkur er að finna á netinu.

www.grunnskolar.is

Reykjavíkurborg
Menntasvið

Fríkirkjuvegi 1, 101 Reykjavík,
sími: 411 7000 menntasvid@reykjavik.is

FRJÁLSI
FJÁRFESTINGARBANKINN

Deildarstjóri eignaleigu

Frjálsi fjárfestingarbankinn hf., útlánasvið, óskar eftir að ráða starfsmann í 100% starf. Um er að ræða starf í nýrri deild sem bankinn mun setja á fót í haust. Starfið felst í að vinna að undirbúningi að stofnun deildarinnar og umsjón með rekstri hennar eftir stofnun.

Við leitum að metnaðarfullum einstaklingi með menntun á sviði viðskipta eða aðra sambærilega menntun. Reynsla og þekking á eignaleigu er skilyrði. Nákvæm og öguð vinnubrögð, frumkvæði og sjálfstæði er nauðsynlegt í starfi.

Um er að ræða fjölbreytt og skemmtilegt starf á góðum reyklausum vinnustað. Helstu útlánaflokkar bankans eru nýbyggingalán, fasteignalán og bílalán. Góð laun eru í boði fyrir réttan einstakling.

Nánari upplýsingar veitir **Kristinn Bjarnason framkvæmdastjóri og Linda Bentsdóttir, forstöðumaður útlánasviðs, í síma 540 5000.** Áhugasamir sendi umsóknir ásamt mynd á linda@frjalsi.is eða í afgreiðslu Frjálsa fjárfestingarbankans hf. í Ármúla 13a, Reykjavík, fyrir 30. júní nk. (www.frjalsi.is).

Frjálsi fjárfestingarbankinn | Ármúla 13a | 108 Reykjavík | Sími 540 5000 | Fax 540 5001 | www.frjalsi.is

Himinn og haf/SIA

Bifvélavirki

Bílvogur ehf. bílaverkstæði óskar eftir vönum bifvélavirkja, sem getur unnið sjálfstætt og hefur haldgóða þekkingu á bílarafmagni. Við bjóðum upp á góða og hreinlega vinnuaðstöðu hjá umboðsverkstæði í Kópavogi.

Upplýsingar gefur Björn í símum 564 1180 eða 894 1181.

Vélamaður óskast

Gröfumaður og/eða maður vanur dráttarvélum óskast í tímabundna vinnu.

Upplýsingar fást í síma 451 0090.

Þjónustudeild B&L...
...leitar að bifvélavirkja

Starfssvið
Almennar bílaviðgerðir
Ráðgjöf
Samskipti við þjónustuverkstæði

Hæfniskröfur
Próf í bifvélavirkjun
Áhugi og þekking á bílum
Lipurð í mannlegum samskiptum
Frumkvæði og hugmyndaauðgi
Góða tölvukunnáttu
Góð enskukunnátta
Reyklaus

Umsækjendur verða að geta hafið störf sem allra fyrst. Áhugasömum er bent á að senda greinargóðar upplýsingar um menntun og fyrri störf til B&L, annað hvort í pósti eða tölvupósti á netfangið bjarnib@bl.is. Umsóknir þurfa að berast fyrir 27. júní nk. Umsækjendum er heitið fullum trúnaði og verður öllum starfsumsóknum svarað.

B&L er eitt stærsta og virtasta bílaumboð landsins, stofnað árið 1954. Fyrirtækið er umboðsaðili fyrir Hyundai, Renault, BMW, Land Rover og Arctic Cat vélsleða og er einn stærsti söluaðili atvinnubíla á landinu. Meginmarkmið B&L er að veita vandaða og trausta þjónustu á öllum sviðum bifreiðaviðskipta og rekur fyrirtækið í því skyni öfluga starfsmannastefnu.
Alls starfa rúmlega 100 manns hjá fyrirtækinu.

Með bílinn handa þér

B&L, Grjóthálsi 1, 110 Reykjavík, sími: 575 - 1200, www.bl.is

Hyundai - Renault - BMW - Land Rover - Arctic Cat - Renault Trucks - Irisbus

Ertu í leit að föstu starfi eða sumarvinnu

Vegna aukinna verkefna eru störf í boði við ræstingar og þrif:

Dagvinna - seinnipartsvinna - helgarvinna
Við höfum störf í boði á öllum tímum sólarhringsins. Einnig helgarvinna í boði. Um er að ræða störf á höfuðborgarsvæðinu.

Sérverkefni - vinnuhlutfall 100%
Við leitum að starfsfólki til að vinna við sérverkefni. Sérverkefni eru umfangsmeiri þrif en dagleg ræsting. Um er að ræða t.d. bónleysingu, bónun, hreingerningar o.s.fr. Við leitum eftir fólki sem getur unnið breytilegan vinnutíma, er sjálfstætt og nákvæmt í vinnubrögðum.

Upplýsingar um störfin veitir Ólöf starfsmannastjóri, umsóknareyðublöð fást á skrifstofu ISS Ísland að ***Ármúla 40, 3.hæð*** *og á heimasíðu* ***www.iss.is. Sími 5 800 600. Netfang: olof@iss.is.***

ISS ÍSLAND

Iss Ísland ehf. er stærsta fyrirtæki landsins á sviði daglegra ræstinga, þrifa í matvælaiðnaði og viðhaldi/hreinsun loftræstikerfa, fyrirtækið hefur starfað í yfir 24 ár. Hjá ISS Ísland starfa yfir 630 manns á aldrinum 17 - 80 ára. Starfsmenn fá kennslu, þjálfun, bestu áhöld og efni sem völ er á. Einnig fá starfsmenn stuðning frá ræstingar-, þrifa- og flokkstjórum.

Grunnskóli Siglufjarðar
Fræðsla frá 1883

Okkur vantar kennara og deildastjóra til starfa fyrir næsta skólaár.

Meðal kennslugreina eru:
Almenn kennsla, íþróttir, dans og sérkennsla.

Einnig vantar stærðfræðikennara á unglingastigi.

Áhugasamir hafi samband við Jónínu Magnúsdóttur skólastjóra í síma 845-0467 eða netfangið *skolastjori@sigloskoli.is*

Upplýsingar um skólann okkar er að finna á www.sigloskoli.is og upplýsingar um bæinn á www.siglo.is

Mannlíf og menning Í bænum er góður leikskóli og tónlistarskóli, öflug heilsugæsla, íþróttahús, sundlaug og eitt af betri skíðasvæðum landsins. Á undanförnum árum hefur Síldarminjasafnið byggst upp og vakið verðskuldaða athygli og nú hillir undir að Þjóðlagasetur verði að veruleika. Þjóðlagahátíð er orðin árviss viðburður. Mannlífið er sérstakt í nyrsta kaupstað landsins og einkennist af öflugu félagslífi.

VELKOMIN TIL SIGLUFJARÐAR.

Störf í boði...

Framtíðarstörf:
- Fjármálastjóri í tölvufyrirtæki
- Bókhaldsþjónusta - mjög hæfur bókari
- Lögmaður með mjög góða reynslu
- Sölumaður á fasteignasölu
- Verslunarstjóri - Austurlandi
- Aðstoðarkassamaður á bensínstöð
- Járnsmiður - Vopnafjörður
- Bifvélavirki - Vopnafjörður
- Trésmiður - verkamaður
- Bifreiðasmiður
- Starfsmaður í smíðavinnu
- Tæknimenntaður sérfr. - sölumaður
- Starfsmaður í móttöku í efnalaug
- Rafmagnstækni- eða rafmagnsverkfr.
- Ófaglærður vélamaður - stjórnunarstarf
- Byggingaverk- eða byggingatæknifr.
- Starfsfólk í búslóðapökkun - Keflavík

Sumarvinna:
- Matreiðslumaður/kona - Suðurlandi

Áhugasamir eru beðnir um að fylla út umsóknir á www.radning.is og sækja þar sérstaklega um störfin.

www.radning.is
RÁÐNINGAR ÞJÓNUSTAN
...framtíðin er ráðin
Háaleitisbraut 58-60 • Sími: 588 7700
www.radning.is • radning@radning.is

Hraðflutningar ehf. eru í örum vexti og Sævari þykir gaman að fá að taka þátt í honum.

Hlaupum undir bagga hvert með öðru

Sævar Ásgrímsson starfar sem þjónustufulltrúi hjá Hraðflutningum ehf. Ef pakkar komast ekki til skila eða vandamál koma upp varðandi sendingar er Sævar fenginn til að redda málunum.

„Það má eiginlega segja að ég sé vandamálamaðurinn hjá fyrirtækinu. Ef vandamál koma upp varðandi sendingar er ég kallaður til og í sameiningu reynum við starfsfólkið að koma sendingunum á rétta staði," segir Sævar. „Ég sinni auðvitað líka ýmsum öðrum verkefnum og sem þjónustufulltrúi kem ég líka að sölumálum, sinni erlendum samskiptum og þess háttar."

Sævar hefur unnið hjá fyrirtækinu í tvö ár. Hann hefur verið lengi í flutningabransanum og líkar það vel. „Þegar ég mæti í vinnuna byrja ég á því að skoða tölvupóstinn minn. Yfirleitt bíður fjöldi verkefna eftir mér þar sem þarf að leysa yfir daginn. Ég er mest á skrifstofunni en auðvitað hleypur maður í öll störf. Sé mannekla getur maður þurft að fara með sendingar eða eitthvað slíkt. Maður er eiginlega allt í öllu og þannig er það með alla sem vinna hér. Starf hvers og eins er ekki of afmarkað heldur hlaupum við undir bagga hvert með öðru og verkefnin verða þannig fjölbreytilegri."

Hraðflutningar ehf. eru með umboð fyrir Fedex og Exel á Íslandi og sjá um að flytja stórar og smáar sendingar. Sævar segir gaman að fá að taka þátt í vexti fyrirtækisins og hann segir að alltaf sé nóg að gera. „Við sinnum alhliða flutningum af öllum stærðargráðum á sjó og landi og erum með breiðan hóp viðskiptavina. Fyrirtækið stækkar ört og það er gaman að fá að fylgjast með því. Þar sem verkefnunum fjölgar koma líka alltaf upp ný og ný vandamál sem þarf að leysa og það getur verið krefjandi."

Starf Sævars er afar fjölbreytt og það þykir Sævari mikill kostur. „Ég vinn líka með frábæru fólki og hér vinna allir saman. Auðvitað koma erfiðir dagar inn á milli og álagið getur verið mikið en það er bara partur af starfseminni. Við vinnum öll saman og þótt ýmis verkefni komi inn á borð til mín þá sé ég ekki einn um að leysa þau," segir Sævar.

Sævar er ánægður í vinnunni og segir Hraðflutninga ehf. frábæran vinnustað. „Ég er alls ekki á leiðinni að hætta og ætla helst að fá að vera hér eins lengi og ég get."

thorgunnur@frettabladid.is

ÓSKUM EFTIR..

Markaðsfulltrúa

Starfssvið

- Sala og kynning á vörum og þjónustu til viðskiptavina
- Viðhald og öflun viðskiptatengsla
- Áætlanagerð

Hæfniskröfur

- Reynsla að sölustörfum æskileg
- Tölvukunnátta
- Skipulagshæfni, metnaður, sjálfstæði og samviskusemi í starfi
- Mjög góðir samskiptahæfileikar

Umsókn

Umsóknarfrestur er til 23. júní nk.
Umsókn sendist á neðangreint heimilisfang eða á david@fasteignasolur.is
Nánari upplýsingar veitir Davíð í síma 588 7888.
Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsækjendum svarað.

Útgáfufélagið Alurt ehf.
Dugguvogur 21
104 Reykjavík

Bílar & Sport
GRÓANDINN

Sérkennarar

Í Gerðaskóla, Garði er laus staða sérkennara sem einnig væri fagstjóri í sérkennslu.
Upplýsingar gefur skólastjóri í síma 4227020

REGNBOGINN

Glaður og gefandi

Leikskólakennari / leiðbeinandi óskast til starfa næsta starfsár. Regnboginn er 3 deilda skóli staðsettur á Ártúnsholti.

Áhersla er á gæði í samskiptum og skapandi starf í anda Reggió-stefnunnar.

Einkunnarorð skólans eru Börn eru merkilegt fólk.

Nánari upplýsingar veitir undirrituð í síma 557-70771 og 899-2056 og netfangið er *regnbogi@regnbogi.is*

Lovísa Hallgrímsdóttir
leikskólastjóri

Hlutastarf

Við leitum að ábyrgum einstaklingi til að vinna með 11 ára fatlaðri dóttur okkar.

Starfið felst m.a. í að sækja hana í skólann, Ártúnsskóla, fylgja henni eftir í þjálfun og vera henni innan handar við tómstundir og nám. Þarf að hafa bíl til umráða. Vinnutími er frá ca. 14:00 – 18:00 þrjá til fimm daga í viku, frá og með ca. miðjum ágúst.

Mikilvægt að viðkomandi sé glaðlyndur, áhugasamur og reyklaus.

Lítil íbúð gæti fylgt sem hluti af starfskjörum. Þeir sem hafa áhuga geta fengið nánari upplýsingar með því að senda póst á *sm@legal.is.*

Einnig er hægt að hringja í síma 690 4080 eftir 16. júní.

TÓNLISTARSKÓLI ÁRNESINGA

Píanókennari

Tónlistarskóli Árnesinga óskar eftir að ráða píanókennara til afleysingastarfa í eitt ár í 75 - 100% starf. Kennslustaðir: Hveragerði og Selfoss. Upplýsingar fást hjá skólastjóra í síma 861 3884. Umsóknarfrestur framlengist til 3. júlí 2005. Senda má fyrirspurnir og umsóknir í tölvupósti til tonar@tonar.is.

Tónlistarskóli Árnesinga er einn af stærstu tónlistarskólum landsins með starfsemi á 12 kennslustöðum í sýslunni. Fjöldi nemenda er um 600 og starfa 30 kennarar við skólann. Veffang: www.tonar.is.

Læknar og hjúkrunarfræðingar

Lausar eru til umsóknar tvær stöður heilsugæslulækna við Heilbrigðisstofnun Suðausturlands – **HSSA** og tvær stöður hjúkrunarfræðinga á hjúkrunardeild. Heilbrigðisstofnun Suðausturland er rekinn af Sveitarfélaginu Hornafirði á þjónustusamningi við Heilbrigðisráðuneytið. Stofnunin sinnir allri almennri heilsugæslu-, hjúkrunar- og heilsuverndarstarfi ásamt samþættingu á heimahjúkrun og heimilisþjónustu.

Upplýsingar gefa Albert Eymundsson bæjarstjóri sími **470 8000** eða Guðrún Júlía Jónsdóttir í síma **478 1400** og **866 3051**. Umsóknir sendist til HSSA, Guðrúnar Júlíu Jónsdóttur framkvæmdastjóra stofnunarinnar, Víkurbraut 780 Hornafirði.

Heilbrigðisstofnun Suðausturlands

NORÐLENSKA

Húsavík
ATVINNA!!!

Óskum eftir að ráða viðhalds og viðgerðarmann til framtíðarstarfa.
Atvinnuumsóknir er að finna á heimasíðu Norðlenska, www.nordlenska.is
Og á skrifstofu Norðlenska á Húsavík

Upplýsingar gefur Simmi í síma 840-8888 frá kl. 08:00-16:00.

GARÐABÆR
www.gardabaer.is

Suðningsaðili óskast

Fjölskyldu- og heilbrigðissvið Garðabæjar auglýsir eftir starfsmönnum við félagslega liðveislu.

Starfið felst í að veita fötluðum börnum og ungmennum persónulegan stuðning með það að markmiði að efla félagslegt sjálfstæði og rjúfa félagslega einangrun.

Upplýsingar veitir Hulda Ósk Gränz liðveislufulltrúi í síma: **525 8565**
netfang: **huldao@gardaber.is**

Fjölskyldu- og heilbrigðissvið

Launafulltrúi

Laust er til umsóknar starf launafulltrúa hjá Vopnafjarðarhreppi.

Um er að ræða krefjandi en jafnframt mjög áhugavert skrifstofustarf á skrifstofu Vopnafjarðarhrepps. Í starfinu felst umsjón með launavinnslu, sem er móttaka vinnuskýrslna, úrvinnsla þeirra, skráning gagna, launakeyrslur og aðrir nauðsynlegir þættir launavinnslu.
Starfið felur einnig í sér alla almenna skrifstofuvinnu.
Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi reynslu og staðgóða þekkingu á vinnu við tölvur og tölvukerfi.

Umsóknum skal skila á skrifstofu Vopnafjarðarhrepps eigi síðar en fimmtudaginn 23. júní n. k.

Allar nánari upplýsingar veitir Þorsteinn Steinsson sveitarstjóri í síma 473-1300.

Vopnafjarðarhreppur

Umsjónarmaður fasteigna

Stórt innflutnings og þjónustufyrirtæki óskar eftir að ráða umsjónarmann með fasteignum.
Í starfinu felst allur rekstur fasteigna fyrirtækisins og kostnaðaraðhald í samvinnu við fjármálastjóra.
Umsjónarmaðurinn skal vinna sjálfur öll minni verk og afla tilboða í stærri verkefni.

Hæfniskröfur;
Þjónustulundaður
Iðnmenntun æskileg
Stundvís
Reyklaus

Umskónum sé skilað til Fréttablaðsins merktar „Fasteign 1304“ fyrir 27. júní.

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar

Norskukennsla

Kennari í norsku (50%) óskast fyrir nemendur á grunnskólastigi. Kennsla fer fram síðdegis skv. nánara samkomulagi.
Upplýsingar um starfið veitir skólastjóri Námsflokka Hafnarfjarðar-Miðstöðvar símenntunar í síma 664 5861. Umsóknum skal skilað á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar, Strandgötu 31 og er umsóknarfrestur til 10. júlí nk.

Fræðslustjórinn í Hafnarfirði

HAFNARFJÖRÐUR

VELKOMIN TIL HAFNARFJARÐAR!
Hafðu samband og fáðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri bæjarins í sima 585 5500 og á heimasíðunni www.hafnarfjordur.is

SÖLUFÓLK

Við leitum eftir nýjum liðsmönnum í eina öflugustu söludeild landsins. Fjölbreytt úthringiverkefni og góðir tekjumöguleikar fyrir rétta fólkið. Greitt er fast tímakaup ásamt árangurstengdum bónusum. Verkefni frá morgni til kvölds, alla daga vikunnar.

Nánari upplýsingar veitir Ólafía B. Rafnsdóttir í síma 696 6020. Umsóknir með ferilskrá má einnig senda á olafia.b.rafnsdottir@365.is

Ert þú sá besti?

365

365 er öflugasta fjölmiðlafyrirtæki landsins sem starfar á íslenskum ljósvaka- og prentmarkaði.

Öryggisverðir

Vegna aukinna umsvifa óskar Securitas eftir öryggisvörðum

VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2005

Í boði er:
Öryggisvarðastarf sem hentar fólki af báðum kynjum 20 ára og eldri. Unnið er á vöktum aðra hverja viku. Starfsferill öryggisvarða hefst með víðtækri grunn-þjálfun.

Hæfniskröfur:
Umsækjendur þurfa að geta axlað ábyrgð, unnið sjálfstætt, vera vel agaðir og úrræðagóðir. Áhersla er lögð á áreiðanleika og þjónustulund.

Umsóknir:
Nánari upplýsingar veitir Snorri Sigurðsson í síma. Umsækjendur skili inn umsóknum á þar til ætluðum umsóknareyðublöðum eða fylli út umsóknir á vef fyrirtækisins www.securitas.is .

Umsóknarfrestur er til 22. júní 2005

Grand Cherokee '95 til sölu. Ek. 170 þ., CD/MP3. Smá tjón á nebba. V. 495 stgr. skipti á ód. S. 864 6716.

Subaru Legacy GL árg. 1992 til sölu. Ekinn aðeins 143 þús km. Bsk., álfelgur, dráttarkúla. Algjör gullmoli. Verð 300 þús. kr. Uppl. í s. 899 3599.

Til sölu Toyota Corolla XLi árg. '94, ek. 170 þús. Sjálfskiptur. Verð 290 þús. Uppl. í s. 892 2805n e. kl. 18.

Toyota Corolla, blár, 5d., 5g., ek. 132 þús. Nagladekk fylgja. Verð 400 þús. S. 899 0392.

500-999 þús.

Ford Focus '99, ek. 140 þ. km. 1600cc, álf., sumar/vetrard, CD. Verð 550 þ. Uppl. í s. 664 3127.

Gullfallegur Toyota Yaris árg. 05/'99 til sölu. Ekinn 48 þ.km., skoðaður '05. 5 dyra, með álfelgum og vindskeið. Mjög gott eintak. Stgr.verð 650 þús. Uppl. í s. 863 1906.

Honda Accord árg. '97 ekinn 140 þús. km, sjálfsk., dráttarkr., cd, sk. '06, álfelgur. Mjög gott eintak. Verð 690 þús. staðgr. Uppl. í s. 694 3308.

Toyota Corolla skrd. 6/'00, 1.4, 5d., 5g,. ek. 76.000, s+v dekk, verð 730.000, bein sala. S. 844 4534.

1-2 milljónir

Honda CRV Advance '01, ek. 68 þ. km. Beinsk., 4x4. V. 1.590 þús. Uppl. í s. 856 7472.

Bátur til sölu. Geðveikt flottur hobbýbátur fyrir laghenta. Viking skel m. nýju húsi, vatn-og olíutanki, stefnisrör, nýtt beckerstýri. Volvo penta 200 tilbúin til niðursetningar og mikið af öðrum fylgihlutum Frábært tækifæri að fullgera eigin bát. Upplýsingar í síma 898 4075.

2 milljónir +

Sérlega glæsilegur Volvo S-60 árg. 2004. Bíllinn er með 2,4 lítra vél og yfirhlaðinn af aukabúnaði. Uppl. í s. 896 4002.

BMW X3, 2004, 2.5 vél, topplúga, tengi fyrir IPOD, svartur með terra cotta leðri á sætum, ek. 35 þús. Verð 4.000.000, engin skipti á ódýrari bíl. Sími 697 6808.

Til sölu Subaru Legacy Lux árg. '05. Verð 2.650 þús. Áhv. 2.150 þús. Uppl. í síma 892 9673.

Bílar óskast

Óska eftir góðum jeppa helst 33" á 500-1.500 þús. Skoða allt. Sími 897 7001.

Vil kaupa sendibíl á allt að 300 þús. VW Transport eða Ford Transit. Uppl. í síma 821 6350.

Jeppar

GMC Suburban '96 5.7L bensín., ek. 178 þ. Góður bíll. S. 897 7698.

Suzuki vitara 1996. 33
Vel með farinn Suzuki Vitara. Ekinn 128. þús. Sk. '06. Er á 32" dekkjum og fylgir aukagangur á felgum. Nýlega skipt um kúplingu, tímareim ofl. CD og talstöð. Tilboð eða skipti á ódýrari. Upplýsingar í síma 820 1909. Bíllinn er til sýnis hjá Toyota á Selfossi.

Mótorhjól

Ford F 350 Lariat árg. 2005 nýr bíll. 6,0, diesel, leður, 6 manna. Góður bíll á góðu verði. Plus Gallery ehf. S. 898 2811.

Suzuki RM 250 2004 lítið notað. Uppl. í s. 866 0532 & 567 1231.

Öku- og bifhjólakennsla. Ný hjól nýjar áherslur. Davíð S. Ólafsson. S. 893 7181. www.simnet.is/dso

Hjólhýsi

Hjólhýsi til sölu. Glæsilegt hjólhýsi með öllu! Skráningard. 28.07.2004. Tegund: TEC Undirtegund: 560TDF. Breidd: 2476 Lengd 7517. Upplýsingar í síma 691 0554 eftir kl. 17.

Lúxus Hjólhýsi til sölu. Árgerð 2005. Þýskt gæða hjólhýsi á aðeins 1.790.000. Svefnpláss fyrir allt að sex manns. Hlaðinn aukabúnaði, einstakt verð. Uppl. í s. 847 0875.

Fellihýsi

Fellihýsaleiga.
Til leigu fellhýsi og tjaldvagnar. Sími 899 6277 & 461 5077, Óseyri 6c, Akureyri.

Tjaldvagnar

Tjaldvagnar til leigu. Nýir Compi Camp. Uppl. í s. 462 6512 & 897 9999. Austurhlíð, Akureyri.

Tjaldvagn til sölu. Lítið notaður Viking tjaldvagn fæst fyrir lítinn pening v/skilnaðar. Fyrstir hringja, fyrstir fá. Símanr. 551 0902, 699 5080 & 847 9911.

Nýr Combi Camp með fortjaldi og fleiru til sölu. Uppl. í s. 690 9400.

Combi Camp tjaldvagn upphækkaður fyrir jeppa, með eldhúskassa og stormsúlum, er á fjöðrum og með dempurum. Verð 170 þús. Gott eintak. Uppl. í síma 894 9901.

Til sölu stór og rúmgóður tjaldvagn í ágætis ástandi. Svefnpláss fyrir 6, mjög stórt fortjald, eldunaraðstaða. S. 893 7500 e. kl. 17.

Vinnuvélar

Tek að mér alla almenna gröfuvinnu. Uppl. í s. 893 1030.

Lyftarar

Lyftaradekk á lager
KRAFTVÉLAR
Sími 535 3500
www.kraftvelar.is

Allar gerðir af vinnulyftum til leigu. Góð tæki & betra verð. Armar ehf s. 565 4646 & 660 1700.

Bátar

Bátaland
TILVA
Ódýrustu utanborðsmótorarnir á markaðnum í dag
Óseyrarbraut 2 Hafnarfjörður
S. 565-2680 - www.bataland.is

VALIANT
HARÐBOTNA SLÖNGUBÁTAR

www.velasalan.is
Valiant harðbotna slöngubátar. Skoðið úrvalið á heimasíðu okkar.

TERI
Vatnabátar

www.velasalan.is
Skoðið bátaúrvalið á heimasíðu okkar og tryggið ykkur bát í sumar.
VÉLASALAN
Ánanaust 1 - Sími 580 5300
velasalan@velasalan.is

Teri Seafun með 20 hp Mercuri utanborðsmótor og kerru. Uppl. í síma 699 4396.

Óska eftir að kaupa 50-60 hp utanborðsmótor. Uppl. í s. 699 7026.

Freyja VE 260 skrnr. 1590 til sölu. Tilbúin á línu og færi. Verðh. 1 m. eða tilboð. Ath skipti á stærri og dýrari. Uppl. í s. 481 3104 & 869 3499.

Flug

Nú er rétti tíminn til að læra flug! Skoðaðu www.geirfugl.is - Sími 511 5511.

Hjólbarðar

4 óslitin sumardekk á felgum og 2 nagladekk. Stærð 185x70. Af Volvo 740. Uppl. í síma 551 0387.

Varahlutir

Partasalan VTS, s. 421 8090. Toyota, Nissan, Opel, Audi 100-95, Suzuki, Lancer. Opið virka daga frá 8-18, laugard. 10-15.

bilapartar.is
Bílapartar, erum flutt í Grænumýri 3 Mosfellsbæ, s. 587 7659. Erum eingöngu með Toyota. Kaupum Toyotabíla. Opið virka daga frá 10-18.

Kia Rio, Kia Sephia, Kia Shuma. Varahlutir í miklu úrvali. Uppl. í s. 895 0530.

Er að rífa Landrover Discovery og Deefender. S. 893 1030

KEYPT & SELT

Til sölu

Eigum tilbúna stiga, hringstiga og handriðaefni á lager. Fura, Beyki og Eik. Handlistar,plast, frítt, festingar og margt fleira. Stigalagerinn, Dalbrekku 26 Kópavogi.

Þvottavélar
Til sölu nokkrar notaðar þvottavélar. Tökum bilaðar uppí. Sími 847 5545.

Antíkbæsað Ikea eldhúsuborð + hálmáni og 6 stólar, 2ja ára gamalt. Selst allt saman á 25.000. Uppl. í s. 866 7976 Lísa.

Til sölu stór sjónvarpsskápur frá Línunni hæð 1,30 m, breidd 1 m, dýpt 60 cm. Verð 15 þús. S. 557 5731 e. kl. 13.

Til sölu ísskápur á 20 þ., rúm á 10 þ., sófi á 10 þ. og skápur á 10 þ. Allt nýlegt. S. 693 1146.

Hljóðfæri

Píanó til sölu, með bekk og nótnastatíf. Brúnt að lit. Sími 697 6808.

Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn, Síðumúli 35, s. 552 7095.

Tölvur

Þarftu aðstoð við tölvuna? Viðurkenndur af Microsoft. 10 ára reynsla. S. 616 9153 (Friðrik). Frá kl 8-23.

Til bygginga

Pallaefni Utanhússklæðning
Massaranduba, Brasilískur harðviður
Rifflaður báðum megin, ýmsar lengdir.
Innviðir-Valdberg ehf.
Smiðjuvegi 36 (rauð gata)
Sími 564-3636

Heimasíða: vidur.is
Harðviður til húsbygginga. Palla- og girðingaefni, vatnsklæðning, panill og gluggaefni.Verð frá 270.-kr lengdarmetir. Sími 561 1122 / 660 0230

Verslun

Vorum að taka upp nýjar vörur. Mikið úrval og gott verð. Opið frá 10-18 virka daga. ATH lokað á laugardögum í sumar. H-Gallerí Grænatúni 1, Kóp. S. 554 5800.

Kr. 4.900
Opið 10.00-18.00 þriðjud.- föstud. Praxis S. 568 2878 & 691 0808 Síðumúla 13, 108 R. www.praxis.is praxis@praxis.is

ÞJÓNUSTA

Hreingerningar

Nostra Hreingerningarþjónusta. Tökum að okkur fyrirtækja-, heimilis-, flutnings-, stigagangaþrif og teppahreinsanir. Uppl. 824 1455 eða senda fyrirspurnir á nostra@nostra.is

Garðyrkja

Trjáklippingar, garðsláttur, garðaúðun og önnur garðvinna. Nú er tíminn til að klippa og fá tilboð í garðslátt sumarsins! Garðar best, ánægðir viðskiptavinir frá 1988.

Garðsláttur, klippingar og önnur garðvinna. Sumarkveðja! Draumagarðar draumagardar@vortex.is

Túnþökur.
Túnþökurúllur, túnþökur og holtagróður ávallt fyrirliggjandi
Túnverk ehf. 892 3666
Gylfi Jónsson

Úði - Garðaúðun
Örugg þjónusta í 30 ár.
ÚÐI, Brandur Gíslason, skrúðgarðameistari.
Sími 553 2999.

Tökum garðinn í gegn!
Sláum gras, eitrum tré og túnfífla, klippum/fellum tré, hreinsum beð, þökuleggjum, og margt margt fleira. Gerum góð tilboð. Síminn er alltaf opinn.
Sláttumenn -Garðaþjónusta.
Þórhallur s. 846 0864
Hjörleifur s. 868 2667

Garðyrkja
Getum bætt við okkur verkefnum. Hellulagnir, grjóthleðslur, sólpallar, girðingar, trjáklippingar og umhirða á lóðum. Fljót og góð þjónusta.
Jóhannes
Skrúðgarðyrkjumeistari.
Sími. 849 3581

Túnþökur til sölu. Heimkeyrsla í RVK innifalin. S. 847 5007 grassalan@simnet.is

Túnþökusala
Túnþökur til sölu. Gerum tilboð í minni og stærri verk. Steini.s. 663 6666/663 7666

Túnþökur
Túnþökur og túnþökurúllur til sölu. Tökum einnig að okkur þökulaganir. Túnþökuvinnslan. Guðmundur s. 894 3000 & Sævar s. 894 3005.

Úða, klippi, slæ og vinn önnur garðverk. S. 698 1215, Halldór.

Garð og meindýraeyðing. Eyði könglóum á húsum geitungabúum. Úða garða gegn lús og maðki. S. 567-6090 897 5206.

Meindýraeyðing

Öll meindýraeyðing fyrir heimili, húsfélög.
S. 822 3710.

Húsaviðhald

Við bjóðum PVC glugga og hurðir fyrir sólstofur í allar gerðir húsa. Vinsamlegast leitið upplysinga hjá Multi Kerfi ehf, Verbraut 3, 240 Grindavík, S:426 8010 GSM: 897 8070, 895 2446, Netfang: info@multikerfi.com, www.multikerfi.com

Móðuhreinsun glerja & háþrýstiþvottur!
Er komin móða eða raki á milli glerja? Háþrýstiþvottur húseigna. Móðuhreinsun, Ólafur í s. 860 1180.

Tölvur

Þarftu aðstoð við tölvuna? Kem á staðinn og geri við. Viðurkenndur af Microsoft. 10 ára reynsla. S. 616 9153 (Friðrik). Milli kl 8-23 alla daga.

Opið allan sólahringinn. Geri við tölvur í heimahúsum og skriftstofum. Fljót og góð þjónusta. Viðgerðir og uppsetning. Sími 693 9221. www.tolvuvaktin.is

Spádómar

Dulspekisíminn 908 6414. Símaspáindraumaráðn. Spák. Yrsa í beinu sambandi. Hringdu núna!

Örlagalínan 908 1800 & 595 2001
Miðlar, spámiðlar, tarotlestur, draumráðningar. Fáðu svör við spurningum þínum.

908 6116 er spákonan Sirrý. Ástir, fjármál, heilsa. Tímap. í s. 823 6393.

Spámiðill. Spái í 4 teg. spila, kristal og miðilsfundur á eftir. Áratuga reynsla. Þóra frá Brekkukoti. Spái ekki í síma. S. 557 4391 & 660 8301.

Viðgerðir



Vatn getur skemmt !! Hringdu í Steina pípara. S. 699 0100 & 567 9929.

Pípulagningameistari getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 892 8720.

HEILSA

Heilsuvörur

13 kíló farin með Shape-works. Borðið og grennist! Edda S. S. 861 7513 & 820 7547.

Frábær líðan. Alveg síðan, Herbalife www.eco.is Erla Bjartmarz erla@eco.is 899 4183.

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

Snyrting

Thalasso therapy.
"Eykur jafnvægi líkama og sálar". Orkugefandi, vökvalosandi og grennandi. Greifynjan snyrtistofa sími 587-9310. Hraunbæ 102. opið frá kl 9-20.

Námskeið

10 grunnreglur fyrir þá sem þora! Einfaldar hollustureglur byggðar á því sem virkar frá m.a. South Beach, Atkins, hráfæði og nýja fæðupýramidanum. Hið vinsæla fræðslu- og matreiðslunámskeið Þorbjargar næringarþerapista D.E.T. og Umahro matlistarmanns. Ein kvöldstund 5. eða 6. juli, Maður Lifandi, Borgartúni 24. Verð 6.900 kr innifalin ítarleg gögn og góðar ráðleggingar og fullt af bragðbitum. Bókun i síma 692 8489 og tobba@10grunnreglur.com. Nánari upplýsingar hjá www.10grunnreglur.com.

HEIMILIÐ

Húsgögn

Ertu að leita að ekta amerísku rúmi?
Rekkjan, Skipholti 35. Sími 588 1955.

3ja ára viðarrúm til sölu. Verð 25 þús. Hæð 120, breidd 90. Ellen s. 663 0702.

Fallegur og vandaður mjög vel með farinn 2ja manna svefnsófi til sölu. Upplýsingar í síma 843 0777.

Heimilistæki

Við bjóðum makesiur fyrir svalir of sólpalla frá 3 m x 2,5 m upp í 4,8 m x 2,5 m. Vinsamlegast leitið upplysinga hjá Multi Kerfi ehf, Verbraut 3, 240 Grindavík, S:426 8010 GSM: 897 8070, 895 2446, Netfang: info@multikerfi.com, www.multikerfi.com

Dýrahald

CROFT léttbúr fyrir hunda. Pantanir óskast sóttar. Dýrabær Hlíðasmára 9 Kóp. Op má-fös 13-18. Lau 11-15. Sími 553-3062.

Sogavegur - Ranya er týnd
4 ára oriental læða, brúnyrjótt. Eyrnamerkt, ekki með ól. Týndist 15. júní sl. frá Sogavegi 164. Góð fundarlaun í boði. Védís 844 4341.

NUTRO - 30 % afsláttur!
Þurrfóður fyrir hunda og ketti í hæsta gæðaflokki. Full búð af nýjum vörum. 30% afsl. af öllu. Opið mán. til föst. 10 til 18, laugard. 10 til 16, sunnd. 12 til 16. Tokyo Hjallahrauni 4. Hfj. S. 565 8444.

Hreinræktaðir og ættbókafærðir Beagle hvolpar til sölu. Uppl. í s. 893 7632 e. kl. 14.

2 gullfallegir kettlingar fást gefins á gott heimili. Kassavanir og kelnir. Uppl. í s. 846 4079.

Ýmislegt

Rafhitaðir kanadískir heitir pottar frá Beachcomber. Eigum potta hlaðna auka hlutum til afgreiðslu samdægurs. Er nú á frábæru vortilboði. Fimm ára ábyrgð. Frí heimsending hvert á land sem er. Sendum bæklinga samdægurs. opið alla daga frá 9 til 21:00. Allar nánari uppl. í 897 2902 mvehf@hive.is

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Ferðaþjónusta

Langar stuttar hestaferðir við allra hæfi. Kl akstur frá Rvk.www.steinsholt.is sími 4866069

Gisting

Íslendinga afsláttur!
Hótel Vík í Síðumúla hefur um að ráða stór og falleg hótelherbergi og íbúðir f. allt að 5 manns. Sími, sjónvarp og frítt internet á bar. Hótel Síðumúli s.: 588-5588 / www.hotelvik.is

Fyrir veiðimenn

www.sportvorugerdin.is

Laxá á Refasveit. Eigum til lausar stangir . Uppl. í síma. S. 898 3440, 824 5406 & 893 0630.

Lax og Silungsveiði!
Fjölbreytt úrval lax og silungsveiðileyfa. Veiðiþjónustan Strengir. www.strengir.is ellidason@strengir.is S. 567 5204 og 660 6890.

Hér er eitt box sem gengur í alla silungsveiði. fæst á www.frances.is

Fyrsti laxinn af millifossasvæðinu í Norðurá kom á þessa. Fæst á www.frances.is

Hestamennska

Til sölu er nýbyggð glæsileg 5 hesta kerra með hnakkageymslu. Uppl. í s. 866 3566 Elvar.

Ýmislegt

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

Til leigu 100 fm. 3ja til 4ra herb. íbúð í Álfheimum með eða án húsgagna. Langtímaleiga. Nýmáluð og nýtt parket. Reglusemi og skilvísi skilyrði. Laus 1. ágúst. Uppl. í s. 849 6018 eða 588 3919.

Nýjar stórglæsilegar leiguíbúðir með öllum tækjum. Langtímaleiga. 2ja herbergja í Reykjavík og 3ja herbergja í Hafnarfirði. Sjá heimasíðu Átthaga ehf. www.atthagar.is

Til sölu sérlega vandað og íburðarmikið heilsárshús til flutnings, steyptar undirstöður fylgja. S. 895 0020.

Spánn-leiga
Fallegt raðhús fyrir sunnan Alicante til leigu. Uppl. í síma 822 3860.

Húsnæði óskast

Óska eftir 3ja herb. íbúð á höfuðb.svæðinu, reyklaus, engin dýr. Uppl. í síma 866 2949.

Flugþjónn óskar eftir íbúð
frá 1. júlí á höfuðborgarsvæðinu, verður að vera snyrtileg. Greiðslugeta 65 þús. S. 552 1513 & 898 9349.

Sumarbústaðir

Til sölu 30 fm sumarhús í skiptum á góðum bíl. Upplýsingar í síma 661 7885.

Stórglæsilegt sumarhús í Grímsnesi í landi Miðengis rétt við Kerið. Neðri hæð 60 fm, efri hæð 40 fm með fullri lofthæð. Kalt vatn og rafmagn komið inn. Heitt vatn væntanlegt. Húsið er fullbúið fyrir utan eldhúsinnréttingu. Verð aðeins 12,5 millj. Uppl í síma 899 5504. A.t.h opið hús laugard 14-17.

Við framleiðum okkar eigin sérhannaða varmaskiptagrindur fyrir íslenskar aðstæður fyrir miðstöðvarkerfið í íbuðar og sumarhús. Vinsamlegast leitið upplýsinga hjá Multi Kerfi ehf, Verbraut 3, 240 Grindavík, S:426 8010 GSM: 897 8070, 895 2446, Netfang: info@multikerfi.com, www.multikerfi.com

Til leigu er nýl. sumarbústaður nál. Mosfelsbæ, í júlí og ágúst. (60fm2, 4-6 manns, 1 ha, skógivaxið, vikuleiga 50þ.) Uppl. í s. 564 2531/690 2531.

Geymsluhúsnæði

Læstar geymslur. Miðhraun 4. 210 Garðabær. S 555-3464. Nánar á www.geymslur.is

Bílskúr

Við bjóðum bílskúrshurðir í öllum stærðum og gerðum fyrir bæði iðnaðar og íbuðarhús. Vinsamlegast leitið upplýsinga hjá Multi Kerfi ehf, Verbraut 3, 240 Grindavík, S:426 8010 GSM: 897 8070, 895 2446, Netfang:info@multikerfi.com, www.multikerfi.com

Gisting

Íbúð í París til leigu!
Hugguleg íbúð í miðborg Parísar leigist með húsgögnum viku í senn. Uppl. á www.this.is/paris

ATVINNA

Atvinna í boði

Vegna aukinna verkefna

Vegna aukina umsvifa vantar okkur hæft kynningarfólk í Reykjavík og nágrenni strax til starfa. Mikilvægt að viðkomandi hafi ánægju af samskiptum og sé áreiðanlegur og stundvís. Eins óskum við eftir manneskju sem er vön matreiðslu. Áhugasamir hafi samband við Önnu Sigurðardóttir hjá Kynningu ehf. í síma 586 9000 eða í gsm 822 1412. Einnig má senda umsóknir á anna@kynning.is. einnig hægt að sækja um á www.kynning.is

Fullt starf og hlutastarf
10-11 óskar eftir duglegu starfsfólki í verslanir sínar á höfuðborgarsvæðinu. Um almenn verslunarstörf er að ræða. Umsækjendur verða að vera fæddir '87 eða fyrr. Umsækjendur verða að vera þjónustulundaðir, vinnusamir og áreiðanlegir. Bæði er leitast eftir starfsfólki í fullt starf en einnig hlutastar. Nú er rétti tíminn að tryggja sér vinnu með skóla í vetur.
Umsóknum skal skila á vefnum www.10-11.is

Select og Shell
Starfsfólk óskast á stöðvarnar okkar á höfuðborgarsvæðinu. Um fullt starf er að ræða sem og hlutastörf. Umsækjendur verða að vera fæddir '87 eða fyrr og vera þjónustulundaðir, vinnusamir og áreiðanlegir. Unnið er á vöktum. Nú er rétti tíminn til að tryggja sér vinnu með skóla eða aðra aukavinnu fyrir veturinn.
Umsóknum skal skila á vefnum www.10-11.is

Hársnyrtistofan Flóki í Hafnarfirði
óskar eftir svein eða meistara til starfa frá og með 1. ágúst 2005.

Umsókn með upplýsingum um fyrri störf, meðmælendur og launaóskir sendist á mr3@internet.is fyrir lok jún.

Grillhúsið Tryggvagötu óskar eftir starfsfólki í sal alla virka daga frá 11-15 og aukafólki um kvöld og helgar. Reynsla æskileg. Uppl. á staðum og í síma 696 8397, Brynja.

Viljum ráða klæðskera eða laghenta saumakonu á verkstæði okkar hálfan eða allan daginn frá 15. júlí. Upplýsingar á staðnum. Sævar Karl Bankastræti 7

GLÆNÝTT og verulegir tekjumöguleikar. Frummarkaðsetning hérlendis + erlendis www.simnet.is/lausnir

Au-pair. Íslensk fjölskylda í Hollandi óskar eftir au-pair frá lok júli. Uppl. í s. 0031243483530 eða hronn@chello.nl

Óskum eftir að ráða bifreiðstjóra og vélamenn með meiraprróf og reynslu til starfa á Vesturlandi. Mikil vinna. Uppl. í síma 892 1525 & 898 0703.

Óskum eftir að ráða verkamenn til starfa úti á landi. Uppl. í síma 892 1525 & 898 0703.

Vantar starfskraft í afgreiðslu í blómabúð 11-19 virka daga í sumar. Uppl. í síma 862 5505.

Óskum eftir að ráða þjónustulipran mann með góða þekkingu á bifreiðum til sumarafleysinga á smurstöð á Selfossi. Góður möguleiki á framtíðarstarfi. Uppl. í s. 895 0020.

Gröfumaður og verkamaður í hellulögnum óskast. Uppl. í s. 864 1220. Villi í Fagverk.

Starfskraftur óskast við fatahreinsun, uppl. á staðnum. Fatahreinsunin Hraði, Ægissíðu 115, s. 552 4900

Starfskraftur óskast við fatahreinsun, uppl. á staðnum. Fatahreinsunin Hraði, Ægissíðu 115, s. 552 4900

Vantar strax duglegan kokk á tælenskt Veitingarhús, Skeifunni 4 (á móti BT) 896 3536.

Atvinna óskast

22 ára karlmaður óskar eftir sumarvinnu, helst útivinnu, reyklaus. S. 847 4306.

TILKYNNINGAR

Einkamál

SAMLESNAR AUGLÝSINGAR

! 90,9 | 98.9 | FRÉTTABLAÐIÐ | Létt 96.7 | visir

Hamborgaratilboð.
Vitaborgarinn Ármúla, Vitabar.

Ertu á leið í bæinn,
komdu við á Pizza Hut.

Sækið sumarið til okkar.
Gróðrarstöðin Mörk.

Grilllaður kóngabakki
á Hereford Steikhús um helgina.

Þriggja rétta sumarmáltíð á tilboðsverði út júní.
Hereford Steikhús.

Humarsamlokur fást á Hleininni.
Humarhátíð Hornafirði.

Eitt símtal - meiri útbreiðsla - lægra verð

Hringu í síma 550 5000 og fáðu auglýsinguna þína lesna samdægurs á Bylgjunni, Létt og Talstöðinni og birta í smáauglýsingum í Fréttablaðinu og á vísir.is
Mun fleiri en áður lesa og heyra auglýsinguna þína á einfaldan og ódýran hátt.



ÞJONUSTA

ÁHRIFAVALDAR **DAGUR B. EGGERTSSON** **LÆKNIR OG BORGARFULLTRÚI**

Sérviskulegir taktar Þórbergs

DAGUR B. EGGERTSSON, LÆKNIR

Þegar ég lít yfir sviðið held ég að mestu áhrifavaldarnir hafi verið skáld, skáldsagnapersónur og vissir þættir í þeirra fari sem höfðuðu sterkt til mín á mótunarárunum, þegar ég var táningur. Þeir sem reyndu að stæla viljann og láta eitthvað á móti sér, eins og Steinn Elliði í *Vefaranum mikla frá Kasmír* og ákveðnir þættir í Þórbergi Þórðarssyni. Ég náði nú aldrei mjög langt í því að skrifa daglegar veðurfarslýsingar eins og hann gerði, en á tímabili reyndi ég að leggja á minnið eitt kvæði á dag og tók upp ýmsa sérsviskulega takta, þótt ekkert af því hafi enst mjög lengi, en þetta var á þeim árum sem ég lagði mikið upp úr því að venja mig af því að vera kitlinn og stundaði ýmsar þrautir til að stæla viljann.

Ég dróst inn í það með Steini Elliða að finnast svakalega merkilegir meinlætamenn og munkar, þótt ég hafi aldrei verið mjög trúaður né dottið í hug að ganga í klaustur. Það var einbeittur vilji sem höfðaði sterkt til mín og ég leit svo á að hver dagur væri verkefni í því að ná lengra, gera betur, aga sig og skipuleggja.

Nú veit ég ekki hvort Þórbergur hefur fylgt mér áfram, en í hann sótti ég hluti sem mér fannst veikari hjá mér og vildi bæta úr. Ég hafði gaman af sérviskulegum töktum, þótt ég hafi aldrei orðið sérvitringur sem slíkur. Þetta höfðaði til mín á skáldlegan hátt, en fljótlega þroskaðist ég frá Steini Elliða. Fannst hann of fullur af sjálfum sér og hætti að kaupa þetta með að menn vissu öll svörin. Í stað þess las ég áfram og fann önnur svör, sem mér þóttu ekki síður merkileg og duga betur í lífinu. Þetta snýst um að koma hlutunum í verk og gera þá almennilega, því ef maður ræktar ekki sínar veiku hliðar nýtur maður ekki þeirra sterku heldur. Þannig var þetta tímabil sennilega hluti af prýðis sjálfsbetrunarprógrammi, þegar litið er til baka.

ÞÓRBERGUR ÞÓRÐARSON, RITHÖFUNDUR

ROALD DAHL Johnny Depp leikur í nýrri mynd, Charlie and the Chocolate Factory, sem gerð er eftir sögu Dahl.

Bretar heiðra Roald Dahl

Nú er búið að opna safn í Bretlandi sem tileinkað er barnabókahöfundinum fræga **Roald Dahl**. Dahl, sem lést 1990, er þekktur fyrir bækurnar *Matthildur*, *Jói og risaferskjan* og *Kalli og sælgætisgerðin*. Gerðar hafa verið kvikmyndir og þættir eftir nokkrum af sögum Dahls, meðal annars *Charlie and the Chocolate Factory* með Johnny Depp í aðalhlutverki sem út kemur í júlí. Myndin fjallar um strákinn Kalla og ævintýri hans í stórmerkilegri sælgætisgerð Willys Wonka, sem leikinn er af Depp.

Dahl varð frægur þegar Walt Disney gerði barnabók með myndum eftir sögu hans, Gremlin Lore, og upp frá því fóru vinsældir hans vaxandi og enn í dag eru barnabækur hans lesnar af áfergju af fólki á öllum aldri. Roald Dahl-safnið er í heimabæ rithöfundarins, í Great Missenden, Buckinghamshire, og má þar sjá uppköst af meistaraverkum hans og eftirlíkingu af garðskúrnum þar sem hann skrifaði bækurnar. ■

SKRÝTNA FRÉTTIN

Svefngengill fellur af þaki

Þjóðverjinn Thomas Manning frá Eltville féll af þaki húss síns þar sem hann gekk í svefni. Maðurinn hafði klifrað út um glugga svefnherbergis síns á fyrstu hæð, fetað sig upp sleipa þakrennunna og gengið þvert yfir þakið áður en hann féll niður átta metra, ofan í garð hússins.

Thomas sem er 39 ára sagði björgunarmönnum að hann hefði misst jafnvægið eftir að hafa vaknað upp og áttað sig á því hvar hann var staddur, en hann er vanur að vakna upp á mismunandi stöðum eftir ferðalög sín í svefni.

„Mig hlýtur að hafa dreymt einhverja bölvaða þvælu," sagði hann lögreglumönnunum, sem telja regnblauta grasflötina neðan við húsið hafa bjargað Thomasi frá örkumli eða bráðum bana.

Manning hefur verið bókaður í nákvæmar svefnrannsóknir á sjúkrahúsi í Frankfurt í von um bót á þessum hættulegu svefngöngutúrum. ■

GOTT ÚRVAL STAFRÆNNA MYNDAVÉLA

KONICA MINOLTA

DiMAGE X60

- **Örsmá og nett** hágæða DIGITAL MYNDAVÉL
- 5 MegaPixel upplausn
- Stór 2,5" LCD skjár
- Vönduð aðdráttarlinsa
- 3 x zoom
- Aðeins 0,5 sekúndur að ræsast
- Hágæða hreyfimyndataka með hljóði
- Rafhlaða sem endist í 150 myndir

GLÆNÝTT MÓDEL

VERÐ 29.990

FRÁBÆRT KYNNINGARVERÐ

5 MEGAPIXEL

SÝND HÉR Í RAUNSTÆRÐ

8,35sm x 5,6sm x 2,2sm - 125 grömm

OLYMPUS® C370Z

Digital MYNDAVÉL með 3,2 milljónir punkta upplausn, 3x Optical Zoom og 4x Digital Zoom, 5.8 - 17.4mm (35mm samb.: 38 - 114mm) linsu, 1,5" LCD skjá, hágæða hreyfimyndatöku, Auto Flass og Red Eye Reduction, tímarofa, USB tengingu við tölvu og 12mb innra minni.

3,2 MEGAPIXEL

TILBOÐ 11.990

FULLT VERÐ kr. 19.990

OLYMPUS® FE5500

Digital MYNDAVÉL með 5 milljónir punkta upplausn, 3x Optical Zoom og 4x Digital Zoom, 5.8 - 17.4mm (35mm samb.: 35 - 105mm) linsu, 2" LCD skjá, hágæða hreyfimyndatöku með hljóði, Auto Exposure, tímarofa, USB tengingu við tölvu, notar XD kort og 14mb innra minni.

5 MEGAPIXEL

VERÐ 24.990

FRÁBÆRT VERÐ

KONICA MINOLTA DiMAGE G600

Lítil Digital MYNDAVÉL með 6 milljón punkta upplausn, 3x Optical Zoom og 3x Digital Zoom, Autofocus, hreyfimyndatöku, Red Eye Reduction, tímarofa og USB tengingu. Notar bæði SD kort og Memorystick.

6 MEGAPIXEL

TILBOÐ 26.990

FULLT VERÐ kr. 34.990

ÓTRÚLEGA LÍTIL DIGITAL TÖKUVÉL

MEÐ 3CCD MYNDFLÖGUM OG 5 MEGAPIXEL KYRRMYNDATÖKU - ÞAÐ NÝJASTA FRÁ JVC!

JVC® NÝ SENDING KOMIN

GZMC500

Ótrúlega Nett Digital Media TÖKUVÉL með þremur 1/4.5" ipptökuflögum með 1,33 MegaPixel upplausn, 5 Megapixel kyrrmyndötaku (2.560x1.920 Pixlar), 1,8" LCD skjá, 4GB MicroDrive,hægt að taka upp á Microdrive, CompactFlash og SecureDigital kort, 10x Optical Zoom og 200x Digital Zoom, innbyggðri vef og kyrrmyndavél, Dolby Digital hljóðupptaka, Snapshot möguleiki, titringsdeyfi og USB2 tengi. Stærð: (bxhxd): 8.0x5.5x11.8 sm . Þyngd 400g.

5 MEGAPIXEL

TILBOÐ 139.990

FULLT VERÐ kr. 179.990

TÖKUVÉL ÁN SPÓLU

MEÐ 4GB MicroDrive

WWW.HUGVERKA.IS

STAFRÆNAR TÖKUVÉLAR

JVC® GRD240

Digital DV TÖKUVÉL með 2,5" LCD skjá með 1/6 CCD upptökuflögu með 800.000 díl̈um, 800x Digital Zoom, 25x Optical Zoom, DV útgangi, endingargóðri rafhlöðu og **Digital ColorNightScope** (myndar í myrkri).

TILBOÐ 44.990

FULLT VERÐ kr. 54.990

DIGITAL NIGHT SCOPE

JVC® GRDF470

Digital DV TÖKUVÉL með 2,5" LCD skjá með 1/6 CCD upptökuflögu með 800.000 díl̈um, 700x Super Digital Zoom, 15x Optical Zoom, endingargóðri rafhlöðu, DV Inn- og útgangi og Analogue inngangi, og **Digital NightScope** (myndar í myrkri). Tekur MMC kort.

VERÐ 64.990

FRÁBÆRT VERÐ

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2005

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ▶ REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Kaupfélag Borgfirðinga, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. KF Húnvetninga, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Ljósgjafinn, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: KF Héraðsbúa, Egilsstöðum. Verslunin Vík, Neskaupsstað. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Turnbræður, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Brimnes, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Rafeindatækni, Keflavík. Raflagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði. Rafmætti, Hafnarfirði.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR

NÁTTÚRUBARN OG BÆJARSTJÓRI Ragnheiður er dóttir knattspyrnukappans Ríkharðs Jónssonar, fædd og uppalin á Akranesi. Hún hefur alltaf búið í jaðri þéttbýlis en fyrstu hjúskaparár þeirra Daða voru í Árbænum, úthverfi sem mörgum hefur löngum þótt hallærislegt fyrirbæri. Ragnheiður segir ljóst að það sem þyki halló í dag verði flottast á morgun, enda sýni sig í Mosfellsbæ að ungt fólk festir kaup á íbúðum í námunda við náttúruna „í stað þess að flytja í þrengsli 101 Reykjavíkur."

Ekkert raskar sveitasælunni

Það er friðsælt í túnunum undir Esjunni, þar sem bílniður Vesturlandsvegar hefur þagnað. Ekkert heyrist nema glaðlegt hnegg og hvetjandi söngur lóunnar: út-úúút! Ábúendur eru ekki dæmigert fjósafólk fortíðar í klæðaburði né fasi, heldur hestamenn í húð og hár. ***Þórdís Lilja Gunnarsdóttir*** stóð innan um fallega klára í Leirvogstungu með ábúendunum **Ragnheiði Ríkharðsdóttur**, bæjarstjóra í Mosfellsbæ, og eiginmanni hennar, **Daða Runólfssyni.**

„Við fluttum í sveitina vegna þess að við vildum hafa hesthúsin nær heimilinu," segir Ragnheiður Ríkharðsdóttir, bæjarstjóri í Mosfellsbæ og ábúandi á bænum Leirvogstungu sem stendur á einkar fögru bæjarstæði, sunnan þjóðvegar eitt, undir Esjunni. Af túni bæjarins er fögur sýn til allra átta: Esjan í norðri, jökullinn og Ljósufjöll í vestri, Perlan og Hallgrímskirkja í suðri, og hratt grænkandi þéttbýliskjarni Mosfellsbæjar í austri.

„Þegar við komum hingað var þetta afvikin sveit og Mosfellsbær miklu smærri í sniðum. Síðan hefur íbúatalan hækkað um rúm fimm þúsund manns og byggðin vaxið mikið. Leirvogstunga stendur enn á landbúnaðarsvæði bæjarfélagsins, og einnig er búskapur á Hrísbrú, Hraðastöðum og Helgadal, og kjúklingabú að Reykjum, þar sem eru og kindur og hross," segir Ragnheiður sem er fædd og uppalin á Akranesi og hefur alla sína hjúskapartíð búið í jarðri þéttbýlisins.

„Heiman frá Leirvogstungu fylgir engin sjónmengun stækkun Stór-Reykjavíkursvæðisins. Við horfum bara á bæinn grænka og verða fallegri. Vitaskuld verðum við orðið vör við aukinn þunga Vesturlandsvegar, en þegar maður býr í sveit nýtur maður kostanna og umber gallana," segir Ragnheiður og bendir á að umferðarmæling um Kjalarnes sýni að tuttugu prósent bíla haldi áfram norður, eftir að Mosfellsbæ og Þingvallavegi sleppi.

„Bærinn stendur langt frá veginum og ekkert raskar sveitasælunni. Þegar maður hefur notið þess að búa í sveit í öll þessi ár, get ég ekki hugsað mér að fá byggð í kringum mig, en vitaskuld af mjög svo eigingjörnum ástæðum. Þegar maður er orðinn vanur slíku útsýni, athafnafrelsi, næði og vídd, myndi manni bregða mikið við. Í augnablikinu finnst mér það erfið tilhugsun og vona að ég verði orðin gömul þegar þar að kemur, en kannski sætti ég mig við þá þróun þegar þar að kemur," segir bæjarstjórinn Ragnheiður, sem sér æ fleiri bóndabæi í sveitinni fara undir byggð.

„Gömul og gróin bóndabýli, Blikastaðir og Helgafell, fara senn undir þéttbýli, en samt er staða Mosfellsbæjar enn á þann hátt að stutt er fyrir íbúa að komast í ósnortna náttúru. Við bæjarfótinn er falleg fjara, fell og fjöll, sem aldrei verður byggt nærri. Það gefur bænum sérstöðu og aðdráttarafl, en ásókn fólks í að búa utan þéttbýliskjarna stórborgarinnar virðist alltaf vera að aukast. Ég skynja viðhorfsbreytingu eftir að fleiri af yngri kynslóðinni hafa ferðast og búið víðar. Þeir meta landið sitt og það sem það hefur upp á að bjóða með allt öðrum hætti. Þeir setja ekki lengur fyrir sig vegalengdir til og frá vinnu, heldur meta kyrrð og náttúru umfram flest annað," segir Ragnheiður sem telur mannfólkinu hollt að búa fjarri ys stórborgar.

„Að búa í sveit er dásamlegt. Við eigum góða granna, yndislega sveitakyrrð og samneyti við náttúruna, auk himnesks útsýnis. Gallarnir eru engir í dag, en þegar við vorum með börn á skólaaldri vorum við eins og strætóbílstjórar, og þau ekki himinlifandi að búa svo fjarri þéttbýlinu, þótt þeim finnist nú yndislegt að koma í sveitina. Þeir sem ákveða að búa í jaðrinum verða að taka með í reikninginn að því fylgir vinna séu börnin virk í félags- eða íþróttalífi."

Um síðustu helgi var haldið íbúaþing í Mosfellsbæ þar sem skipulags- og umhverfismál voru rædd.

„Þar kom eins og rauður þráður mjög skýrt fram hve náttúra og kyrrð vegur þungt í hugum þeirra sem búa í Mosfellsbæ. Það var stimpill á það sem við höfum talað um í gegnum tíðina. Þetta er það sem fólk sækist eftir. Það styður okkar framtíðarskipulag og alls staðar munum við hafa stutt í opna náttúru með beinum brautum."

Sjálf standa Ragnheiður og Daði á tímamótum hvað varðar byggð í námunda við sveitaparadísina í Leirvogstungu.

„Ungur eigandi bróðurparts af Leirvogstungulandinu er að kynna framsæknar og skemmtilegar hugmyndir um byggð á jarðareign sinni. Ekki verður um mikinn þéttleika að ræða heldur verður sveitastemmingunni viðhaldið að stærstum hluta. Þótt ég sé vanhæf til að fjalla um þær tillögur því þær snerta mig persónulega, þá hef ég skoðað þær og séð að um metnaðarfullar og spennandi hugmyndir er að ræða. Ég hef ekki áhyggjur af þeirri byggð og mun skoða málið með opnum huga, sem íbúi á svæðinu," segir bóndinn Ragnheiður, glöð í sveitinni heima.

Eigingirni mót uppbyggingu

Það er súrrealískt að keyra inn Suðurnes á Álftanesi, þar sem nýbyggingar spretta eins og gorkúlur, og umkringja gömul fjárhús, fjós og hlöðu við efsta sjónarhól Suðurness. Á túnunum gleðja augun lítil lömb sem elta kindur um gróskumikla akra. ***Þórdís Lilja Gunnarsdóttir*** hitti **Friðrik I. Jóhannsson** bónda í hlaði Sviðholts, síðasta sveitabæjar Álftaness.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

FRIÐRIK I JÓHANNSSON, FJÁRBÓNDI Í SVIÐHOLTI Á ÁLFTANESI Margir íbúar Álftaness eru ósáttir við landeigandann og fjárbóndann Friðrik, sem alla ævi hefur búið á bænum Sviðholti sem nú gnæfir yfir blokkabyggð sem sumum finnst illilega stinga í stúf við rómantískt sveitaþorpið sem áður var. Friðrik segir þær raddir litaðar eigingirni, því þróun byggðar verði ekki stöðvuð.

Friðrik I. Jóhannsson, bóndi í Sviðholti á Álftanesi, kom þangað beint af fæðingadeildinni, en á bænum bjuggu foreldrar hans ásamt frumbyggjunum ömmu og afa. Í dag býr Friðrik ásamt eiginkonu og börnum á þessari fallegu jörð; síðasti fjárbóndinn á Álftanesi.

„Kindurnar eru meira til gamans í dag og hér hafa ekki verið kýr né hestar í mörg ár. Þegar ég ólst upp voru hér ýmis húsdýr, enda nánast ekkert nema sveitabæir og kot á Álftanesi þess tíma," segir Friðrik, sem á síðustu árum hefur selt hluta af landi sínu undir nýbyggingar á Álftanesi, en upphaflega var Sviðholt fimmtán hektarar að stærð.

„Lóðaverð er sannarlega ekki sambærilegt við það sem gerist í Reykjavík, en vel viðunandi," segir Friðrik og horfir á nýtísku blokkir sem risið hafa geyst skammt frá fjárhúsunum, nokkuð sem íhaldssamir Álftanesbúar eru ekki alls kostar sáttir við.

„Mér finnst bera vott um eigingirni að vera á móti uppbyggingu," segir Friðrik með staðfestu. „Það er einkennilegt að flytja í „sveitina" en vilja síðan stoppa aðra af sem eru í sömu hugleiðingum. Reyndar hætti Álftanes að vera sveit í mínum huga fyrir tuttugu árum síðan, en breyttist þá smám saman í notalegan bæ. Reyndar svo hægt að maður varð þess ekki var fyrr en bæjarmyndin var orðin heillegri og samstæð. Þetta gerist sjálfkrafa og er þróun sem ekki verður spornað við, enda er ég ekki viss um að þeir sem kvarta hæst í dag hefðu viljað láta stoppa sig þegar þeir keyptu sínar lóðir og byggðu hús fyrir áratugum síðan."

Í Sviðholti standa enn nokkur myndarleg útihús; hlaða, fjós, fjárhús og súrheysturn, minnisvarðar um liðna daga sveitasælunnar á Álftanesi.

„Fjárhúsin í túninu fara líklega fljótlega, enda orðin lúin. Kannski geri ég upp fjósið og turninn, og finn þeim eitthvert notagildi. Mér finnst lítið gaman að tómum, gömlum húsum. Þetta er dásamlegur staður, með útsýni af efsta hól bæjarfélagsins. Það hefur því engin ákvörðun verið tekin um að flytja," segir Friðrik glettnislega og horfir á nýfædd lömbin í stóru túninu.

„Það er gaman að halda kindur þótt ég grynnki á hópnum og setji lömb í sláturhús á haustin. Kindur hafa sinn eigin vilja og eru ekki feimnar við að sýna hann," segir síðasti bóndinn á Álftanesi, sem sjálfur fer sínar eigin leiðir. Sama hvað öðrum finnst.

ÓMISSANDI

ÞÓRUNN OG FELIX

Hjól og Soda Stream tæki

Felix Bergsson og Þórunn Lárusdóttir, leikarar í söngleiknum Kabarett sem sýndur verður í ágúst, völdu þrjá ómissandi hluti

Felix Bergsson stendur nú í ströngu við undirbúning á söngleiknum Kabarett sem leikhópurinn Á senunni frumsýnir í Íslensku óperunni fjórða ágúst. Á milli æfinga skemmtir hann um allt land með Gunnari Helgasyni.

Hjólið mitt. Þegar það er komið sumar er það alveg númeró úno. Fáránlegt að fara á bílnum. Ég er svo heppinn að geta hjólað í vinnuna, hjóla á æfingar.

Fartölvan mín. Hana verð ég að hafa við hlið mér frá morgni til kvölds. Ég nota hana til vinna allt efni inn á vefinn og öll tölvusamskipti. Hún er algjörlega ómissandi.

Rakvélin mín, sem ég nota til að raka á mér hausinn. Hún nefnilega bilaði fyrir tveimur vikum og þá fattaði ég hvað hún væri mikilvæg. Ég breyttist í annan mann. Þegar maður er orðinn svona gamall eins og ég þá er mikilvægt að raka sig einu sinni í viku.

Þórunn Lárusdóttir leikkona segir að hlutverk hennar í Kabarett sé draumahluverk og það á hug hennar allan þessa dagana. Þórunn ætlar að skella sér til London í sumarfrí þegar aðeins hægist um.

Soda Stream tækið. Ég á gamla, „original" tækið enn þá en nú er ég nýbúin að endurnýja af því að það eru stærri flöskur með þessu nýja. Ég nota þetta rosalega mikið.

Mjólk. Mér finnst algjörlega ómissandi að eiga mjólk í ísskápnum. Ef það er ekki til mjólk þá er dagurinn ónýtur. Ég drekk mjög mikið af mjólk.

Kerti, ég er rosaleg kertakelling. Sérstaklega sprittkertin, þau eru svo rosalega fín. Ég á svo rosalega mikið af flottum kertastjökum og það er gott að setja sprittkertin í þá.

Vatnsblöðrum kastað í Vilhjálm prins

Erfingi bresku krúnunnar, Vilhjálmur prins, varð fyrir árás ungra pörupilta þegar hann var í fríi í Skotlandi nú á dögunum. Árásin var samt ekki mjög alvarleg og hlaut hann engin meiðsl því vopnin sem drengirnir notuðu voru vatnsblöðrur. Vilhjálmur lá í sólbaði í garðinum á sveitabýli sínu á skosku eyjunni Mul þegar nokkrir innfæddir strákar ákváðu að drita í hann fjölmörgum vatnsblöðrum. Þeir gerðu einnig óspart grín að honum og kölluðu hann „pabbastrák". Þótt það sé óalgengt að almúganum leyfist svona framkoma gagnvart þeim aðalbornu þá lét Vilhjálmur þetta ekki mikið á sig fá. Hann skellti sér á djammið um kvöldið og fagnaði frábærum árangri í meistarnámi sínu í landafræði.

VILHJÁLMUR PRINS Útskrifaðist með hærri einkunn en nokkur annar í fjölskyldunni.

www.lin.is

Skuldbreyting námslána **LÍN**

Lánþegar eiga rétt á að skuldbreyta námslánum frá árunum 1992–2004. Með skuldbreytingu er líklegt að þeir geti létt árlega greiðslubyrði sína.

LÍN hvetur lánþega til að kynna sér nýju lánskjörin á vef sjóðsins **www.lin.is**. Þar er auðvelt og þægilegt að sækja um breytinguna. Á vefnum má einnig nálgast upplýsingar um núverandi skuldastöðu og ábyrgðarmenn.

Ef breytingin á að taka gildi á þessu ári þurfa þeir sem eru byrjaðir að borga af námslánum sínum að:

ath!

Sækja um skuldbreytinguna fyrir **30. júní 2005.**
Skila fullgildu skuldabréfi til sjóðsins fyrir **14. júlí 2005.**
Vera í skilum við sjóðinn, þar á meðal búnir að greiða föstu afborgun þessa árs.

Aðrir geta sótt um skuldbreytingu til 1. nóvember 2005.

LÍN

Lánasjóður íslenskra námsmanna Borgartúni 21 Reykjavík www.lin.is lin@lin.is

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu



FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

TINNA BERGSDÓTTIR Segir flottustu verkin ekki borguð best.

TINNA Var ein af fyrirsætunum á tískusýningunni Cool Fashions sem fór fram í Skautahöllinni í Laugardal.

Situr fyrir í Suður-Kóreu

Tinna Bergsdóttir er tvítug Hafnarfjarðarmær sem er ung fyrirsæta á uppleið. *Sóley Kaldal* ræddi við stúlkuna, sem skreytir háhýsi í New York og er á leið til Suður-Kóreu.

Tinna er tiltölulega nýkomin frá New York en nú er stefnan sett á Suður-Kóreu. „Ég var að skemmta mér niðri í bæ síðasta sumar þegar Skjöldur hjá Elementmodels kom til mín og bauð mér að taka þátt í Face North keppninni," segir Tinna spurð um upphafið að ferlinum. Hún hafði aldrei áður setið fyrir en ákvað að slá til og gerði sér lítið fyrir og vann keppnina. „Mér hafði aldrei dottið í hug að leggja þetta fyrir mig og var búin með þrjú ár í menntaskóla þegar þetta gerðist," segir hún.

Keppnin, sem var í júlí, var henni lærdómsrík og hún kynntist mörgum skemmtilegum krökkum. Aðeins þremur vikum seinna var hún svo komin til New York því hún fékk samning við fyrirsætuskrifstofuna Click á Manhattan í verðlaun. Þar bjó hún í fyrirsætuíbúð og voru allt að sex stelpur saman í íbúðinni. Hún var í New York í meira eða minna í átta mánuði og hafði nóg að gera. Hún vann meðal annars fyrir Luca Luca tískuhúsið en stærsta verkefnið hennar var auglýsing fyrir fyrirtæki sem birtist á öllum lestarstöðvum. „Svo voru vinir mínir, sem búa enn þá úti, að hringja í mig um daginn og segja mér að sama auglýsing væri komin utan á risastóra byggingu á Manhattan," segir Tinna sem varð mjög hissa

því hún vissi ekki að það stæði til.

Hún ætlaði að fara til New York aftur í sumar en fékk mörg tilboð frá Evrópu og öðrum stöðum í heiminum. „Eftir að hafa skoðað kostina ákvað ég að fara til Suður-Kóreu og ég fer þangað eftir tvær vikur." Það verður spennandi fyrir hana að vera þar og segir hún að mikið sé um sjónvarpsauglýsingar þar. „Ég veit ekki hvort ég þarf að læra tungumálið til að leika í þeim," segir hún og hlær.

Um neikvæðar hliðar bransans segir hún að henni hafi brugðið svolítið yfir því hvað fólk sem starfi við hann geti verið falskt. Einnig fannst henni skrítið hvað skemmtanalífið var virkt á hverju einasta kvöldi en ekki aðeins um helgar eins og hér. „Ég er ekki mjög mikið fyrir að fara svona út, sérstaklega ekki í miðri viku," segir hún.

Jákvæðu hliðarnar er þó mun fleiri en þær neikvæðu og henni finnst skemmtilegast að sýna á tískusýningum. Hún hefur þó ekki enn þá prófað að fara á tískuviku í stóru tískuborgunum en gerir það hugsanlega í framtíðinni. „Ég ætla bara að byrja á því að fara til Suður-Kóreu og sjá svo til með framhaldið."

ROKK OG RÓLEGHEIT

Nýjasta plata Íslandsvinanna í **Foo Fighters**, hin tvöfalda In Your Honor, er nýkomin út. ***Freyr Bjarnason*** kannaði gripinn og leit yfir feril sveitarinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/PÖK

FOO FIGHTERS Hljómsveitin Foo Fighters heldur tónleika í Egilshöll í sumar ásamt Queens of the Stone Age.

Dave Grohl, forsprakki Foo Fighters, hefur verið iðinn við að mæra nýju plötuna í fjölmiðlum. Hann segir hana þá bestu sem sveitin hafi nokkurn tímann sent frá sér. „Eftir 20 ár þegar krakkinn þinn gengur upp að þér og spyr hvaða Foo Fighters-plötu hann eigi að kaupa vil ég að þið segið: „In Your Honor," lét hann m.a. hafa eftir sér.

Melódískt rokk

Hin tvöfalda In Your Honor er fimmta plata Foo Fighters á tíu ára ferli sveitarinnar. Önnur platan hefur að geyma tíu melódísk rokklög á borð við þau sem hljómsveitin er hvað þekktust fyrir en hin hefur að geyma tíu órafmögnuð lög. Einnig fylgir DVD-diskur með viðhafnarútgáfu af plötunni þar sem m.a. má finna heimildarmynd um gerð hennar.

Grohl ætlar að fara í sérstaka tónleikaferð til að fylgja eftir órafmagnaða hlutanum. „Mig langar að spila á litlum tónleikastöðum með öllum hljóðfæraleikurunum sem koma fram á plötunni. Ég vil að órafmögnuðu lögin verði ekki í sama hrærigraut og rokkið, heldur að þau séu sett fram eins og á plötunni. Það síðasta sem þú vilt gera er að kasta frá þér einhverri ballöðu og fá reiðhjólakeðju beint í andlitið," sagði Grohl.

Á ferðalagi með John Kerry

Grohl segir að titill nýju plötunnar sé tilvísun í þann tíma sem hann eyddi á kosningaferðalagi með John Kerry, forsetaframbjóðanda demókrata. „Ég studdi John Kerry á þessu kosningaferðalagi eiginlega bara vegna þess að George W. Bush notaði eitt af okkar lögum á kosningafundum sínum," sagði Grohl. „Það er ekki hægt að banna forsetanum að spila lögin sín þannig að ég fór og spilaði fyrir stuðningsmenn John Kerrry þess í stað því þar fannst mér skilaboðin eiga betur heima."

Grohl segist hafa heillast af styrk og dugnaði fólksins sem kom saman á þessum fundum og fann hann vel fyrir samkennd þess. Allir voru ákveðnir í að ná fram stjórnarfarsbreytingum og því ákvað Grohl að tileinka þessu fólki plötuna.

Spilaði á öll hljóðfærin

Á meðan Dave Grohl var trommari Nirvana, samdi hann og tók upp slatta af lögum á heimili sínu sem aldrei voru gefin út.

Þessar upptökur áttu eftir að leggja grunninn að stofnun Foo Fighters eftir sjálfsvíg Kurt Cobain. Fyrsta plata Foo Fighters, sem var samnefnd sveitinni, kom út 1995. Platan var tekin upp á aðeins einni viku og spilaði Grohl á öll hljóðfærin og sá um sönginn.

Í stað þess að hefja sólóferil ákvað Grohl að safna saman í hljómsveit. Hann hitti Nate Mendel, bassaleikarann í Sunny Day Real Estade, sem var nýhætt, og fékk hann til liðs við sig. Trommari sömu sveitar, William Goldsmith, bættist fljótt í hópinn sem og Pat Smear, sem hafði stoppað stutt við í Nirvana. Hljómsveitin var nefnd Foo Figthers eftir leynilegum samtökum í síðari heimsstyrjöldinni sem voru talin hafa rannsakað fljúgandi furðuhluti. Frumburðurinn sló í gegn og naut lagið This is a Call mikilla vinsælda. Á plötunni var Grohl greinilega enn þá undir miklum áhrifum frá Nirvana í lagasmíðum sínum og var platan því afar kærkomin fyrir þá fjölmörgu aðdáendur sveitarinnar sem voru enn í sjokki eftir fráfall Cobain.

Mannabreytingar

Næsta plata Foo Fighters, The Colour and the Shape, kom út 1997. Grohl sá að mestu um trommuleikinn á plötunni þar sem Goldsmith hætti meðan á upptökum stóð. Síðar átti Taylor Hawkins, fyrrum trommari hjá Alanis Morissette, eftir að taka við kjuðunum. Með slögurum á borð við Everlong, My Hero og Monkey Wrench var ljóst að Foo Fighters voru komnir til að vera. Grohl hafði tekist að hrista að mestu af sér Nirvana-samlíkinguna og var farinn að skapa sér sinn eigin hljóm.

Skömmu eftir upptökur á plötunni hætti Smear í sveitinni og Franz Stahl tók stöðu hans. Hann stoppaði stutt við, því fyrir þriðju plötu Foo Fighters, There is Nothing Left to Lose, var hann flogginn í burtu. Lagið Learn to Fly sló rækilega í gegn og festi Foo Fighters enn í sessi í rokkheiminum.

Eftir upptökurnar kom Chris Shiflett inn í sveitina og hefur verið með allar götur síðan. Spilaði hann á hinni prýðisgóðu og fáguðu One by One sem kom út 2002 og síðan núna á In Your Honor.

DAVE GROHL Þessi fyrrum trommari Nirvana stofnaði Foo Fighters árið 1995 og heldur sveitin því upp á tíu ára afmæli sitt um þessar mundir.

Frægir gestir

Nokkrir frægir gestir koma við sögu á nýju plötunni. Þar ber fyrstan að nefna John Paul Jones, fyrrverandi bassaleikara Led Zeppelin, sem spilar á píanó í Miracle og á mandólín í Another Round sem eru bæði á órafmögnuðu plötunni. Josh Homme, forsprakki Queens of the Stone Age og félagi Grohl, spilar á gítar í Razor, lokalagi plötunnar og Norah Jones syngur og spilar á píanó í Virginia Moon. Þar að auki syngur trommarinn Taylor Hawkins í laginu Cold Day in the Sun á meðan Grohl rifjar upp gamla takta við trommusettið.

Það er svo sannarlega stíft rokkað á fyrri plötunni, eins og Foo Fighters er von og vísa, en sú síðari býður síðan upp á kærkomna pásu frá öllum látunum. Hún hefur að geyma prýðisgóð rólegheitalög þar sem angurvær rödd Grohl fær að njóta sín.

Gaman verður að sjá Foo Fighters á tónleikunum í Egilshöll í byrjun júlí. Miðað við yfirlýsingar Grohl virðist sem sveitin muni að mestu sniðganga rólegu lögin en miðað við kraftinn sem er að finna á fyrri plötunni er ljóst að tónleikagestir eiga von á góðu.

SIRKUS BYRJAR
24. JÚNÍ KL. 22

Sjónvarpsstöðin Sirkus er alltaf í ólæstri dagskrá. Stöðin verður á rásinni þar sem Popp TíVí er núna. Popp Tíví verður á annarri rás á Digital Ísland.

FYLGSTU MEÐ.

SIRKUS

Ótrúlegt

Þessi fallegu leðursófas

Sessalong
verð kr. 129.800

Leðuráklæði
litur: Cream

Model:3022

3+1+1
kr. 298.000

Leðuráklæði
litur: Brúnt
og Cream

Model:601

Sessalong
kr. 249.800
2ja sæta
kr. 139.900

Leðuráklæði
litur: Cream

Model:585

3ja og 2ja sæta
verð kr.
199.800

Leðuráklæði
litur: Brúnt
og Cream

Model:558

Grafíska smiðjan ehf. 06-05

en satt!

sett eru á frábæru verði

Model:3022
Leðuráklæði
litur: Brúnt og cream

3+1+1 verð kr. 179.800

Model:3050
Leðuráklæði
litur: Brúnt

3+2+1 verð kr. 189.800
3+1+1 verð kr. 169.800

Model:3055
Leðuráklæði
litur: Brúnt

3+1+1 verð kr. 169.800

Ondvegi

HÚSGAGNAVERSLUN

Síðumúla 20 | sími 568 8799 | www.ondvegi.is | ondvegi@ondvegi.is

Heyrst hefur ...

... að Gordon Strachan, nýráðinn knattspyrnustjóri Celtic, sé gríðarlega hrifinn af Theódóri Elmari Bjarnasyni, fyrirliða u-19 ára landsliðs Íslands, og hafi hugsað sér að nota hann í aðalliði félagsins á næstu leiktíð. Þetta kemur fram á einni af spjallsíðum stuðningsmanna félagsins.

sport

sport@frettabladid.is

60 SEKÚNDUR HEIMIR GUÐJÓNSSON

Erfiðasti andstæðingur? Mér fannst alltaf leiðinlegt að vera yfirtæklaður af Alla Högna.

Auðveldasti andstæðingur? Allir litlir, snöggir og stuttir leikmenn sem hafa verið settir mér til höfuðs.

FH er... toppurinn.

KR er... í lægð.

Mestu vonbrigði á ferlinum? Að tapa fyrir ÍA 1996 í úrslitaleik og að fá ekki tækifæri til að spila með Sigga Jóns árið 2001.

Besti þjálfari sem þú hefur haft? Guðjón Þórðarson.

FH eða KR? FH.

Logi eða Óli Jó? Báðir góðir.

Besti liðsfélaginn fyrr og síðar? Það hafa verið margir frábærir en verð að segja Jón „Gasgrímur" Stefánsson.

Ólafur Jóhannesson er... skemmtilegur fír.

Hafnarfjarðarmafían er... samansafn af snillingum.

Er FH-liðið í dag það besta sem þú hefur spilað með? Ég er ekki frá því en það næstbesta er KR 1996.

Hefurðu úthald í heilan leik? Ef ég fer ekki mikið út úr miðjuhringnum.

Uppáhaldsviðurnefni? Gamli.

Óli eða Leifur? Góðir saman.

Te eða kaffi? Kaffi.

Hvað tekur við þegar ferlinum lýkur? Vonandi þjálfun.

> Við hrósum ...

... strákunum okkar í íslenska landsliðinu í handbolta sem tryggði sig inn á sjöunda stórmótið í röð í alþjóðlegum handbolta með sigrinum á Hvíta-Rússlandi í gær. Viggó Sigurðsson hefur sýnt það í undanförnum leikjum að hann er á réttri leið með liðið og verður það að teljast til alls líklegt á EM sem fram fer í Sviss í upphafi næsta árs.

> Við höfum áhyggjur ...

.... af stöðu íslenskra frjálsíþrótta ef árangur Íslands á Evrópubikarmótinu í Eistlandi endurspeglar raunverulega getu liðsins á alþjóðlegum vettvangi. Auk þess mega íslensk landslið, sama um hvaða íþrótt við er átt, alls ekki við því að þeirra helstu stjörnur lendi í sambærilegu vegabréfaklúðri og því sem Þórey Edda Elísdóttir getur nú státað sig af.



HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JÚNÍ

16 17 18 **19** 20 21 22

Sunnudagur

LEIKIR

- 14.00 **Fjarðabyggð** og **Fram** mætast á Eskifjarðarvelli í 32-liða úrslitum VISA bikars karla í knattspyrnu.
- 16.00 **KS** og **Fylkir** mætast á Siglufjarðarvelli í 32-liða úrslitum VISA bikars karla í knattspyrnu.
- 16.00 **ÍR** og **Þór** mætast á ÍR-velli í 32-liða úrslitum VISA bikars karla í knattspyrnu.
- 16.00 **Njarðvík** og **Völsungur** mætast á Njarðvíkurvelli í 32-liða úrslitum VISA bikars karla í knattspyrnu.
- 16.00 **Leiftur/Dalvík** og **ÍBV** mætast á Ólafsfjarðarvelli í 32-liða úrslitum VISA bikars karla í knattspyrnu.

- 17.00 **Huginn** og **KA** mætast á Seyðisfjarðarvelli í 32-liða úrslitum VISA bikars karla í knattspyrnu.
- 19.15 **Leiknir** og **KR** mætast á Leiknisvelli í 32-liða úrslitum VISA bikars karla í knattspyrnu.
- 19.15 **Víkingur Ó.** og **Breiðablik** mætast á Ólafsvíkurvelli í 32-liða úrslitum VISA bikars karla í knattspyrnu.
- 19.15 **Hvíti Riddarinn** og **HK** mætast á Varmárvelli í 32-liða úrslitum VISA bikars karla í knattspyrnu.

SJÓNVARP

- 09.30 **Hnefaleikar** á Sýn. Útsending frá keppni í Bandaríkjunum í nótt. Meðal þeirra sem mættust voru Glen Johnson og Antonio Tarver.
- 11.00 **US Champions Tour 2005** á Sýn. Sýnt verður frá bandarísku mótaröðinni í golfi.
- 11.55 **Bandaríska mótaröðin í golfi** á Sýn.
- 12.45 **US Open 2005** á Sýn. Útsending frá þriðja keppnisdegi mótsins frá því í nótt.
- 14.05 **EM í kvennaknattspyrnu** á RÚV. Bein útsending frá úrslitaleik **Þýskalands** og **Noregs**.
- 15.45 **Álfukeppnin** á Sýn. Bein útsending frá viðureign **Grikklands** og **Japans**.
- 17.30 **Formúla 1** á RÚV. Bein útsending frá kappakstrinum í Indianapolis í Bandaríkjunum.
- 18.00 **US Open 2005** á Sýn. Bein útsending frá lokadegi mótsins
- 22.40 **Helgarsportið** á RÚV. Farið yfir íþróttaviðburði helgarinnar.
- 23.10 **Álfukeppnin** á Sýn. Útsending frá viðureign **Mexíkó** og **Brasilíu**.
- 01.00 **NBA** á Sýn. Bein útsending frá fimmta leik **San Antonio** og **Detroit** í úrslitarimmu deildarinnar.

Inn á sjöunda stórmótið í röð

Íslenska handboltalandsliðið tryggði sér sæti á EM í Sviss 2006 með þriggja marka sigri, 31-34, á Hvít-Rússum í Minsk í gær og vann því samanlagt með tólf marka mun.

HANDBOLTI Íslenska handboltalandsliðið kláraði dæmið í undankeppni Evrópumótsins Í Sviss með öruggum þriggja marka sigri á Hvít-Rússum í Minsk í gær en liðið mátti tapa með níu marka mun. Strákarnir okkar voru ekkert á því að verja þann mun heldur mættu til þess að sækja sigur og það tókst.

Heimamenn voru síðast yfir í leiknum, 9-8, um miðjan fyrri hálfleik. Ísland hafði yfir í hálfleik, 17-18, og komst mest fimm mörkum yfir í lokin áður en Hvít Rússar löguðu stöðuna á lokasekúndunum.

Það var ljóst strax frá byrjun að íslenska liðið var komið með aðra hönd á farseðilinn til Sviss og engin í liðinu ætlaði að sleppa honum sér úr greipum. Liðið hafði góða stjórn á öllum aðgerðum sínum og þrátt fyrir örlítið einbeitingarleysi inn á milli var leikurinn í öruggum höndum allan tímann.

Viggó Sigurðsson leyfði öllum að spreyta sig í leiknum og allir komust á blað nema Markús Máni MIchaelsson og Sigfús Sigurðsson. Ólafur Stefánsson og Dagur Sigurðsson hafa oft leikið betur en það var í lagi því varamenn þeirra eru tveir af bestu ungu leikmönnum okkar.

Einar Hólmgeirsson og Snorri Steinn Guðjónsson komu báðir með líf inn í leik liðsins í gær. Einar átti sérstaklega góða innkomu í seinni hluta fyrri hálfleik og átti mikinn þátt í því hversu vel sóknarleikurinn gekk þá en íslenska liðið fékk 9 mörk út úr 11 síðustu sóknum hans.

Einar endaði með 7 mörk úr aðeins 9 skotum en Snorri Steinn nýttu 4 af 5 skotum sínum. Alexander Petersson átti líka góðan leik og var allt annað að sjá til hans en í undanförnum leikjum.

Vörn og markvarsla hefur oftast verið betri hjá íslenska liðinu og líkt og í síðustu leikjum var það sóknarleikurinn sem skóp sigurinn en um leið og íslensku strákarnir náðu að loka vörninni voru þeir fljótir að nýta sér hraðaupphlaupin.

Ógnunin er mikil úr öllum stöðum í sókninni og liðið lét framliggjandi vörn Hvít Rússa ekkert hafa áhrif á sig. Það verður því fróðlegt að sjá hvað kemur út úr þessu liði þegar vörnin hefur fengið meiri tíma til að slípast og fleiri leikmenn hafa öðlast dýrmæta reynslu sem atvinnumenn í bestu deildum Evrópu.

Dregið um næstu helgi

Þetta er sögulegur árangur hjá íslensku landsliði því í fyrsta sinn verður Ísland með á sjö stórmótum í röð. Ísland var með á sex stórmótum í röð á árunum 1984 til 1993 en hefur nú verið með í öllum stórkeppnum frá og með HM í Frakklandi 2001. Ísland hefur verið með á þremur HM í röð, fjórum EM í röð og einum Ólympíuleikum, í Aþenu síðasta haust. Það verður dregið í riðla á Evrópumótinu um næstu helgi.

Næst á dagskrá hjá Viggó og HSÍ er að skipuleggja undirbúning íslenska landsliðsins fyrir úrslitakeppnina næsta vetur en þar skiptir örugglega miklu máli hvaða þrjár þjóðir verða með Íslandi í riðli og milliriðli í Sviss.

ooj@frettabladid.is

SJÖ MÖRK Í MINSK Einar Hólmgeirsson skoraði sjö mörk í Hvíta Rússlandi og var markahæsti leikmaður íslenska liðsins. Hér sést han brjóast í gegnum vörn Svía í vináttuleik þjóðanna fyrir tæpum tveimur vikum.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Úrslitaeinvígi San Antonio og Detroit í NBA-deildinni heldur áfram í kvöld:

Meistarataktar á réttum tíma

KÖRFUBOLTI Fimmti úrslitaleikur San Antonio Spurs og Detroit Pistons í NBA-deildinni í körfubolta fer fram í Motown-borginni Detroit í kvöld og verður í beinni útsendingu á Sýn klukkan eitt eftir miðnætti. Úrslitaeinvígið er þegar orðið sögulegt því í fyrsta sinn hafa fjórir fyrstu leikir NBA-úrslitanna unnist með 15 stigum eða meira en staðan er samt hnífjöfn eftir fjóra leiki og það hefur ekki gerst í átta ár eða síðan í úrslitaeinvígi Chicago og 1997. Þá höfðu málið þrósast svipað og nú. Chicago vann síðan fimmta leikinn á útivelli og tryggði sér titilinn loks heima í Chicago.

Það eru allir spekingar sammála um að það sé Detroit-vörnin sem valdi því hvers vegna hlutirnir eru farnir að falla með meisturunum frá því í fyrra. Detroit-liðið hefur spilað fasta og grimma vörn og þá sérstaklega á tvo lykilmenn Spurs sem léku við hvern sinn fingur í upphafi einvígisins.

„Ég verð að vera leiðtogi okkar liðs, það veit ég vel. Þetta byrjar allt með mér og því sem ég geri," sagði Tim Duncan en í fyrstu tveimur leikjum var hann að sýna sitt rétta andlit en eftir að Pistons-liðið fór að vinna betur saman í að verjast komum Duncan inn í teig versnaði í því.

„Ég held að bakverðirnir okkar eigi mikinn þátt í því að við náum að hægja á Duncan því þeir pressa boltann svo mikið að þegar hann fær loksins boltann þá þarf hann að eiga við mig, Rasheed (Wallace), (Antonio) McDyess og skotklukkuna," sagði varnarmaður ársins, Ben Wallace, sem hefur einnig sýnt góð tilþrif í sókninni upp á síðkastið.

En það eru fleiri leikmenn Spurs sem hafa farið illa út úr sterkri vörn meistaranna í Detroit. Argentínumaðurinn Manu Ginobili hefur aðeins skorað 19 stig í síðustu tveimur leikjum og verið óþekkjanlegur frá þeim stjörnuleikmanni sem gerði lítið úr Detroit-vörninni. Í fyrstu tveimur leikjunum fékk Ginobili að valsa hvað eftir annað inn í teiginn en í leikjunum í Detroit hefur hann komist lítið áleiðis auk þess að pressan á boltann er það mikil hjá meisturunum að bakverðir Spurs hafa glatað boltanum hvað eftir annað.

Nú er einvígið aftur komið á byrjunarreit, það eru þrír leikir eftir, leikurinn í kvöld í Detroit og svo tveir þeir síðustu sem fram fara í San Antonio. Enginn trúði því að San Antonio gæti tapað þremur leikjum í röð en þar sem Meistaratakturinn er kominn í Detroit-liðið er aldrei að vita hvað gerist.

ÞETTA BYRJAR ALLT HJÁ MÉR Tim Duncan hefur tekið mikla ábyrgð á óförum undanfarinna leikja en hann hefur aðeins skorað 30 stig í síðustu tveimur leikjum Spurs sem hafa tapast með samtals 48 stiga mun.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

LEIKIR GÆRDAGSINS

Undankeppni EM:

HVÍTA-RÚSSLAND–ÍSLAND 31–34

Mörk Íslands: Einar Hólmgeirsson 7(9), Guðjón Valur Sigurðsson 5(11), Róbert Gunnarsson 4(4), Jaliesky Garcia 4(5), Snorri Steinn Guðjónsson 4/2(5/2), Ólafur Stefánsson 4(8/1), Alexander Petersson 3(4), Vignir Svavarsson 1(1), Dagur Sigurðsson 1(2), Þórir Ólafsson 1(2), Sigfús Sigurðsson (1), Markús Máni Michaelsson (1).

Varin skot: Birkir Ívar Guðmundsson 8/1, Roland Eradze 4.

Íslenska liðið vann samtals 67–55 og tryggði sér þar með sæti á lokakeppni EM sem fram fer í Sviss í upphafi næsta árs.

Landsbankadeild kvenna:

KEFLAVÍK–ÍBV 1–5

0–1 Hólmfríður Magnúsdóttir (17.), 0–2 Hólmfríður Magnúsdóttir (34.), 0–3 Hólmfríður Magnúsdóttir (44.), 1–3 Ásdís Þorgilsdóttir (79.), 1–4 Rachel Kruze (82.), 1–5 Hólmfríður Magnúsdóttir (90.).

STAÐAN:

BREIÐABLIK	5	5	0	0	15–5	15
VALUR	**5**	**4**	**0**	**1**	**27–7**	**12**
KR	5	4	0	1	20–8	12
ÍBV	**5**	**2**	**0**	**3**	**19–13**	**6**
FH	5	2	0	3	5–10	6
STJARNAN	**5**	**2**	**0**	**3**	**4–12**	**6**
KEFLAVÍK	5	1	0	4	6–21	3
ÍA	**5**	**0**	**0**	**5**	**6–26**	**0**

MARKAHÆSTAR:

HREFNA JÓHANNESDÓTTIR, KR	7
HÓLMFRÍÐUR MAGNÚSDÓTTIR, ÍBV	**7**
LAUFEY ÓLAFSDÓTTIR, VAL	7
MARGRÉT LÁRA VIÐARSDÓTTIR, VAL	**6**
BRYNDÍS JÓHANNESDÓTTIR, ÍBV	6
DÓRA MARÍA LÁRUSDÓTTIR, VAL	**5**

Norska knattspyrnan:

VÅLERANGA–VIKING 1–2

Hannes Þ. Sigurðsson skoraði annað mark Viking í leiknum fram hjá **Árna Gauti Arasyni** sem stóð í marki Våleranga. Þér léku báðir allan leikinn fyrir sín lið.

STAÐA EFSTU LIÐA:

STAR	10	6	3	1	21–11	21
VÅLERANGA	**11**	**5**	**3**	**3**	**15–12**	**18**
VIKING	11	5	3	3	15–13	18
BRANN	**10**	**5**	**2**	**3**	**22–13**	**17**
LILLESTRÖM	10	5	2	3	15–15	17
LYN	**10**	**4**	**4**	**2**	**15–10**	**16**
FREDRIKST.	10	4	4	2	15–12	16
R´BORG	**10**	**4**	**3**	**3**	**19–10**	**15**

RALF SCHUMACHER Var stálheppinn að stórslasa sig ekki í árekstrinum.

Kappaksturinn í dag:

Ralf verður ekki með

FORMÚLA Ökuþór Toyota, Ralf Schumacher mun ekki taka þátt í bandaríska formúlu 1 kappakstrinum í dag vegna meiðsla sem hann hlaut á æfingu á föstudag. Schumacher ók þá á vegg á 300 kílómetra hraða en sagðist sjálfur ekki hafa orðið fyrir neinum meiðslum. Ralf kvartaði reyndar undan sjóntruflunum og eftir að hafa gengist undir læknisskoðun var ákveðið að Ralf fengi ekki að keppa í dag. Það verður Ricardo Zonta sem leysir Ralf af í kappakstrinum.

Þess má geta að Ralf missti stjórn á bíl sínum í sömu beygju Indianapolis-brautarinnar og hann gerði í fyrra, en þá fór Ralf verr út úr óhappinu, brákaði tvo hryggjarliði og varð frá keppni í töluverðan tíma. „Einhvers staðar las ég að eldingu á ekki að geta slegið niður á sama stað í tvígang. Það á augljóslega ekki við um mig," sagði Ralf í léttum dúr eftir óhappið. **-vig**

Evrópubikarmótið í frjálsum íþróttum:

Einar Karl sigraði í hástökki

FRJÁLSAR Kvennasveit Íslands er í neðsta sæti og karlasveitin í því næstneðsta eftir fyrri dag á Evrópubikarmótinu sem fram fer í Tallin í Eistlandi um helgina. Einar Karl Hjartarson stóð sig best íslensku keppendanna í gær en hann bar sigur úr býtum í hástökkinu. Einar Karl stökk 2,10 metra sem dugðu til sigurs en hann átti auk þess ágætar tilraunir við 2,15 metra sem hann felldi naumlega.

Íslensku keppendurnir stóðu sig ágætlega í 400 metra grindahlaupi og hafnaði Silja Úlfarsdóttir í 2. sæti hjá konunum þegar hún hljóp á 57.97 sekúndum. Hjá körlunum hljóp Björgvin Víkingsson á 53,11 sekúndum og var það nóg til að hreppa fjórða sætið.

Óðinn Björn Þorsteinsson kastaði kúlunni 17,16 metra og hafnaði í fimmta sæti, rétt eins og Ásdís Hjálmsdóttir í spjótkasti kvenna. Ásdís kastaði lengst 54,51 metra.

Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær gat okkar fremsti afreksmaður í frjálsum, Þórey Edda Elísdóttir, ekki komist til Tallin vegna vegabréfavandræða og því var enginn keppandi fyrir íslands hönd í stangarstökkskeppninni. Það var þó skarð fyrir skildi að vallarmet Völu Flosadóttur upp á 4.15 metra hélt, en Anita Torring frá Danmörku sigraði með stökki upp á slétta fjóra metra. **-vig**

EINAR KARL HJARTARSON Náði bestum árangri íslensku keppendanna á fyrri keppnisdegi Evrópubikarsins í gær með því að sigra í hástökkskeppninni.

Leiðrétting

ÞAU LEIÐU MISTÖK ÁTTU SÉR STAÐ Í AUGLÝSINGU MORGUNBLAÐSINS UM SÍÐUSTU HELGI AÐ SÚLUR SEM SÝNDU HVAÐA DAGBLAÐ ER MEST LESIÐ Á ÍSLANDI „GLEYMDUST". ÞAÐ LEIÐRÉTTIST HÉR MEÐ.



Tölur skv. Gallupkönnun í apríl 2005

Fíton/SÍA

FRÉTTABLAÐIÐ

– stærsti fjölmiðillinn

SUNNUDAGSVIÐTALIÐ > ÓLÖF MARÍA JÓNSDÓTTIR

FJARLÆGUR DRAUMUR SEM RÆTTIST

Margfaldur Íslandsmeistari kvenna í golfi, **Ólöf María Jónsdóttir**, er nú orðin atvinnumaður og keppir á evrópsku mótaröðinni, fyrst Íslendinga. Hún ferðast nú um heiminn og leikur golf um alla Evrópu. Hún æfir í Texasfylki yfir vetrartímann en reynir að skjótast heim til Íslands á milli móta yfir sumartímann. *Magnús Halldórsson* ræddi við Ólöfu um atvinnumennskuna, upphaf golfáhugans og stöðu golfsins hér á landi.

„Að fá þátttökurétt á mótaröðinni var eitt sinn fjarlægur draumur fyrir mér, en nú er þetta lífsviðurværi mitt.

Ólöf María Jónsdóttir, tuttugu ára gamall íþróttakennari og næringafræðingur úr Hafnarfirði sem búsett er ásamt unnusta sínum í Texas í Bandaríkjunum, náði þeim einstaka árangri fyrir nokkru að komast inn á evrópsku mótaröðina fyrir atvinnukylfinga í golfi, en það hefur engum öðrum Íslendingi tekist. Líf hennar hefur breyst mikið við þetta. Hún ferðast mikið til þess að taka þátt í mótum og nær því ekki að stoppa hér á Íslandi nema í stuttan tíma í einu.

Áhuga Ólafar á golfi má rekja til golfbikarasafns foreldra vinkonu hennar, en það fékk hana til þess að prófa golfið.

„Ég var nú svolítið ein á báti í þessu fyrst, þar sem enginn í fjölskyldu minni var í golfinu á þeim tíma. Ég varð strax heilluð af íþróttinni og náði nokkuð fljótt góðum tökum á henni. Ég byrjaði þrettán ára að stunda golf og vinn minn fyrsta Íslandsmeistaratitil fjórtán ára.“

Mikil ferðalög

Ólöf María stoppar stutt við hér á Íslandi núna, því næsta mót í röðinni er í Portúgal í næstu viku og heldur hún utan á mánudag. „Þetta hefur verið mikil keyrsla að undanförnu, ég hef því sem næst lifað í ferðatöskunum allan þennan tíma sem mótaröðin hefur staðið yfir. Þetta hefur verið erfiður tími, en um leið alveg rosalega skemmtilegur,“ segir Ólöf María svolítið þreytulega, enda hefur hún ferðast mikið undanfarna mánuði.

Mikil breyting hefur orðið á umhverfi kylfinga á Íslandi síðustu ár, þar sem golfvellir hafa batnað til mikilla muna. Að auki hefur iðkendafjöldi margfaldast, en nú er talið að um 30 þúsund Íslendingar stundi golf reglulega yfir sumartímann.

„Öll aðstaða til golfiðkunar hefur batnað mikið hér á landi, síðan ég byrjaði. Ég man nú eftir því þegar ég byrjaði að spila að þá voru unglingar svolítið óvelkomnir á vellina. Þar sem ég var með svo svakalegan áhuga þá lenti ég stundum í því að láta hóta mér ef ég færi ekki út af bannsvæðum. En sem betur fer er þetta allt saman í góðu lagi núna. Þetta er fjölskylduíþrótt þar sem allir eiga að geta fundið sinn trausta grundvöll til þess að spila íþróttina í rólegheitum.“

Spurð að því hvernig sé best fyrir byrjendur að hefja sinn golfferil núna, þegar stanslaus örtröð er á völlunum alla daga, segir hún skynsamlegast að spila á æfingavöllum alveg fyrsta sumarið. „Þó að það sé skemmtilegast að spila á góðum völlum, þá held ég að það sé nauðsynlegt að ná góðum tökum á undirstöðuatriðum íþróttarinnar áður en farið er inn á stóru vellina. Þeir eru erfiðir og þar verður maður að geta farið þokkalega hratt yfir þar sem svo rosalegur fjöldi er á öllum völlum hérlendis,“ segir Ólöf.

Var tilbúin í atvinnumennskuna

Ólöf segist hafa gert sér fljótt grein fyrir því að golfið var eitthvað sem hún vildi starfa við. „Þótt atvinnumennskan hafi verið fjarlægur draumur í upphafi þá var mér ljóst að með markvissri þjálfun og miklum metnaði þá væri þetta raunhæft. Ég fór svo til Texas í Bandaríkjunum árið 2000 til þess að æfa og stunda nám í næringafræði og þá bætti ég mig mikið. Eftir þá dvöl fannst mér ég vera komin nógu langt til þess komast á evrópsku mótaröðina. Ég komst síðan inn á mótaröðina á góðum tímapunkti, því mér fannst ég alveg tilbúin til þess að takast á við atvinnumennskuna.“

Mikill metnaður hefur einkennt æfingar Ólafar alla tíð og hún segist sjálf hafa eytt stórum hluta ævi sinnar í æfingar. Hún telur framtíðina í íslensku golfi vera bjarta. „Ég, og í rauninni margir íslenskir golfarar, hef æft vel í mörg ár. Enda er nú svo komið að við Íslendingar eigum orðið marga frambærilega kylfinga í kvenna- og karlaflokki. Ég er ekki í nokkrum vafa um að við eigum eftir að eiga nokkra keppendur í evrópsku mótaröðinni í framtíðinni.“

„Ég varð strax heilluð af íþróttinni og náði nokkuð fljótt góðum tökum á henni.

Ólöf er skráð í golfklúbbinn Keili í Hafnarfirði, sem hefur stutt hana dyggilega í gegnum hennar feril. „Ég á öllu fólkinu sem starfar í Keili mikið að þakka, því án stuðnings klúbbsins í gegnum tíðina hefði ég ekki getað náð þessum árangri. En þrátt fyrir góðan stuðning frá klúbbnum mínum, KB Banka, Toyota, 66 gráðum norður og Íþróttasambandi Íslands, þá er þetta dýrt og erfitt að láta enda ná saman. Svo eru peningarnir ekkert svakalega miklir, svona í upphafi. Fyrir sigur er hægt að fá þrjár til fjórar milljónir króna, og svo talsvert minna fyrir önnur sæti. Þetta er svakalega dýrt allt saman þar sem þessu fylgja mikil ferðalög og mikill tími fer í þetta. En þótt þessu fylgi mikið álag og puð þá horfi ég björtum augum fram á veginn, því að fá þátttökurétt á mótaröðinni var eitt sinn fjarlægur draumur fyrir mér, en nú er þetta lífsviðurværi mitt. Því lít ég sem svo á að þetta sé tækfæri sem ég verði að nýta vel.“

magnush@frettabladid.is

Brasilíska ungstirnið Robinho slær í gegn í álfukeppninni í Þýskalandi:

Hann er lítill fjarsjóður

FÓTBOLTI „Ég lít á það sem lítinn fjarsjóð að geta valið leikmann með þennan persónuleika og þessa hæfileika í mitt lið,“ sagði Carlos Alberto Perreira eftir leik Brasilíu gegn Grikklandi í álfukeppninni sem nú stendur yfir í Þýskalandi. Leikmaðurinn sem hann átti við var Robinho, nýjasta stjarnan í brasilískum fótbolta og sá hinn sami og hefur verið orðaður við flest stærstu lið heims á síðasta ári.

Robinho var ótrúlegur í þessum fyrsta leik sínum á evrópskri grund og réðu Evrópumeistarar Grikkja ekkert við pilt í leiknum. Robinho skoraði eitt og lagði upp annað mark í öruggum 3-0 sigri en hefði á góðum degi getað skorað þrjú mörk til viðbótar.

„Hann er ennþá mjög ungur og á enn eftir að læra margt. En hann er að nálgast þá bestu í heiminum,“ sagði Perreira ennfremur um hinn 21 árs gamla Robinho sem leikur með liði Santos í heimalandi sínu. Það kom því ekki á óvart þegar fregnir bárust skömmu eftir leikinn um að Real Madrid hefði hækkað tilboð sitt í Robinho og hefur upphæðin í því sambandi verið nefnd um 15 milljónir punda. Juan Figer, umboðsmaður leikmannsins, segir rétt að Real hafi sýnt mikinn áhuga upp á síðkastið en að ekki hafi verið skrifað undir neina samninga.

Sjálfur er Robinho hinn rólegasti og segir það alveg nóg að vera orðaður við lið á borð við Real Madrid. „Það gerir mig mjög stoltan og ég þakka guði fyrir að sýna mér þann heiður. En hann er líka sá eini sem veit hvar ég spila fótbolta í framtíðinni,“ segir Robinho sem kveðst munu gera það sem hentar fjölskyldu hans best.

Eins og áður segir hafa mörg önnur lið borið víurnar í Robinho eins og til dæmis Chelsea, Barcelona, AC Milan og Inter. Adriano, framherji þess síðastnefnda, lék fyrir framan Robinho með Brasilíu í leiknum gegn Grikklandi og var það nóg til að sannfæra hann um að stjórnarmenn Inter ættu að gera allt til að fá hann til félagsins. „Ég hef talað við Robinho og hann vill fara til Evrópu. Auðvitað vill ég fá hann til Inter. Þetta er hæfileikaríkasti knattspyrnumaður í heimi.“ -vig

SNILLINGUR Fótboltaspekingar eru á einu máli um að Robinho sé eitthvert það mesta efni sem brasilískur fótbolti hefur alið af sér. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

LIÐIÐ MITT > ÓSKAR BJARNI ÓSKARSSON SETUR SAMAN ÚRVALSLIÐ VALS Í SÖGU HLÍÐARENDA

Þrír leikmannanna eru enn að spila

Guðmundur Hrafnkelsson: Ég vel Guðmund úr hópi mjög góðra markvarða af því hann hefur unnið flesta titla. Það er það sem telur.

Geir Sveinsson: Frábær fyrirmynd og ótrúlegur leiðtogi.

Jakob Sigurðsson: Ótrúlegur karakter og frábær leikmaður, það þarf ekkert að segja meira um hann.

Jón Kristjánsson: Leikmaður hússins. Vann alla titla sem unnust í húsinu. Sannur sigurvegari. Ekki hægt að ganga framhjá honum.

Dagur Sigurðsson: Dagur er einfaldlega besti miðjumaður sem Ísland hefur átt.

Ólafur Stefánsson: Einfaldlega einn besti leikmaður heimsins. Væri hreinlega asnalegt að velja hann ekki.

Valdimar Grímsson: Ótrúlegasti keppnismaður sem ég hef kynnst, með óbilandi sjálfstraust.

Þjálfari: Þorbjörn Jensson: Vann flesta titla á Hlíðarenda og er þjálfari hússins.



„Þetta lið myndi vinna allt hér heima og með alla þessa menn í sínu besta formi færi það einnig langt í meistaradeild Evrópu .“

ÚR SPORTINU

Stjórnarformaður Arsenal, **Peter Hill-Wood**, segir að félagið vilji gera nýjan samning við bakvörðinn **Ashley Cole**, jafnvel þrátt fyrir að hann hafi nylega verið fundinn sekur um að tala við forráðamenn **Chelsea** án leyfis. Cole er í frí á sólarströndu um þessar mundir en Hill-Wood segist munu ræða við hann undir fjögur augu þegar Cole snýr aftur. „Það vilja allir hjá félaginu að hann verði áfram,“ segir hann en talið er að félagið muni þurfa að reiða fram 100 þúsund pundum á viku í vasa Cole til að hann haldi áfram hjá **Arsenal**.

Kvennaliði **Gróttu** í handboltanum hefur borist mikill liðsstyrkur fyrir næsta tímabil en **Karen Smidt**, 26 ára gamall línumaður frá Danmörku, hefur skrifað undir samning við félagið. Undanfarin ár hefur Karen verið á mála hjá **Viborg** í Danmörku sem er eitt öflugasta lið dönsku úrvalsdeildarinnar.

Alex Ferguson er sagður mjög áhugasamur um það að fá **Jermaine Jenas**, miðjumann Newcastle, til Old Trafford. Jenas er sagður hafa ókyrrst eftir komu **Scott Parkers** til félagsins í síðustu viku og hefur Ferguson lýst því opinberlega yfir að hann sé mikill aðdáandi Jenas. Talið er að sjö milljón punda verðmiði hvíli á Jenas en ljóst er að **Man.Utd** mun ekki eiga í teljandi erfiðleikum með að greiða slíka fjárhæð.

Birgir Leifur Hafþórsson, Íslandsmeistari í golfi, er í 14.-16. sæti á **St. Omer-mótinu** sem fram fer í Frakklandi um þessa helgi, en mótið er liður í evrópsku mótaröðinni. Birgir Leifur bætti spilamennsku sína frá því í fyrradag og lék þriðja hringinn á einu höggi undir pari en annan hringinn hafði hann leikið á þremur höggum yfir pari. Birgir Leifur lék frábærlega á fyrsta degi mótsins og endaði þá þremur höggum undir pari vallarins.

Sagan endalausa um nígeríska knattspyrnumanninn **John Obi Mikel** heldur áfram og um helgina lýsti hann því yfir að hann hyggðist fá hjálp frá **FIFA** við að ógilda samninginn sem hann skrifaði undir hjá **Man.Utd** í vor. Mál þetta er allt hið undarlegasta en Mikel hélt því síðar fram að hann hafi verið neyddur til að skrifa undir hjá rauðu djöflunum þegar hann hafi raunverulega ætlað sér að ganga til liðs við **Chelsea**. „FIFA ætti að hjálpa mér því þeir vita sannleikann. Hugur minn er hjá Chelsea og ég mun aldrei spila fyrir Man.Utd,“ segir Mikel.

Everton er nýjasta liðið til að bætast í hóp þeirra sem eru á höttunum eftir franska varnarmanninum **Sylvain Distin**, sem leikið hefur með **Manchester City** undanfarin ár. **Aston Villa** hafa einnig sýnt mikinn áhuga á Distin og þá vilja forráðamenn Man. City ólmir halda honum innan raða félagsins um ókomin ár.

Uppbyggingin er að skila sér

Breiðablik er í sérflokki í 1. deild karla í fótbolta og er með fullt hús stiga að loknum fyrstu sex umferðunum. Þeir sem tengjast félaginu segja árangurinn liggja í uppbyggingarstarfsemi síðustu ára.

FÓTBOLTI Blikar hafa unnið alla sex leiki sína í sumar og flesta með afar sannfærandi hætti. Markatalan er heldur ekkert slor, liðið hefur skorað 13 mörk en fengið á sig aðeins tvö og virðist Bjarni Jóhannsson, hinn gamalreyndi þjálfari liðsins, hafa náð að búa til einstaklega heilsteypt lið. Auk þess er Breiðablik síðasta liðið til að vinna FH-inga, sem hafa haft sams konar yfirburði í Landsbankadeildinni það sem af er, en sá sigur vannst í 8-liða úrslitum deildarbikarsins í vor.

Steini Þorvaldsson er núverandi formaður knattspyrnudeildar Breiðabliks og hefur setið í stjórn félagsins frá árinu 1999. Hann segir að ákveðið hafi verið að stokka upp hlutina þegar liðið féll úr efstu deild árið 2001 og að sú vinna sem tók þá við sé loksins að skila sér. „Við hófumst þá handa við að byggja liðið upp á strákum sem uppaldir voru hjá félaginu. Við réðum Bjarna sem þjálfara og það tekur alltaf tíma fyrir nýjan þjálfara að átta sig á liðinu. Það er núna sem árangur þessara vinnu er að skila sér,“ segir Steini.

Liðið hjá Breiðabliki hefur tekið nokkrum breytingum frá því í fyrra en mesta breytingin er fólgin í því að gamlir jaxlar á borð við Sverri Sverrisson, Hreiðar Bjarnason, Hákon Sverrisson og Kristófer Sigurgeirsson eru horfnir á brott og hafa verið leystir af með ungum leikmönnum, flestum uppöldum hjá félaginu. Liðið fékk reyndar til sín tvo erlenda leikmenn sem flestir knattspyrnuáhugamenn ættu að þekkja, þá Hans Fróða Hansen, sem lék með Fram í fyrra, og Petr Podzemsky, sem lék með KR-ingum í fyrra. Auk þessa fékk liðið til sín Hjörvar Hafliðason til að standa á milli stanganna.

Hjalti Kristjánsson, sem er aðeins 26 ára en samt sem áður leikreyndasti innlendi leikmaður Blika, segir þessa nýju menn hafa reynst mikinn feng fyrir liðið. „Þessir nýju menn hafa reynst okkur gríðarlega vel og styðja vel við bakið á öllum ungu strákunum,“ segir hann.

Hjalti hefur leikið með Breiðablik allan sinn feril og gengið í gegnum súrt og sætt með meistaraflokknum á undanförnum árum. Hann segir liðið nú það sterkasta sem félagið hafi haft á að skipa í áraraðir. „Ég get ekki sagt að þetta hafi gengið betur en ég átti von á. Við vissum að við værum með hörkulið og það er mikil samheldni í hópnum. Það er nýr andi í liðinu núna eftir að það var yngt upp og þetta hefur allt smollið í ár,“ segir Hjalti og bætir við að stefnan sé að sjálfsögðu sett á úrvalsdeildarsæti. „Aðalmarkmiðið er að komast upp og ef við endum í 1. sæti þá er það bara bónus,“ segir Hjalti.

Steini tekur í sama streng og segir Breiðablik vera komið til að vera. „Við vorum með mjög sigursælan 84’ árgang í yngri flokkunum sem er nú að blómstra með meistaraflokknum en svo er mikill efniviður í 90’ árgangnum núna sem hafa verið mjög sigursælir síðustu ár. Auk þess er liðið í dag eitt það yngsta í deildinni svo að það er óhætt að segja að framtíðin sé björt.“ **vignir@frettabladid.is**

LEIKIR BLIKA Í SUMAR:

1. UMF. BREIÐABLIK–HAUKAR	2–1
Hjalti Kristjánsson, Gunnar Örn Jónsson	
2. UMF. VÖLSUNGUR–BREIÐABLIK	0–1
Kristján Óli Sigurðsson	
3. UMF. BREIÐABLIK–FJÖLNIR	1–0
Ellert Hreinsson	
4. UMF. ÞÓR AK.–BREIÐABLIK	1–3
Olgeir Sigurgeirsson 2 (bæði úr víti), sjálfsmark.	
5. UMF. BREIÐABLIK–VÍKINGUR Ó.	3–0
Olgeir Sigurgeirsson, víti, Ellert Hreinsson, Ragnar Gunnarsson	
6. UMF. KS–BREIÐABLIK	0–3
Ragnar Gunnarsson 2, Olgeir Sigurgeirsson, víti.	

FÖGNUÐUR Blikar hafa notið mikillar velgengi það sem af er íslandsmótinu og stefna hraðbyri að sæti í Landsbankadeildinni.

ÁRANGUR BLIKA SÍÐUSTU ÁR

ÁR	DEILD	SÆTI	STIG
2000	ÚRV.DEILD	7.	18 (5 SIGRAR)
2001	**ÚRV.DEILD**	**10**	**14 (4)**
2002	1. DEILD	7.	23 (7)
2003	**1. DEILD**	**7.**	**21 (6)**
2004	1. DEILD	4.	26 (7)
2005*	**1.DEILD**	**1.**	**18 (6)**

*ÞRIÐJUNGI MÓTS LOKIÐ

Fyrri leikur ÍA í fyrstu umferð Intertoto-keppninnar í Finnlandi í dag:

Skagamenn reyna að verja 100% árangur gegn finnskum liðum

FÓTBOLTI ÍA leikur fyrri leik sinn í 1. umferð Intertoto-keppninnarÝ gegn finnska liðinu Inter Turku í kvöld, en liðin mætast á Veritas leikvanginum í Turku. Liðið sem hefur betur í leikjunum tveimur mætir liði frá Króatíu (NK Varteks) eða Albaníu (Dinamo Tirana) í 2. umferð.

Skagamenn hafa einu sinni áður tekið þátt í Intertoto-keppninni, en það var árið 1999, þegar þeir slógu albanska liðið KS Teuta út í 1. umferð, en biðu síðan lægri hlut fyrir Lokeren frá Belgíu í 2. umferð.

FC Inter Turku var sett á laggirnar 1990 og er því ekki gamalt félag. Liðið hefur aðeins verið 8 tímabil í efstu deild, náði sínum besta árangri frá upphafi með því að lenda í fjórða sæti í finnsku úrvalsdeildinni í fyrra og er nú að taka þátt í Evrópukeppni í fyrsta sinn.

Turkuliðið er í þriðja sæti finnsku deildarinnar með 17 stig eftir 10 leiki en liðið hefur aðeins fengið á sig 3 mörk í þessum leikjum

Turku á líka sem stendur markahæsta mann finnsku deildarinnar í Serge N’Gal sem hefur skorað 6 af 13 mörkum liðsins á tímabilinu. N’Gal er 19 ára Kamerúnmaður sem kom til liðsins í lok síðasta tímabils en hann hefur spilað með yngri landsliðum Kamerún undanfarin ár.

Þá hefur Miika Ilo, 23 ára og 188 sm framherji, skorað 4 mörk en hann var með tvö mörk í síðasta leik þar sem Turku-liðið vann 3-0 útisigur á einu af botnliðum deildarinnar.

Þetta er aðeins í annað skiptið í sögunni sem íslenskt lið mætir finnsku liði í Evrópukeppninni og það er ekki hægt að kvarta yfir árangrinum hingað til.

Fyrir 12 árum mættu Valsmenn liði MyPa Anjalankoski í Evrópukeppni bikarhafa og unnu báða leikina, 1-0 í Finnlandi með marki Kristins Lárussonar og svo 3-1 á Laugardalsvellinum þar sem Anthony Karl Gregory skoraði 2 mörk og Kristinn Lárusson bætti því þriðja við.

Leikur Skagamanna gegn Inter Turku hefst kl. 16:00 í dag að íslenskum tíma en síðari leikur liðanna fer síðan fram á næsta sunnudag á Akranesvelli. **-ooj**

HVAÐ GERIR HJÖRTUR Í FINNLANDI? Hjörtur Hjartarson hefur leikið vel í Landsbankadeildinni í upphafi móts og hefur skorað 3 mörk í fyrstu 6 leikjunum. Hér sést hann í skallabaráttu við Boban Savic, markvörð Grindavíkur. FRÉTTABLAÐIÐ/EIRÍKUR

STUÐ MILLI STRÍÐA : Skundum á Þingvöll

KRISTJÁN HJÁLMARSSON ÆTLAR AÐ KLÆÐAST BLEIKU Í DAG

MYND: HELGI SIGURÐSSON

Í dag eru níutíu ár liðin frá því að Danakonungur undirritaði lög sem veittu konum á Íslandi, 40 ára og eldri, rétt til að kjósa og bjóða sig fram til Alþingis.

Í tilefni af því ætla konur að safnast saman á Þingvöllum. Kjörorð dagsins er: Konur! Skundum á Þingvöll – sýnum samstöðu.

Það er í raun ótrúlegt að svo stutt sé síðan að konur fengu kosningarétt. Níutíu ár eru ekki nema rétt rúmlega meðal mannsævi.

Á þessum níutíu árum hefur margt unnist í jafnréttisbaráttunni. Þó er enn langt í land. Það er meira að segja alveg ótrúlega langt í land því kynbundið launamisrétti er enn við lýði, það eru mun færri konur í stjórnunarstöðum, aðeins örfáar á þingi og þær eru teljandi á fingrum annarrar handar konurnar sem sitja á ráðherrastóli. Þetta eru bara fáein dæmi um það ójafnrétti sem við búum við á Íslandi – ójafnrétti sem átti aldrei að vera til og við eigum að útrýma sem fyrst.

Hóparnir sem standa að hátíðarhöldunum á Þingvöllum í dag eiga hrós skilið. Þeir hafa lagt sitt af mörkum til að útrýma ójafnréttinu, þeir eru duglegir við að benda okkur á það sem betur má fara og halda baráttunni áfram sem formæður þeirra hófu.

Í dag ætla ég að reyna mitt besta í að halda merki kvenna á lofti. Í dag ætla ég að klæða mig í bleikan búning, jafnvel þótt sá litur fari mér ekki vel, skunda á Þingvöll með fjölskyldunni og leggja mitt af mörkum til að gera konum jafn hátt undir höfði og körlum.

Í dag sem og aðra daga ætla ég að berjast fyrir jafnrétti kvenna. Áfram konur!

myndasögur

PONDUS

Eftir Frode Överli

PÚ OG PA

Eftir SÖB



David Blaine stal kröftunum mínum

Einn vinsælasti töframaður heims og jafnframt sá magnaðasti, David Blaine, á yfir höfði sér málsókn. Sá sem hefur höfðað hana á hendur honum heitir Christopher Roller og sakagiftirnar: Roller heldur því fram að Blaine hafi rænt af honum sínum guðlegu kröftum með töfrabrögðum.

Blaine er ekki fyrsti töframaðurinn sem lendir í útistöðum við þennan Roller því í mars höfðaði Roller mál á hendur David Copperfield þar sem sakargiftirnar voru ekki síður alvarlegar. Roller sakaði Copperfield um að hafa notað krafta sína í leyfisleysi.

Svo virðist sem þessi ágæti maður gangi ekki alveg heill til skógar því á vefsíðu hans er því spáð að hann og Bill Gates, forstjóri Microsoft, eigi eftir að keppa um forsetaembættið í Bandaríkjunum árið 2008. Þá segist hann einnig hafa öruggar heimildir fyrir því að Tom Hanks sé að leika sig í ævisögulegri kvikmynd. ■

DAVID ÁSAMT LIL KIM Hann átti ekki í erfiðleikum með að töfra hana upp úr skónum. Nú hefur hins vegar furðufuglinn Christopher Roller ásakað hann um að stela kröftunum sínum.

Kvikmyndahátíð á Maui sett

Kvikmyndahátíðin á Maui var sett á miðvikudaginn. Þetta er kannski ekki stærsta kvikmyndahátíð í heimi en þó nokkrar kvikmyndastjörnur létu sjá sig í sólinni á eldfjallaeyjunni á Hawaii.

Meðal þeirra var Jake Gyllenhaal. Samband hans og Kirsten Dunst hefur verið þó nokkuð á milli tannanna á fólki en þau eru sögð vera hætt saman. Þarna mátti einnig sjá Owen Wilson, sem hefur ekki miklar áhyggjur af ástinni því hann lýsti því yfir nýlega að hann elskaði að vera á lausu.

OWEN WILSON Ekki er alveg víst hvað Owen er að biðja um. Hann leikur eitt aðalhlutverkanna í myndinni The Wendell Baker Story ásamt bróður sínum Luke.

JAKE GYLLENHAAL Mætti á hátíðina einn síns liðs. Hann var nýlega að leika í myndinni Proof á móti Anthony Hopkins.

Hvetja sitt lið

Úrslitarimman í NBA er farin af stað þar sem lið San Antonio Spurs og Detroit Pistons etja kappi. Lið San Antonio vann fyrstu tvo leikina heima en var heldur betur tekið í bakaríið í Detroit. Stjörnurnar eiga allar sín lið og mættu nokkrir eldheitir aðdáendur liðanna í höllina í Detroit. Þeirra á meðal var rapparinn Eminem og rokkarinn Kid Rock.

KID ROCK Rokkarinn Kid Rock sem eitt sinn var með Pamelu Anderson lét sig ekki vanta og hvatti sitt lið áfram

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES / NORDIC PHOTOS

EMINEM Rapparinn ofurvinsæli Eminem mætti á þriðja leik Detroit Pistons og San Antonio Spurs en hann er alinn upp í Detroit.

STEVIE TEKUR LAGIÐ Söngvarinn blindi mætti á svæðið og skemmti gestum fyrir leik.

Scottie Pippen Körfuboltahetjan Scottie Pippen var mætt til þess að fylgjast með en hann gerði lið Chicago Bulls ódauðlegt ásamt félaga sínum Michael Jordan, sem var þó hvergi sjáanlegur.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JÚNÍ

17 18 **19** 20 21

Sunnudagur

TÓNLEIKAR

- 16.00 Tónleikar á **Jómfrúnni** með **Heru Björk Þórhallsdóttur** söngkonu, **Agnari Má Magnússyni** á píanó, **Róberti Þórhallssyni** á bassa og **Ásgeiri Ásgeirssyni** á gítar. Þau leika gömul og ný dægurlög og popplög í jazzbúningi.
- 21.00 Hljómsvetin **Hestbak**, raftónlistarmðurinn **DJYNNX** og brúðuleikhústjórinn **Chelsea Friedman** troða upp á Kaffi Hljómalind. Aðgangur ókeypis.
- 22.00 Kammerhópurinn **Camerarctica** heldur Sólstöðutónleika í Norræna húsinu.
- 23.59 **Dr. Spock** mun rokka **Bar 11** Laugardagskvöldið 18. Júní næstkomandi. Rokkið hefst á miðnætti og er ókeypis inn. Sveitin mun leika efni af væntanlegri plötu sem verður gefin út af **Smekkleysu** í júlí

LEIKLIST

- 20.00 **Leikfélag Hornafjarðar** sýnir rokkóperuna **Jesus Crist Superstar** í Loftkastalanum. Aðeins tvær sýningar um helgina og er hin á sama tíma á sunnudaginn.
- 20.00 Leikþættirnir **Hreindýr** og **Ísbjörn óskast** eftir **Sigurbjörgu Þrastardóttur** verða sýndir í **Hafnarfjarðarleikhúsinu**. Ókeypis er inn.

SAMKOMUR

- 11.00 Athöfn í **Hólavallakirkjugarði** í tilefni af því að á sunnudaginn eru 90 ár liðin síðan konur á Íslandi fengu kosningarétt

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

Umsóknarfrestur fyrir skólaárið 2005-2006 rennur út þriðjudagur 5. júlí.

LJÓSMYNDASKÓLI SISSU

LJÓSMYNDASKÓLI SISSU,
Laugavegi 25,
101 Reykjavík.
GSM: 699 0162
www.ljosmyndaskolinn.is

Rope yoga í Hress

Rope yoga sameinar hug, líkama og sál

Rope yoga

2 fyrir 1

8 vikna námskeið

Heildrænt hug- og heilsuræktarkerfi þróað af Guðna Guðnasyni í Los Angeles. Rope yoga hefur reynst fólki vel í baráttunni við bakverki, álagsverki og aðra kvilla í daglega lífinu.

Rope yoga eykur upptöku súrefnis í líkamanum og styrkir kviðinn, miðju líkamans og bætir virkni sogæðakerfisins. Tveggja mánaða lokuð námskeið þar sem aðeins 18 manns eru í hverjum hópi.
Boðið er upp á námskeið kvölds og morgna.

Verð kr. 25.000.-
Verð 2 fyrir 1 kr. 12.500.- á mann.

Námskeið hefjast 4. júlí
Tímar kl.: 7.30 mán, mið og fös
17:30, 18:30, 19:30 mán, mið og fim
Vönduð námsgögn. Skráning er hafin í síma 565 2212

2 fyrir 1

KVENNAÁTAK - HEFST 27. JÚNÍ
KARLAÁTAK - HEFST 27. JÚNÍ

8 VIKNA ÁTAK

Eftir

Fyrir

33 kg á 12 mánuðum

Eva Dís Björgvinsdóttir 24 ára, 2ja barna móðir. Ég var 90 kíló þegar ég byrjaði í Hress en er nú 57 kg. Aðhaldið á átaksnámskeiðunum er lykillinn að velgengni þátttakenda. Fagmennskan er aðalsmerki Hress.

Kvennaátak kl.:
6:20 mán, mið, fös
10:15 mán, þri, fim
18:30 mán, mið, fös

Karlaátak kl.:
18:30 mán, mið, fim

INNIFALIÐ Í VERÐI:
- Þrír lokaðir, árangursríkir og fjölbreyttir tímar á viku
- Kennsla í höndum fagfólks
- Vigtun, fitu- og ummálsmæling
- Fræðsluefni
- Frjáls mæting í alla opna tíma og tækjasal
- Fylgst með mataræði

Kr. 17.990.- Skráning og nánari upplýsingar í síma 565 2212 eða á hress@hress.is
Hringdu strax og skráðu þig!

Næstu námskeið hefjast 29. og 30. ágúst

Dalshrauni 11, 220 Hafnarfirði, s. 565 2212
www.hress.is

HRESS HEILSURÆKT

BORGARLEIKHÚSIÐ
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ/ÞRIÐJA HÆÐIN
KALLI Á ÞAKINU
e. Astrid Lindgren
Í samstarfi við Á þakinu
Í dag kl 14, Su 26/6 kl 14, Lau 9/7 kl 14, Su 10/7 kl 14, Su 17/7 kl 14, Su 24/7 kl 14, Lau 13/8 kl 14, Sun 14/8 kl 14

NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ/ÞRIÐJA HÆÐIN
ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Einleikur Eddu Björgvinsdóttur.
Í kvöld kl 20,
Síðasta sýning

SIRKUS SIRKÖR
- ÓGLEYMANLEG UPPLIFUN

Miðasölusími 568 8000 • midasala@borgarleikhus.is
Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is
Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin: 10-18 mánudaga og þriðjudaga, 10-20 miðviku-, fimmtu- og föstudaga 12-20 laugardaga og sunnudag

Stjörnustíðin verða meira spennandi

[TÖLVULEIKIR]
UMFJÖLLUN

Nú þegar síðasta Stjörnustríðsmyndin hefur verið frumsýnd er hægt að spyrja sig hvort LucasArts muni draga úr útgáfu á leikjum byggðum á þessum vinsælu myndum. Svarið er nei, enda nóg af efniviði til að vinna úr og margvíslegir möguleikar í boði. Það er sjálfgefið að nýir stjörnustríðsleikir eru gefnir út samhliða frumsýningu stjörnustríðsmyndar og er Revenge Of The Sith engin undantekning.

Leikurinn fylgir söguþræði myndarinnar og byrjar eins og myndin í háloftum yfir plánetunni Coruscant þar sem félagarnir Obi Wan og Anakin brjóta sér leið inn í móðurskip Lord Grievious sem hefur rænt Senator Palpatine. Frá þeim tímapunkti fylgir söguþráður leiksins myndinni í gegnum 16 borð ásamt nokkrum aukaborðum víðs vegar um stjörnuþokuna. Umhverfið er ágætt og byggist á útliti myndarinnar. Söguþráður leiksins er keyrður áfram með atriðum úr myndinni sem fylgja Obi Wan og Anakin eftir. Það eru ýmsir leynihlutir faldir í borðunum og með því að finna þá opnast fyrir ýmist góðgæti sem er samt ekki á heildina litið spennandi.

Leikurinn er í grunninn bardagaleikur með geislasverðum. Obi Wan og Anakin berjast saman eða í sitt hvoru lagi við fjöldann allan af vélmennum ásamt því að berjast við Jedi riddara og Sith meistara. Þrátt fyrir að leikurinn fylgi eftir söguþræði myndarinnar þá eru atriðin á köflum útfærð á aðra vegu í leiknum sem er svo sem ekki mikið atriði en getur ruglað fólk aðeins í ríminu. Riddararnir öðlast reynslupunkta sem hægt er að dreifa á hina ýmsu hæfileika sem þeir búa yfir og eru „Force“-þættir hæfileikanna atkvæðamestir. Með „Force“-eiginleikunum er hægt að berjast og verjast betur gegn illum öflum líkt og riddararnir gera í stjörnustríðsmyndunum. Leikurinn er meingallaður á köflum þar sem karakterar frjósa í miðjum bardögum og festast til dæmis í borðum og stólum eða lausu lofti.

Fyrir leik á þessum mælikvarða er grafíkin fín en gæðin á myndskeiðum sem kynna söguna eru slök. Að sjálfsögðu hljómar tónlist John Williams og gerir sitt. Umhverfishljóðin eru í lagi en talsetningin á leiknum er í alla staði fáránlega léleg. Það er eins og leikararnir hafi ekki nennt að gera þetta með réttu ráði en einnig má kenna setningunum um sem þeir þurfa lesa. Þær eru fáar, litlausar og leiðinlegar.

franzgunnarsson@visir.is

Niðurstaða: Stuttur leikur sem gerir lítið annað en að sprauta smá stjörnustríðs upplifun úr myndinni inn í æðakerfið. Fullt af göllum og lítið aukainnihald gera hann lítt eftirsóknarverðan í endurspilun. Lítur ágætlega út en fellur í djúpa gryfju fyrir talsetningu. Ágæt dægrastytting eftir bíóferð á myndina en langt því frá að vera gæða stjörnustríðsleikur.

Vélbúnaður: Playstation 2

Framleiðandi: The Collective

Útgefandi: LucasArts

Heimasíða: lucasarts.com/ep3/indexFlash.html#home

Þolanleg fram að hléi

[KVIKMYNDIR]
UMFJÖLLUN

Nick Persons er glaumgosi sem hatar börn. Honum til mikillar skelfingar er ástin í lífi hans fráskilin tveggja barna móðir. Það kemur þó ekki í veg fyrir að hann býðst til að skutla börnunum til hennar svo að þau geti eytt gamlárskvöldinu saman. Börnin tvö eru hins vegar svarnir óvinir piparsveina sem gera hosur sínar grænar fyrir mömmu þeirra.

Það er hægara sagt en gert að gera börnum til geðs þessa dagana. Þau setja Finding Nemo, Ice Age og Shreck sem viðmið fyrir góðar myndir. Þess vegna sjáum við æ minna af leiknum fjölskyldumyndum og meira af teiknimyndum.

Kvikmyndin Are We There Yet er fjölskyldumynd. Þess vegna tók ég litla bróður minn með mér, því ef ég hefði ekki gert það hefði þessi dómur varla verið prenthæfur. Krökkunum sem sátu með okkur fannst sum atriðin fyndin, en það er ekki hægt að segja að myndin hafi slegið í gegn. Fyrir hlé hélt myndin tangarhaldi í meðalmennskuna. Sum atriði fengu mig til að brosa og jafnvel rak ég upp eina og eina hlátursroku. Eftir hlé fór hins vegar gamanið að kárna.

Það er einhvern veginn svo með bandarískar fjölskyldumyndir að þær þurfa alltaf að missa sig í væmninni. Eftir hlé var þessi væmni allsráðandi. Fram að hlé eru krakkarnir tveir nokkuð skemmtilegir, eftir hlé eru þau orðin þreytandi. Ice Cube hefur aldrei verið hátt skrifaður leikari hjá mér en hann sleppur frá þessu hlutverki. Nia Long er hins vegar alveg skelfileg leikkona og hefði aldrei átt að koma nálægt þessari mynd. Að minnsta kosti ekki svona mikið.

Are We There Yet er brosleg þegar fíflaskapurinn er í hávegum hafður. Þetta er ekki skelfileg kvikmynd en meira er hún ekki.

Are We There Yet?

Leikstjóri: Brian Levant

Aðalhlutverk: Ice Cube, Nia Long, Aleisha Allen og Philip Bolden

Niðurstaða: Are We There Yet er brosleg þegar fíflaskapurinn er í hávegum hafður. Fyrir hlé er hún vel þolanleg, eftir hlé er hún skelfileg.

ÁLFABAKKI

BATMAN BEGINS	KL. 2-3.20-4-5-6.20-7-8-9.20-10-10.50 B.I. 12
BATMAN BEGINS VIP	KL. 2-5-8-10.50 B.I. 12
A LOT LIKE LOVE	KL. 3.45-6-8.15-10.30
HITCHHIKER´S GUIDE...	KL. 8-10.10
THE WEDDING DATE	KL. 6
SVAMPUR SVEINSSON ísl. tal	KL. 2-4

KEFLAVÍK

BATMAN BEGINS	KL. 2-5-8-10.40
MR. AND MRS. SMITH	KL. 5.45-8-10.15
STAR WARS - EPISODE III	KL. 3

AKUREYRI

BATMAN BEGINS	KL. 2-5-8-10.40
A LOT LIKE LOVE	KL. 6-8
HOUSE OF VAX	KL. 10
SVAMPUR SVEINSSON	KL. 2-4

KRINGLAN

BATMAN BEGINS	KL. 12-2.10-3.30-5.10-6.30-8.10-9.30-11
HOUSE OF VAX	KL. 10.30
THE WEDDING DATE	KL. 8
THE ICE PRINCESS	KL. 12-6
SVAMPUR SVEINSSON ísl. tal	KL. 12-2-4

FRÁBÆR SKEMMTUN SAMBÍÓIN

ÁLFABAKKI S. 587 8900 KRINGLAN S. 588 0800 AKUREYRI S. 461 4666 KEFLAVÍK S. 421 1170

BATMAN BEGINS	KL. 5-7-9-11	B.I. 12 ára
INSIDE DEEP THROAT	KL. 9-11	B.I. 16 ára
A LOT LIKE LOVE	KL. 5-7	
VOKSNE MENNESKER	KL. 5.45-8-10.15	
CRASH	KL. 5.45-8-10.15	B.I. 16 ára
HITCHHIKER´S GUIDE TO THE GALAXY	KL. 4.50	

Háskólabíó

Elskar paparazzi-ljósmyndara

Það eru ekki allir sem álíta hina svokölluðu paparazzi-ljósmyndara vera siðblind skrímsli. Hollywood-leikkonan Jennifer Love Hewitt viðurkennir í viðtali að henni sé bara vel við þessa menn og segir þá alltaf hafa komið fram við sig af virðingu.

"Það ætti ekki að setja þá í hóp með fólki sem kemur illa fram við aðra," sagði leikkonan, sem veitir ekki af athyglinni eftir að tónlistarferill hennar náði sér ekki á strik.

Þá er heldur ekki hægt að segja að Jennifer hafi verið að leika í hverri stórmyndinni af fætur annarri en hún er þekktust fyrir að lifa margvíslega fjöldamorðingja af í unglingahryllingsmyndum á borð við „I Know What You Did Last Summer" en hún lék einnig Söru í „Party of Five" þáttaröðinni. ■

JENNIFER LOVE HEWITT Vill ekki setja paparazzi-ljósmyndara í sama flokk og siðblind skrímsli og segir þá alltaf hafa komið vel fram við sig.

Einstök upplifun

[TÖLVULEIKIR]

UMFJÖLLUN

Í Brothers In Arms er áherslan á að skapa raunverulega herferð byggða á raunverulegum persónum og bardögum sem gerðust í raun og veru. Mikið er lagt í leikinn enda markmiðið að skapa nákvæma upplifun á innrásinni í Normandí eins best verður á kosið.

Leikmenn fara í hlutverk Bakers höfuðsmanns, sem er fallhlífarhermaður. Vélin sem ferjar hann og restina af herdeildinni lendir í skothríð sem veldur því að deildin þarf að stökkva út áður en á áætlunarstað er komið og því dreifist hún um sveitir Normandí. Baker týnir öllum búnaði sínum og þarf að nota þau vopn sem hann kemst í á meðan hann reynir að safna félögum sínum saman. Fyrsta borðið er í rauninni kennsluborð á leikinn, sem er ágætt. Baker hækkar í tign og fær einn liðsmann undir sína stjórn og þegar líða tekur á leikinn fær Baker fleiri liðsmenn undir sína stjórn og skriðdreka á köflum.

Liðsmennirnir eru raunverulegar persónur úr seinni heimstyrjöldinni sem börðust ásamt Baker í Normandí sem er endurskapað eftir raunverulegum myndum úr styrjöldinni ásamt ítarlegri rannsóknarvinnu Gearbox um hérað. Leikmenn eru verðlaunaðir eftir hvert borð með alls kyns góðgæti eins og upplýsingum um persónur og vopn styrjaldarinnar ásamt framleiðsluferli Gearbox á leiknum.

Leikurinn er í fyrstu persónu en hann byggist mikið upp á herkænsku. Baker gefur liðsmönnum sínum skipanir sem þeir fylgja ötult eftir. Leikurinn byggist á raunverulegum bardagaaðferðum sem nauðsynlegt er að læra til að verða ágengt í leiknum. Þjóðverjarnir bregðast sérlega vel við og eru sniðugir andstæðingar sem veita mikla mótspyrnu. Liðsmenn Bakers meta umhverfið og beita sér gegn Þjóðverjum ásamt því að finna góða staði til að skýla sér á bakvið. Þeir fylgja fyrirmælum Bakers þrátt fyrir að þau séu slæm - til dæmis ef Baker gefur skipun um árás á móti geltandi byssukjöftum þjóðverja sem leiðir til mannfalls.

Grafíkin í leiknum er vel gerð og þá sérstaklega smáatriði Normandí-héraðsins sem hreinlega lifnar við í leiknum. Hljóðsetning karaktera er fín þrátt fyrir að það sé smá væmni á köflum í sögufléttunni. Hljóðsetning á vopnum og farartækjum er fram-

Niðurstaða: Brothers In Arms skilar einstakri upplifun á annars mettuðu viðfangsefni í leikjaframleiðslu. Skotleikur sem býður upp á alvöru herkænsku, sniðuga mótherja og sögu sem byggist á sönnum atburðum. Fyrsti leikurinn sem ég byrjaði að spila strax aftur eftir að ég hafði klárað hann.

Vélbúnaður: Xbox

Framleiðandi: Gearbox

Útgefandi: Ubisoft

Heimasíða: http://www.brothersinarmsgame.com

úrskarandi enda raunveruleg vopn notuð til að ná réttu hljómfalli.

franzgunnarsson@visir.is

STÖÐ 2 BÍÓ

6.00 Bandits (B. börnum) **8.00** Maid in Manhattan **10.00** Greenfingers **12.00** Valerie Flake **14.00** Maid in Manhattan **16.00** Greenfingers **18.00** Valerie Flake **20.00** Bandits (B. börnum) **22.00** Antwone Fisher (B. börnum) **0.00** Blood Work (Strangl. b. börnum) **2.00** Dead Funny (Strangl. b. börnum) **4.00** Antwone Fisher (B. börnum)

POPP TÍVÍ

17.00 Game TV (e) **21.00** Íslenski popp listinn (e)

AKSJÓN

7.15 Korter **14.00** Samkoma í Fíladelfíu **18.15** Korter **20.30** Vatnaskil – Filadelfia **21.00** Níubíó **22.15** Korter

OMEGA

7.00 Joyce Meyer **7.30** Benny Hinn **8.00** Ron Phillips **8.30** Ísrael í dag **9.30** Blandað efni **10.00** Joyce Meyer **10.30** Miðnæturhróp **11.00** Blandað efni **11.30** Um trúna og tilveruna **12.00** Freddie Filmore **12.30** Dr. David Cho **13.00** Joyce Meyer **13.30** Robert Schuller **14.30** Mack Lyon **15.00** Vatnaskil **16.00** Joyce Meyer **16.30** Blandað efni **17.00** Sherwood Craig **17.30** Maríusystur **18.00** Um trúna og tilveruna **18.30** Joyce Meyer **19.00** CBN fréttastofan – fréttir á ensku **20.00** Ísrael í dag **21.00** Gunnar Þorsteinsson **21.30** Ron Phillips **22.00** Joyce Meyer **22.30** Blandað efni **23.00** CBN fréttastofan – fréttir á ensku **0.00** Næturs jónvarp

Í TÆKINU

JENNIFER LEIKUR Í MAID IN MANHATTAN Á STÖÐ 2 BÍÓ

Lét leiklistina ekki duga

Jennifer Lynn Lopez fæddist í New York-borg í Bandaríkjunum 24. júlí árið 1970.

Jennifer dreymdi alltaf um að verða stjarna. Hún gat sungið og dansað og byrjaði að koma fram í söngleikjum af ýmsu tagi. Hún sótti kaþólskan skóla og miðskóla í tólf ár en eftir skólann vann hún stuttlega á lögfræðistofu. Hún hélt samt áfram að dansa og átján ára flutti hún að heiman því móðir hennar vildi ekki að hún færi í skemmtanabransann.

Árið 1990 fékk hún hlutverk dansara í þættinum In Living Color á Fox og flutti til Los Angeles. Hún þoldi ekki LA en þegar kærasti hennar, David Cruz, flutti til hennar varð lífið bærilegra. Jennifer vildi frekar leika en dansa og fékk nokkur lítil hlutverk í sjónvarpsþáttum. Árið 1996 lék hún í misheppnuðu myndinni Jack með Robin Williams og næst í Money Train á móti Woody Harrelson og Wesley Snipes.

1997 var árið hennar Jennifer þegar hún fékk hlutverk Selenu í samnefndri kvikmynd um Tejano söngkonu.

Sama ár lék hún í U Turn, Anaconda og Blood and Wine og árið eftir í Out of Sight á móti George Clooney og þá var Jennifer orðin stjarna. Jennifer er eina Suður-Ameríska leikkonan í sögunni sem krefst launa upp á einn milljarð dollara. Hún lét leiklistina ekki duga og er mjög farsæl söngkona í dag og á vinsæl lög eins og Love Don't Cost A Thing og Waiting For Tonight.

Jennifer hefur verið mikið í kastljósinu vegna karlamála sinna. Hún var lengi vel með Sean „Puffy" Combs, var gift dansaranum Chris Judd, var í sambandi með Ben Affleck og giftist söngvaranum Marc Anthony á síðasta ári og þau eru enn þá saman.

Þrjár bestu myndir Jennifer: Selena – 1997 Out of Sight – 1998 Angel Eyes – 2001

▶ **21.00** *Framhald*

NAPÓLEÓN. Myndaflokkur um Napóleon Bonaparte sem er í fjórum þáttum.

▶ **20.35** *Drama*

COLD CASE. Í kvöld rannsakar Lilly mál sem tengist sýningu á kvikmyndinni The Rocky Horror Picture Show.

▶ **19.30** *Heimildir*

THE AWFUL TRUTH. Michael Moore stjórnar þættinum og gagnrýnir það sem betur má fara í heiminum.

SJÓNVARPIÐ

8.00 Morgunstundin okkar **8.02** Sammi brunavörður (20:26) **8.11** Fallega húsið mitt (29:30) **8.20** Ketill (46:52) **8.33** Magga og furðudýrið ógurlega (3:26) **9.00** Disneystundin **9.01** Stjáni (27:28) **9.25** Sígildar teiknimyndir (40:42) **9.32** Sögur úr Andabæ (12:14) **9.55** Hænsnakofinn **10.03** Matta fóstra og ímynduðu vinirnir (9:26) **10.25** Hlé

13.00 Kraftaverkabörn **14.05** EM í kvennaknattspyrnu **15.55** Feður og forræðismál **16.25** Í einum grænum (7:8) **16.55** Út og suður (7:12) **17.20** Táknmálsfréttir **17.30** Formúla 1. Bein útsending frá kappakstrinum í Bandaríkjunum.

20.00 Fréttir, íþróttir og veður

20.35 Út og suður (8:12) Gísli Einarsson flakkar vítt og breitt um landið og bregður upp svipmyndum af áhugaverðu fólki. Textað á síðu 888 í Textavarpi.

▶ **21.00 Napóleon (3:4)** (Napoléon) Myndaflokkur í fjórum þáttum frá 2002. Napóleón er fangi Englendinga á eyjunni St Helenu og rekur viðburðaríka sögu sína fyrir breskri stúlku sem hann kynnist þar. Leikstjóri er Yves Simoneau og meðal leikenda eru Christian Clavier, Isabella Rossellini, Gérard Depardieu, John Malkovich og Anouk Aimée.

22.40 Helgarsportið

23.05 Litla lífið **0.25** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

2

7.00 Barnatími Stöðvar 2 (Leirkarlarnir, Pingu, Litlir hnettir, Litlu vélmennin, Véla Villi, Svampur, Smá skrítnir foreldrar, Könnuðurinn Dóra, WinxClub, As told by Ginger 1, Shin Chan, Scooby Doo, Titeuf, Batman, Yu Gi Oh, Froskafjör, Shoebox Zoo)

12.00 Neighbours **12.20** Neighbours **12.40** Neighbours **13.00** Neighbours **13.25** Idol – Stjörnuleit (e) **14.20** You Are What You Eat (3:8) (e) **14.45** Ég lifi... (3:3) (e) **15.30** William and Mary (3:6) **16.25** Apprentice 3, The (3:19) **17.15** Einu sinni var **17.45** Oprah

18.30 Fréttir Stöðvar 2

19.15 Home Improvement (21:22) (Handlaginn heimilisfaðir 1)

19.40 Whose Line Is it Anyway? (Hver á þessa línu?)

20.05 Kóngur um stund (5:18) Umsjónarmaður er Brynja Þorgeirsdóttir og hún fjallar um allar hliðar hestamennskunnar í þætti sínum.

▶ **20.35 Cold Case 2 (21:23)** (Óupplýst mál)Myndaflokkur um lögreglukonuna Lilly Rush sem starfar í morðdeildinni í Fíladelfíu. Hún fær öll óleystu málin í hendurnar. Bönnuð börnum.

21.20 Twenty Four 4 (22:24) (24)Stranglega bönnuð börnum.

22.05 Medical Investigations (10:20) (Læknagengið)Doktor Stephen Connor fer fyrir sérfræðingasveit sem er kölluð til þegar hætta er á ferðum og stöðva þarf plágur og smitsjúkdóma. Dr. Connor hefur fullt umboð yfirvalda en þegar fólk fer að gefa upp öndina tekur Dr. Connor málin í sínar hendur.

22.50 Spin the Bottle (Flöskustútur)Fimm æskuvinir eyða saman helgi og rifja upp gamlar minningar. Ýmislegt var brallað og margs er að minnast. Því miður hefur tíminn ekki læknað öll sár og gömul leiðindamál skjóta fljótlega upp kollinum.

0.15 Lögregluforinginn Jack Frost (Bönnuð börnum) **1.50** Atómstöðin **3.25** Fréttir Stöðvar 2 **4.10** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

SKJÁREINN

13.15 Mad About Alice (e) **13.45** Burn it (e) **14.15** Dateline (e) **15.15** The Biggest Loser (e) **16.15** Jack & Bobby (e) **17.00** Brúðkaupsþátturinn Já (e) **18.00** Providence (e)

18.45 Ripley's Believe it or not! (e)

▶**19.30 The Awful Truth** Þættirnir eru gagnrýnar en háðskar heimildamyndir um atburði líðandi stundar.

20.00 Worst Case Scenario Í þáttunum eru sjálfboðaliðar fengnir til skora sjálfa sig á hólm og takast á við það sem þeir óttast mest og áhættuleikarar látnir leika hvernig maður bregst við þegar allt sem mögulega getur farið úrskeiðis gerir það.

20.50 Þak yfir höfuðið Umsjón hefur Hlynur Sigurðsson.

21.00 Dateline Enn er fjallað um hinn síðblinda Scott Peterson og rannsóknina á morði hans á ófrískri konu sinni. Í þættinum eru kynnt gögn sem ekki hafa áður jomið fram og þykja styða sekt Petersons. Einnig er upplýst af hverju lögreglan komst svo fljót sem raun ber vitni á slóð Petersons.

21.50 Da Vinci's Inquest Þættirnir byggja á lífi Larry Campell, metnaðarfulls og vandvirks dánardómstjóra í Vancouver sem í starfi sínu lagði einlæga áherslu á að gera borgina sína að betri stað til að búa á en þættirnir gerast einmitt í Vancouver.

22.40 Forget Me Never Hin 40 ára gamla Diane McGowin er vel metinn lögfræðingur sem er greind með Alzheimers sjúkdóminn. Hún er staðráðin í að hafa uppi á fólki í sömu aðstæðum og stofna stuðningshóp. Með aðalhlutverk fara Mia Farrow og Martin Sheen.

0.10 Cheers (e) **0.40** Boston Public **1.20** John Doe **2.05** Óstöðvandi tónlist

ERLENDAR STÖÐVAR

SKY NEWS

Fréttir allan sólarhringinn.

CNN INTERNATIONAL

Fréttir allan sólarhringinn.

FOX NEWS

Fréttir allan sólarhringinn.

EUROSPORT

12.45 Car Racing: Le Mans 24 Hours France **14.15** Football: UEFA European Women's Championship England **16.15** Football: World Cup Germany **18.00** Beach Volley: Swatch-fivb World Tour Switzerland **18.45** Tennis: ATP Tournament 's Hertogenbosch Netherlands **19.30** Motorsports: Motorsports Weekend **20.00** Champ Car: World Series Portland United States **22.00** News: Eurosportnews Report **22.15** Football: FIFA Confederations Cup Germany **23.15** News: Eurosportnews Report

BBC PRIME

12.00 Classic EastEnders **13.00** EastEnders Omnibus **15.00** Extreme Animals **15.30** Weird Nature **16.00** One Foot in the Grave **16.30** My Hero **17.00** A Place in France **17.30** The Life Laundry **18.00** Monarch of the Glen **19.00** Property People **20.00** Escape to the Country **21.00** SAS Survival Secrets **22.00** Medical Mysteries **22.50** Table 12 **23.00** Battlefield Britain **0.00** Dan Cruickshank Under Fire **1.00** Suenos World Spanish

NATIONAL GEOGRAPHIC

12.00 Built for the Kill **13.00** Battlefront **14.00** The Heroes of Telemark **16.30** Battlefront **17.00** Expeditions to the Edge **18.00** World's Best Demolitions **19.00** Kansai Airport **20.00** Air Crash Investigation **21.00** Paranormal? **22.00** The Sea Hunters **23.00** Kansai Airport **0.00** Quest for the Phoenicians

ANIMAL PLANET

12.00 Big Cat Diary **13.00** Wild Indonesia **14.00** Austin Stevens – Most Dangerous **15.00** In Search of the King Cobra **16.00** Horsetails **16.30** Zoo Story **17.00** Lyndal's Lifeline **18.00** Big Cat Diary **19.00** Wild Indonesia **20.00** State of the Great Ape **22.00** Pet Rescue **22.30** Breed All About It **23.00** Wildlife SOS **23.30** Aussie Animal Rescue **0.00** Austin Stevens – Most Dangerous **1.00** Crocodile Hunter

DISCOVERY

12.00 World Biker Build-Off **13.00** Mummy Autopsy **14.00** Wild Weather **15.00** Why Intelligence Fails **16.00** Building the Ultimate **16.30** Massive Engines **17.00** Battle of the Beasts **18.00** American Chopper **19.00** Secret Life of Formula One **22.00** American Casino **23.00** War Surgeons **0.00** Scene of the Crime

MTV

12.00 No Apologies – Nirvana's MTV History **12.30** Guitar Bands Weekend Music Mix **13.00** MTV Live **14.00** TRL **15.00** Dismissed **15.30** Just See MTV **16.30** Punk'd **17.00** World Chart Express **18.00** Dance Floor Chart **19.00** Switched On **19.30** Wild Boyz **20.00** Top 10 at Ten **21.00** Pimp My Ride **21.30** MTV Mash **22.00** MTV Live **23.00** Just See MTV

VH1

13.00 Top 20 Most Memorable Video **15.00** Top 20 Covers **17.00** Top 20 Guitar Riffs **19.00** Top 20 Risque Videos **21.00** VH1 Rocks **21.30** MTV at the Movies **22.00** VH1 Hits

CLUB

12.40 City Hospital **13.35** Famous Homes & Hideaways **14.00** Fantasy Open House **14.25** Paradise Seekers **14.50** A Taste of Barbados **15.15** The Race **16.00** Yoga Zone **16.25** The Method **16.50** Crime Stories **17.40** Single Girls **18.40** The Roseanne Show **19.25** Matchmaker **19.50** Cheaters **20.40** Spicy Sex Files **21.30** Sex Tips for Girls **22.00** Sextacy **23.00** City Hospital **0.00** In Your Dreams **0.30** Insights **1.00** The Race

E! ENTERTAINMENT

13.00 The E! True Hollywood Story **20.00** Stunts **22.00** E! Entertainment Specials **23.00** The E! True Hollywood Story **1.00** Stunts

CARTOON NETWORK

12.20 The Cramp Twins **12.45** Johnny Bravo **13.10** Ed, Edd n Eddy **13.35** The Powerpuff Girls **14.00** Codename: Kids Next Door **14.25** Dexter's Laboratory **14.50** Samurai Jack **15.15** Megas XLR **15.40** The Grim Adventures of Billy & Mandy **16.05** Courage the Cowardly Dog **16.30** Foster's Home for Imaginary Friends **16.55** Ed, Edd n Eddy **17.20** Dexter's Laboratory **17.45** Codename: Kids Next Door **18.10** The Powerpuff Girls **18.35** The Grim Adventures of Billy & Mandy

JETIX

12.20 Digimon II **12.45** Super Robot Monkey Team Hyperforce Go! **13.10** Iznogoud **13.35** Life With Louie **14.00** Three Friends and Jerry II **14.15** Jacob two-two **14.40** Ubos **15.05** Goosebumps

MGM

12.20 Semi-Tough **14.05** Robot Jox **15.30** A Midsummer Night's Sex Comedy **17.00** Toy Soldiers **18.50** Square Dance **20.40** The Dark Half **22.40** Summer Heat **0.00** Consuming Passions **1.40** The Shatterbrain **3.25** The Care Bears Movie

VIÐ MÆLUM MEÐ...

FÁTÆKASTA HVERFI KANADA

Skjáreinn **kl. 21:50**

Da Vinci's Inquest

Larry Campell var nýlega kosinn borgarstjóri Vancouver.

Hér eru á ferð sakamálaþættir um réttarrannsóknardeild í Vancouver, Kanada. Þættirnir byggja á lífi Larry Campell, metnaðarfulls og vandvirks dánardómstjóra í Vancouver, sem í starfi sínu lagði einlæga áherslu á að gera borgina sína að betri stað til búsetu. Aðalsögusviðið er fátækasta hverfi borgarinnar og hefur raunar verið kallað fátækasta hverfi Kanada. Fátæktin og fylgifiskar hennar setja mark sitt á íbúana og Larry hefur til fjölda ára barist fyrir bættari kjörum þeirra.

ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

„I remember ordering a draught, barkeep. What, are you out of brew, or has that lobotomy finally taken hold?"

Svar: Henry úr kvikmyndinni Barfly frá árinu 1987.

TALSTÖÐIN FM 90,9

9.00 Er það svo – Umsjón: Ólafur B. Guðnason e. **10.03** Gullströndin – Skemmtiþáttur Reykjavíkurakademíunnar **11.00** Messufall – Umsjón: Anna Kristine Magnúsdóttir

12.10 Staðan í fíkniefnamálum – Sigurður G. Tómasson ræðir við Þórarinn Tyrfingsson. **13.00** Hitt og þetta úr Allt og sumt e. **14.00** Menningarþáttur **15.03** Bíóþátturinn

16.00 Tónlistarþáttur Dr. Gunna. **18.00** Sannar kynjasögur eftir Cheiro. **19.00** Staðan í fíkniefnamálum **20.00** Messufall e. **21.00** Gullströndin – Skemmtiþáttur e.

BYLGJAN FM 98,9

9.00 Gæðatónlist á sunnudagsmorgni

12.00 Hádegisfréttir **12.20** Rúnar Róberts **16.00** Á tali hjá Hemma Gunn.

18.30 Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með ástarkveðju

RÁS 1 FM 92,4/93,5

8.05 Morgunandakt **8.15** Tónlist á sunnudagsmorgni **9.03** Á sumargöngu **10.15** Myndin af manninum **11.00** Guðsþjónusta í Breiðholtskirkju

12.20 Hádegisfréttir **13.00** Sakamálaleikrit Útvarpsleikhússins, Lesið í snjóinn **14.10** Stofutónlist á sunnudegi **15.00** Eins og dýr í búri **16.10** Listahátíð í Reykjavík 2005:

18.28 Illgresi og ilmandi gróður **19.00** Íslensk tónskáld: Atli Heimir Sveinsson **19.50** Óskastundin **20.35** Sagnaslóð **21.15** Laufskálinn **21.55** Orð kvöldsins **22.30** Teygjan

23.00 Í leit að glataðri veröld

ÚTVARP SAGA FM 99,4

12.40 MEINHORNIÐ

13.00 FRELSIÐ **14.00** Torfi Geirmundsson hársnyrtir – þáttur um hár og hárhirðu **15.00** Áfengisforvarnarþáttur

16.00 Endurflutningur frá liðinni viku.

RÁS 2 FM 90,1/99,9

7.05 Morguntónar **9.03** Helgarútgáfan **12.20** Hádegisfréttir

12.45 Helgarútgáfan **16.08** Rokkland

18.00 Kvöldfréttir **18.28** Tónlist að hætti hússins **19.00** Sjónvarpsfréttir og Kastljósið **19.30** Fótbolta- og handboltarásin **22.10** Popp og ról

1.10 Ljúfir næturtónar

AÐRAR STÖÐVAR

FM 95,7 Effemm / Zúúber tónlistarstöðin
FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp
FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni
FM 96,7 Létt / Tónlist og afþreying
FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni
FM 89,5 Kiss / Nýja bítið í bænum
FM 88,5 XA-Radió / 12 spora efni
FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying
FM 104,5 Radió Reykjavík / Tónlist og afþreying



▶ **15.45 &**

23.10

Íþróttir

ÁLFUKEPPNIN. Tveir leikir eru á dagskrá en annar er í beinni go það er viðureign Mexíkó og Brasilíu.

SÝN

9.30 Hnefaleikar (Glen Johnson – Antonio Tarver) **11.00** US Champions Tour 2005 **11.55** Bandaríska mótaröðin í golfi

12.45 US Open 2005 **15.45** Álfukeppnin. Bein útsending frá leik Grikklands og Japans í Frankfurt. **18.00** US Open 2005. Bein útsending frá síðasta keppnisdegi á Opna bandaríska meistaramótinu í golfi.

▶**23.10** Álfukeppnin (Mexíkó – Brasilía) **1.00** NBA (Úrslitakeppni)

TCM

19.00 Never So Few **21.00** Alex in Wonderland **22.55** Lady L **0.40** Ringo and His Golden Pistol **2.10** The Happy Years**HALLMARK**
12.45 Dinotopia **14.15** The Incident **16.00** Ivana Trump's For Love Alone **17.45** The Legend of Sleepy Hollow **19.15** Gunpowder, Treason & Plot **21.00** Lonesome Dove: The Series **21.45** Carla **23.30** Lonesome Dove: The Series **0.30** Gunpowder, Treason & Plot **2.15** Carla

BBC FOOD

12.00 Delia's How to Cook **12.30** A Cook's Tour **13.00** Chalet Slaves **13.30** The Best **14.00** The Rankin Challenge **14.30** Wild Harvest **15.00** The Naked Chef **15.30** Ready Steady Cook **16.00** Secret Recipes **17.00** Ainsley's Meals in Minutes **17.30** Worrall Thompson **18.30** Ready Steady Cook **19.00** Ching's Kitchen **19.30** Safari Chef **20.00** Can't Cook Won't Cook **20.30** A Cook's Tour **21.30** Ready Steady Cook

DR1

12.05 Hamlet **16.00** Bamses Billedbog **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Fint skal det være **17.30** OBS **17.40** Vagn i Japan **18.10** Landsbyhospitalet **19.00** TV Avisen **19.15** Søndag **19.45** Søndagssporten med SAS liga **20.10** Mål: Præsidenten **21.40** En privat affære

SV1

13.45 The Voice **14.15** Drömmarnas tid **15.00** Kunskapsriket **16.00** På fisketur med Lars & Bård **16.30** Anki och Pytte **17.00** Så här går det till på Saltkråkan **17.30** Rapport **17.50** Har du hört den förut? **18.00** Sportspegeln **18.30** Fotboll: För-VM **20.15** Zapp me [Sápmi] **20.45** Jorden med Anna Charlotta **21.15** Rapport **21.20** Design 365 **21.25** The Shining **22.55** Sändning från SVT24

VISA BIKARINN

NÆSTU LEIKIR – 32 liða úrslit í *VISA*-bikarkeppni karla

Dagur	Tími	Lið			Völlur
19. júní sunnudagur	14.00	Fjarðarbyggð	–	Fram	Eskifjarðarvöllur
	16.00	KS	–	Fylkir	Siglufjarðarvöllur
	16.00	ÍR	–	Þór	ÍR-völlur
	16.00	Leiftur/Dalvík	–	ÍBV	Ólafsfjarðarvöllur
	16.00	Njarðvík	–	Völsungur	Njarðvíkurvöllur
	17.00	Huginn	–	KA	Seyðisfjarðarvöllur
	19.15	Leiknir R.	–	KR	Leiknisvöllur
	19.15	Hvíti riddarinn	–	HK	Varmárvöllur
	19.15	Víkingur Ó.	–	Breiðablik	Ólafsvíkurvöllur
20. júní mánudagur	18.15	Reynir Á	–	Valur	Árskógsvöllur
	19.15	Afturelding	–	Víkingur R.	Varmárvöllur
	19.15	Fjölnir	–	Keflavík	Fjölnisvöllur
	19.15	Víðir	–	FH	Garðsvöllur
	19.15	Haukar	–	Þróttur R.	Ásvellir
	19.15	Stjarnar	–	Grindavík	Stjörnuvöllur

Ný síða, www.visa.is/bikarinn, og getraunaleikur

Á nýrri síðu, www.visa.is/bikarinn, er hægt að fylgjast með öllu um VISA-bikarinn. Þar eru m.a. viðtöl við leikmenn, umfjöllun um leiki og getraunaleikur þar sem spáð er fyrir um úrslit leikja, en í aðalvinning er utanlandsferð fyrir tvo auk fjölda aukavinninga.

VISA BIKARINN

VISA styður íslenska boltann

HRÓSIÐ

...fá íslenskar konur fyrir samstöðu um réttindi sín, baráttuþrek og óendanlega fegurð og gæsku. Einnig fyrir að láta verkin tala og skunda á Þingvöll til að treysta sín heit á kvennadaginn.

HIN HLIÐIN

HIN HLIÐIN Á BÚA BENDTSEN DAGSKRÁRGERÐAMANNI Á XFM OG GÍTARLEIKARA BRAIN POLICE

Harður rokkari en mjúkur maður

Hvernig ertu núna? Sjaldan verið betri.
Augnlitur: Gráblár og beautiful.
Starf: Dagskrárgerðarmaður á XFM.
Stjörnumerki: Fiskur.
Hjúskaparstaða: Í sambúð.
Hvaðan ertu? Vesturbæingur í húð og hár.
Helsta afrek: Litli strákurinn minn hann Alexander Bendtsen.
Helstu veikleikar: Ég er alltof mjúkur.
Helstu kostir: Sennilega hvað ég er mjúkur. Svo er kostur að þekkja Andra Frey.
Uppáhaldssjónvarpsþáttur: The Contender á Skjá einum.
Uppáhaldsútvarpsþáttur: Capone.
Uppáhaldsmatur: Kjúklingabringur að hætti konunnar.
Uppáhaldsveitingastaður: Dominos pizza.
Uppáhaldsborg: Kaupmannahöfn, þar sem ég er af dönskum aðalsættum. Berlín kemur líka sterk inn, hún er New York Evrópu.
Mestu vonbrigði lífsins: Ég hef yfirleitt haft það helvíti gott.
Áhugamál: Ég er gítarnörd og safna hljóðfærum. Er líka með bíladellu.
Viltu vinna milljón? Nei. Því meiri peningar, því meiri vandræði.
Jeppi eða sportbíll: Bæði.
Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú yrðir stór? Eins og komið er stefnir ekki í að ég verði stór. Barnadraumurinn var að verða atvinnumaður í fótbolta eða tónlistarmaður.
Hver er fyndnastur? Andri Freyr og Gói leikari.
Hver er kynþokkafyllst(ur)? Konan mín.
Trúir þú á drauga? Nei.
Hvaða dýr vildirðu helst vera? Schäffer-hundur.
Hvaða dýr vildirðu ekki vera? Mús eða ánamaðkur.
Áttu gæludýr? Nei, en ég átti Schäffer-tík, Tönju, sem er nú lögguhundur í Vestmannaeyjum.
Besta kvikmynd í heimi? Scarface.
Besta bók í heimi? Orðabók ástarinnar.
Næst á dagskrá? Að fara með stöðinni á Hróarskeldu, halda áfram að búa til tónlist með Brain Police og sinna stráknum.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

FRÉTTIR AF FÓLKI

Eins og Fréttablaðið greindi frá fyrir skömmu er **Björn Jörundur Friðbjörnsson** hættur sem ritstjóri karlatímaritsins *bogb*. Forsvarsmenn Fróða leita nú logandi ljósi að eftirmanni hans og hafa margir verið nefndir til sögunnar, þar á meðal **Guðmundur Arnarson** blaðamaður á *Séð og heyrt* og mágur **Bjarna Brynjólfssonar** ritstjóra. Sagan segir að **Katrín Anna Guðmundsdóttir**, talskona Femínistafélagsins, hafi einnig sótt um starfið og þá vísað til þess að blaðið hafi fallið í lestri og höfði ekki nægilega mikið til kvenna. Eins og kunnugt er hefur Femínistafélagið gagnrýnt *bogb* harkalega og því spurning hvort um grín sé að ræða hjá Katrínu Önnu. Hún hefur ekki viljað láta hafa neitt eftir sér um málið en bíður nú spennt eftir svari frá Fróðamönnum.

DAVÍÐ KRISTINSSON: FYLGIR ÞVÍ SEM HANN PREDIKAR

Lífstílsþerapisti með meirus

„Næringar-og lífsstílsþerapisti, einkaþjálfari og golfkennari“ stendur á auglýsingaskilti neðst í Listagilinu á Akureyri, nánar tiltekið í Kaupvangsstræti. Þar er átt við Davíð Kristinsson sem er eini lífsstílsþerapistinn á Íslandi. Hann hefur lært hjá þekktum heilsuræktargúru í Bandaríkjunum, Paul Chek. „Golfkennarinn minn dró mig út í þetta því að ég var að nota fæðubótaefni, töflur og prótínduft, og hann fór að kenna mér að nota bara góða næringu og sleppa fæðubótaefnunum,“ segir Davíð. „Ekkert duft og engar pillur, það er ekkert mál,“ segir hann en hann fann árangur strax og ákvað þá að sérhæfa sig í ráðgjöf fyrir aðra.

Davíð er búinn með tvö stig af þremur í náminu og snýr aftur út að ári liðnu til Danmerkur til að taka þriðja stigið. „Munurinn á mér og venjulegum næringarfræðingi er að ég fer líka í lífsstílinn og ég er ekki bara að predika þetta gamla frá íslenska ríkinu. Það er hver og einn með sín efnaskipi og það þarf að finna rétt næringarplan fyrir hvern einstakling,“ segir Davíð. Svefn, streita, melting, matarvenjur, og afeitrunarkerfi líkamans eru atriði sem Davíð fer yfir með viðskiptavinunum. „Það verður að vinna með líkamann sem eina heild, það er ekki nóg að taka bara mataræðið. Það er mjög mikið farið út í andlega hlutann, því það er oft það sem þarf að laga. Svo notum við í þessu svolítið af Tai Chi, Qi Gong og Zone æfingum við streitu.“ Davíð segir aðferðina hafa góð áhrif á sykursjúka og fólk með krabbamein og jafnframt vinnur hann mikið með fólki sem hefur mjólkur- og glútenóþol.

„Þetta er ekki megrunarkúr, heldur lausn til frambúðar og alls ekki flókið matarræði. Ég legg áherslu á lífrænt ræktað hráefni og eins lítið af unnu fæði,“ segir Davíð. En hvað er hægt að borða í staðinn fyrir prótínstangirnar eða kexið um eftirmiðdaginn? „Óhert hnetusmjör og epli,“ segir Davíð Kristinsson lífstílsþerapisti.

rosag@frettabladid.is



DAVÍÐ KRISTINSSON „Meðferðin hefur sýnt fram á mjög góðan árangur fyrir þá sem ég hef hjálpað, en þú verður að vera tilbúinn til þess að láta hjálpa þér,“ segir Davíð lífstílsþerapisti.

Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu sennilega fengið Fréttablaðið í morgun.

En til vonar og vara skaltu nú klippa út þetta símanúmer, ramma inn og hengja upp á vegg (t.d. hjá bréfalúgunni), þú getur þá **hringt í það ef Fréttablaðið kemur einhvern tímann ekki.**

NÚMERIÐ SEM ÉG ÆTLA AÐ HRINGJA Í EF FRÉTTABLAÐIÐ KEMUR EKKI:

550 500

FRÉTTABLAÐIÐ

Í minningu færeyskra sjómanna

Friðrik Erlingsson rithöfundur vinnur nú, ásamt félaga sínum Davíð Samúelssyni, að heimildarmynd um siglingu Kútters Jóhönnu í minningu færeyskra sjómanna sem létust í seinni heimsstyrjöldinni þegar þeir voru að flytja fisk á milli Íslands og Bretlands.

Friðrik og Davíð sigldu meðal annars með Kútter Jóhönnu frá Færeyjum til Íslands en skipið kom að landi á Norðfirði á sjómannadaginn. Nú bíða þeir félagar eftir því að skipið komi aftur að landi í Vogum á Suðurey en þar mun för skipsins enda eftir viðkomu í Aberdeen.

„Þetta verður hálftíma löng mynd sem mun standa sjónvarpsstöðvunum til boða. Hún verður einnig gefin út hér á landi ásamt fleiri myndum sem tengjast þessu efni,“ sagði Friðrik í samtali við Fréttablaðið, rétt áður en hann stökk upp í flugvél á leið til Færeyja. „Við ákváðum að gera efni um tengsl þjóðanna, frá 1880 og fram yfir seinni heimsstyrjöldina. Á þeim tíma voru samskipti þjóðanna sennilega meiri en nokkurn tímann fyrr. Það er svo ótal margt sem við eigum Færeyingum að þakka, þeir kenndu til dæmis Austfirðingum útgerð. Það eru margir sem brosa við því en það bros getur nú frosið allharkalega þegar fólk kynnir sér hvað Færeyingar hafa fært okkur mikið og hvað við eigum þeim mikið að þakka. Það er kominn tími til að Íslendingar geri sér grein fyrir því að heimalandið nær aðeins lengra og að Færeyingar eru meira eins og bræður okkar og systur frekar en frændur.“

Hluti myndarinnar um Kútter Jóhönnu er þegar komin í eftirvinnslu en þeir félagar ætla að taka á móti skipinu þegar það kemur til Voga á Suðurey á fimmtudag. Þar verður jafnframt haldin minningarathöfn um sjómennina sem létust í seinni heimsstyrjöldinni.

Friðrik hefur sagt skilið við auglýsingabransann að svo stöddu en hann hefur síðustu ár unnið á Íslensku auglýsingastofunni. „Ég útskrifaðist sem auglýsingateiknari árið 1983. Nokkrum árum síðar var nafninu breytt í grafískan hönnuð sem ég hef aldrei skilið. Ég fékk því að setja á nafnspjaldið mitt afrískur könnuður. Mér fannst það segja meira um starfið en grafískur hönnuður,“ segir Friðrik í gamansömum tón.

FRIÐRIK ERLINGSSON Friðrik og Davíð Samúelsson reka nú saman Endurreisnarfélagið sem vinnur að ráðgjöf, viðburðum og menningartengdri ferðaþjónustu.

Ótrúlegt úrval

af sófasettum á vaxtalausu tilboði

Eingöngu fáanlegt í Hagkaupum Smáralind og á markaði Hagkaupa Óseyri 1 Akureyri

Sérsmíðum eftir þínum þörfum.
Þú velur áklæði, stærð og gerð og við smíðum fyrir þig.

Allir sérsmíðaðir hornsófar* á tilboði þessa viku

Vaxtalaus verðsprengja!
aðeins **8.325*** kr á mán. í 12 mánuði

Verð nú 99.900,-

Verð áður 149.900,-

*Stærð 2 sæti x horn x 2 sæti

Leðursófasett 3+1+1 3167

Hornsófi tau áklæði Paris

Hornsófi leður áklæði 3130

Leðursófasett 3+1+1 3002

Leðursófasett 3+1+1 3057

Leðursófasett 3+1+1 3171

Leðursófasett 3+1+1 3058

Leðursófasett 3+1+1 3166

Leðursófasett 3+1+1 3004

Bycast sófasett 3+1+1 Roma

Leðursófasett 3+1+1 Nice

Leðursófasett 3+1+1 Verona

Gildir til 1. júlí eða á meðan birgðir endast.
*Stimpil- , seðil- og lántökugjald ekki innifalið.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**

ABCD INTERNATIONAL
Kerfisveggir
ÍSLENZKA VERZLUNARFÉLAGIÐ
Askalind 5 • 201 Kópavogur • Sími 564 5500
Fax 564 5555 • isv@isv.is • www.isv.is

BAKÞANKAR

ÞORBJARGAR S. GUNNLAUGSDÓTTUR

Mömmur funda ekki

Í dag eru 90 ár liðin síðan konur fengu kosningarétt. Kosningarétturinn er sennilega einn stærsti áfangi jafnréttisbaráttunnar. Margar konur kannast við vísuna um að ömmum okkar hafi verið sagt að jafnrétti næðist fram með kosningarétti kvenna. Næsta kynslóð trúði því að lykillinn að jafnrétti væri menntun. Og hvað eigum við þá að segja dætrum okkar?

VIÐHORFSBREYTING er algengt svar. Auðvitað er viðhorfsbreyting ekki galið svar. En það er óneitanlega erfiðara við að eiga. Viðhorfsbreytingu er nefnilega ekki hægt að ná fram með einni aðgerð. Mér varð hugsað til viðhorfa fyrir skömmu þegar ég kvaddi 3 ára dóttur mína með þeim orðum að ég væri á leiðinni á fund. Mömmur fara ekki á fund svaraði hún ákveðið. Áður hefur hún andmælt því að stelpur spili fótbolta og að stelpur séu þingmenn. Hún var reyndar tilbúin að draga í land með þingið þegar hún heyrði að stelpur gætu verið þingkonur. Skoðun hennar á fótboltaiðkun mótast sennilega af því sem hún sér í sjónvarpinu. Karlaboltinn er einfaldlega mun oftar á skjánum. Þá kallast hann að vísu fótbolti, til aðgreiningar frá fótbolta kvenna.

VINKKONA mín sagði mér frá því um daginn að ung dóttir hennar hefði sagt að pabbi væri flugmaður, en mamma væri kona. Og stundum er eins og konur séu einar um að hafa kyn. Eins og samfélagið sé myndað af almenningi og svo konum. Viðhorfin miðast ansi oft við þennan almenning sem hefur t.d. gaman af því að horfa á sjónvarp á kvöldin. Eitt kvöld í viku fær almenningur frí frá sjónvarpsglápi og þá er boðið upp á stelpukvöld á skjánum, eins og það heitir í auglýstri dagskrá.

FYRIRMYNDIR skipta máli. Það skiptir máli að börn sjái konur á þingi til að þau trúi að konur geti verið þingmenn. Þessi sannindi skipta máli fyrir bæði kyn. Ég heyrði á sínum tíma af litlum gutta sem velti því fyrir sér hvort að karlar mættu líka vera forsetar. Hann þekkti bara Vigdísi forseta og varð hvumsa þegar karlmenn buðu sig fram til embættisins.

ÞAÐ verður erfiðara að ná fram viðhorfsbreytingu en áþreifanlegum markmiðum á borð við kosningarétt og menntun. Jafnréttisbaráttan er hins vegar ekki einkamál kvenna. Karlar verða líka að vera með. Og baráttan á ekki bara að miðast við fullorðna. Börn verða að sjá að jafnrétti sé hagsmunamál allra. Þess vegna ættu foreldrar að fagna kosningarétti kvenna saman í dag með börnunum. Með því fá litlar stelpur og litlir strákar ekki aðeins að heyra að viðhorfsbreyting sé svarið, heldur sjá það með eigin augum.

Klippið hér og villist í London

LONDON EXPRESS

Leiðbeiningar

1. Fljúgðu til London (næstum ókeypis).
2. Gerðu svo bara það sem þér sýnist því úrvalið er óendanlegt. Hér er brot af því besta fyrir augu eyru, munn og maga.
Við mælum með Derren Brown í Cambridge Theatre (KAUPTU MIÐA FLJÓTT FLJÓTT!), matnum á Maze, tónleikum með Oasis og R.E.M og indversku matarhátíðinni í september.



Búðu þig undir brottför á **www.icelandexpress.is**

Verð frá **7.995 kr.***
Barnaverð **5.995 kr.***
* Verð aðra leið með sköttum. Barnaverð m.v. 12 ára og yngri og í fylgd með fullorðnum.

Iceland Express

Ferðaþjónusta Iceland Express, Suðurlandsbraut 24, sími 5 500 600

GÆÐINGARNIR ERU HÉR

Í nýlegu hefti TIME magazine birtist úttekt á öllum helstu framleiðendum heims á sviði LCD veggsjónvarpstækja. Þá kemur í ljós – eins og við reyndar vissum – að *við seljum LANG-vinsælustu veggsjónvörp veraldar*.

TIME MAGAZINE
MAY 9, 2005

Heimsmarkaðshlutdeild í LCD veggsjónvörpum:
Skv. úttekt TIME magazine



Finnst þér virkilega ástæða til að leita eitthvert annað?

SÍMI 530-2900
ORMSSON SMÁRALIND
RADIONAUST FURUVÖLLUM 5 • AKUREYRI • SÍMI 461 5000

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu